

# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • DESEMBER 2011

Viðtalið

**Kristín Norðfjörð**

**Hagnaður erlendra félaga  
skattlagður hjá innlendum eigendum**

Viðmiðunarreglur um ívilnanir

**Álagning lögaðila 2011**

# Liðsheild á tímum breytinga

Það eru rétt tæp tvö ár liðin frá því að skipulagi skattframkvæmdar hérlendis var breytt. Við sameiningu skattyfirvalda 1. janúar 2010 þegar embætti sjálfstæðra skattstjóra og ríkisskattstjóra runnu saman urðu mikil vatnaskil í stjórnsýslunni hérlendis. Eins og oft áður var aðdragandinn skammur og mjög stuttur tími leið frá samþykkt laganna um sameiningu og þar til löggin tóku gildi, eða þrettán dagar. Á undirbúningstímanum höfðu verið haldnir kynningarfundir fyrir starfsmenn skattstofa og ríkisskattstjóra um fyrirhugaðar breytingar en ekki var ljóst fyrir en sama dag og frumvarpið var samþykkt að af þessu yrði. Stuttur tími var því til undirbúnings sem gerði það að verkum að sameiningarferlið og skipulagning þess varð að fara fram samhliða öðrum störfum sem vinna þurfti. Starfsmenn höfðu því ekki sérlega mikið svigrúm til að undirbúa sig fyrir fyrstu skref komandi breytinga og flestum hefur væntanlega verið ofarlega í huga spurningin: „Hvaða áhrif hefur þessi breyting á mig?“ Meðal annars í ljósi þessa, sem og þegar horft var til þess hvernig ýmsar aðrar sameiningar stofnana höfðu gengið fyrir sig, var ákveðið að horfa í meira mæli til mannauðshlutans í sameiningarferlinu heldur en gert hafði verið víða annars staðar. Það var og í anda þeirrar stefnu sem fylgt hafði verið hjá ríkisskattstjóra um árábil að leggja meira upp úr mannauðnum heldur en gengur og gerist hjá mörgum stofnunum og fyrirtækjum.

Í sameiningu fyrirtækja eða stofnana felst ekki einvörðungu sameining húsnæðis, verkefna o.fl. heldur byggist ferlið fyrst og fremst á því fólki sem starfar á hverjum tíma hjá hlutaðeigandi stofnunum. Starfsmenn sem fyrir eru hafa eðli máls samkvæmt þróað með sér ákveðin vinnubrögð og búa við ákveðinn starfsanda og gildi. Við sameiningu skattstjóra og ríkisskattstjóra var ákveðið að kalla eftir því sem starfsmenn hefðu fram að færa varðandi vinnubrögð, markmið og leiðir. Samræma þurfti vinnubrögð á landsvísi og finna út hvernig staðarþekking og fagþekking nýttist sem best. Í stað þess að

stýra þessum breytingum ofanfrá var rík áhersla lögð á að allir starfsmenn tækju þátt í að móta nýja stofnun og grasrótin var virkjuð til þess verkefnis. Fjölmarginir vinnufundir voru haldnir þar sem starfsmenn hafa, ýmist í heild eða smærri hópar þeirra, komið að mótun nýrra vinnubragða og endurmetinna verkefna. Starfsmenn lögðu þannig sitt af mörkum við að ákveða hvernig almenn þróun stofnunarinnar yrði og hvaða áherslur yrðu ríkjandi í störfum hennar í stóru og smáu. Þá greindu starfsmenn hverjir væru helstu styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri stofnunarinnar og loks lögðust þeir

á eitt við að kortleggja hvaða gildi hafi verið ríkjandi hjá stofnuninni og hvaða sameiginlegu gildi verði höfð að leiðarljósi til framtíðar. Frá sameiningunni hafa þannig verið haldnir fjölmarginir starfsmannafundir sem allir hafa gegnt afar mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun, en auk þess gefið starfsmönnum dýrmætt tækifæri til að kynnast samstarfsfélögum til fjölda ára vítt og breitt um landið á nýjan hátt og þannig lagt grunninn að öflugri liðsheild.

Ætíð þarf þó að hafa hugfast að sameining stofnana snýst ekki aðeins um að setja reglur, móta ferla og skipulag, heldur miklu fremur að samþætta starfsaðferðir, efla starfsanda og bæta vinnubrögð. Víða var borið niður til að fá hugmyndir að leiðum í því efni. Auk þess að virkja alla starfsmenn var leitað fanga í þeirri reynslu sem aðrar sameiningar hafa gefið og í því skyni horft til þess hvernig nágrannaþjóðir höguðu sambærilegum verkefnum. Á engan er hallað þótt dregið sé fram að leiðsögn Sveins Ragnars Kristensen, ríkisskattstjóra Noregs, í sameiningarferlinu hafi skipt máli og e.t.v. verið drýgri en margt annað. Myndlíking sú um ísjakann og eðli hans sem Svein Ragnar dró upp á starfsmannafundi hjá ríkisskattstjóra í október sl. var mjög táknræn og lýsandi. Toppur borgarísjaka, hinn sýnilegi hluti hans, er ekki nema um 1/9 af heildinni og má bregða upp þeirri samlíkingu að hjá skipulagsheildum sé sá hluti starfseminnar á móta hátt hlutfall. Skipurit, ytri umgjörð



## TÍUND

### BLAÐ NR. 57

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarkalestur: Helga Valborg Steinarsdóttir.

Ljósmyndir: Logi Halldórsson, Arnaldur Halldórsson o.fl.

Forsíðumynd: Gunnar Karlsson

## EFNI BLAÐSINS

<b>Viðtalið - Kristín Norðfjörð</b> .....	<b>4</b>
<b>Hvað á barnið að heita?</b> .....	<b>10</b>
<b>Sameining skattyfirvalda</b> .....	<b>12</b>
<b>Viðmiðunarreglur um ívilnanir</b> .....	<b>16</b>
<b>Þjónusta ríkisskattstjóra</b> .....	<b>19</b>



um starfsemi, framkoma starfsfólks, lög, verkferlar, og annað skipulag er sýnilegt og ræður almennt ásýndinni. Undir því yfirborði sem við blasir hvíla svo hin raunverulegu gildi og stofnanamenning sem ræður því hvernig störfín eru unnin, hvernig starfsandi ríkir og hvaða vinnubrögð eru höfð í hávegum.

Ef ætlunin er að hafa áhrif á framkvæmd, þ.e. hinn sýnilega hluta starfsemi, er nauðsynlegt að átta sig vel á hvaða undirliggjandi þætti þarf að taka með í reikninginn og taka mið af þeim í breytingaferlinu. Á sama tíma og neðri hluti borgarísjaka getur verið varasamur skipum ræðst flotkraftur hans af þeim massa og því má ekki vanmeta viðtekna starfshætti og einblína á yfirborðið eitt þegar kemur að breytingum á vinnustöðum og vinnumenningu. Vanmat á hinum almenna starfsmanni, upplifun hans á breytingum og því sem hann stendur fyrir getur orðið örlogaríkt þegar kemur að því að hugsa upp á nýtt það sem mestu skiptir í almennum vinnubrögðum og viðhorfum. Í sameiningarferli ríkisskattstjóra hefur verið gætt vel að þessum þáttum og ekki aðeins hlustað á það sem starfsmenn hafa haft fram að færa jafn óðum heldur leitað eftir að þeir segðu sínar skoðanir á reynslunni af ýmsum atriðum ásamt því að taka margvíslegar sjálfstæðar ákvarðanir. Vel kann að vera að sameiningarferli skattýfirvalda hafi tekist betur en margra annarra einmitt þess vegna.

Varla er þess að vænta að jafn róttæk aðgerð og að steypa mörgum sjálfstæðum einingum í eina stofnun taki skemmri tíma en þrjú til fjögur ár. Enda þótt hingað til hafi e.t.v. haldist betur á spöðunum en flestir þorðu að vona er viðbúið að sameiningarferlið setji áfram mark sitt á stofnunina. Því þarf að halda áfram í nýsköpunarferlinu og festa endurmetin og breytt vinnubrögð í sessi með því að leggja rækt við starfsmenn og þá stofnanamenningu sem þeir hafa tekið þátt í að móta og tryggja þannig vellíðan starfsmanna og velferð starfseminnar í heild.

Myndlíkingin um borgarísjakann á reyndar við um ýmislegt fleira. Ef ekki er vandað til lagasetningar er hætt við að framkvæmdin misfarist. Mikil andstaða gegn setningu löggjafar á tilteknum sviðum gæti almennt leitt til þess að framkvæmdin skili ekki árangri þrátt fyrir vilja löggjafarvaldsins. Mörg dæmi eru um slíkt sem ættu að vera víti til varnaðar. Því miður virðist sem of margir horfi einungis til efsta hluta ísjakans þegar



**Skúli Eggert Þórðarson**  
ríkisskattstjóri



**Inga Hanna Guðmundsdóttir**  
starfsmannastjóri

verið er að leggja á ráðin um breytingar, hvort heldur það eru skipulagsbreytingar, lagabreytingar eða annars konar breytingar á ríkjandi fyrirkomulagi. Oft á tíðum er það hinn huldi hluti ísjakans sem mest áhrifin hefur og skiptir sköpum þegar spurt er að leikslokum.

Stjórnendur og aðrir sem taka ákvarðanir, hvort heldur um er að ræða opinberar stofnanir eða einkaaðila, þurfa því að vera meðvitaðir um það sem undir yfirborðinu býr, hvort unnt sé að breyta því og þá með hvaða hætti. Almennt er þannig farsælast að hafa grasrótina í huga, eða það sem gæti leynst neðan sjólínu svo sama myndlíking sé notuð áfram, áður en ráðist er í stórtækar ráðstafanir sem ætlað er að hafa mótandi áhrif til framtíðar.

Borgarísjakinn og hin myndræna framsetning hans á sér þannig víða hliðstæður. Í þeim felst að almennt sé betra að hafa aðgát og yfirvegun áður en ákvarðanir eru teknar. Það eru raunar almenn sannindi sem allir ættu jafnan að hafa hugfast.

<b>Hagnaður erlendra félaga skattlagður hjá innlendum eigendum</b> .....	<b>22</b>
<b>Norrænt samstarf</b> .....	<b>27</b>
<b>Duldar launagreiðslur eru meinsemd</b> .....	<b>30</b>
<b>Skattframkvæmd fyrr á árum</b> .....	<b>32</b>

<b>Álagning lögaðila 2011</b> .....	<b>38</b>
<b>Dómar</b> .....	<b>48</b>
<b>Úrskurðir</b> .....	<b>52</b>
<b>Lokaorðið</b> .....	<b>54</b>
<b>Upplýsingatafla</b> .....	<b>56</b>



# Virðisaukaskatturinn er **krefjandi** viðfangsefni





Ástæða þess að ég sótti um starf hjá embætti ríkisskattstjóra er einföld. Ég hafði tekið skattarétt sem kjörgrein í laganáminu. Ég taldi skattarétt ákaflega hagnýtt nám enda snertir skatturinn líf og athafnir fólks frá vöggu til grafar. Í þessu námi voru kynntar hugmyndir um staðgreiðslu og virðisaukaskatt sem mér fundust áhugaverðar og ég taldi líklegt að myndu þróast og verða að lögum hér á landi fyrr eða síðar. Ég reyndist sannspá að þessu leyti. Hitt sá ég ekki fyrir að ég ætti eftir að fá tækifæri til að koma að mótun og framkvæmd þessara skattkerfa beggja síðar á lífsleiðinni.

Það lá því beint við að sækja um auglýst starf í staðgreiðsludeild ríkisskattstjóra haustið 1987. Ég sá ekki eftir því, enda vinnan við staðgreiðsluna mikið ævintýri. Þegar ég hóf störf var allt komið á fleygiferð í staðgreiðsludeildinni og starfsmenn voru undir gríðarlegu álagi. Ég tók meðal annars þátt í að mæta á vinnustaði, halda kynningarfundi og veita svör í álitamálum, stórum og smáum. Embættið tölvuvæddist um þetta leyti og fyrir marga starfsmenn opnaðist alveg nýr heimur og vinnulag tók miklum framförum. Þeir sem stóðu að undirbúningi á upptöku staðgreiðslunnar lyftu grettistaki og leystu á ótrúlega skömmum tíma vandamál af margvíslegum toga. Þeim kafla var lokið þegar ég kom að málum því fyrsti dagur minn í starfi var sá sami og lög um staðgreiðslu opinberra gjalda tóku gildi, þ.e. 1. janúar 1988, eða svo hélt ég. Ýmsu var nefnilega ólokið þó innheimta væri hafin og ég tók þátt í að móta ýmis lagaleg álitamál fyrstu árin eftir upptöku staðgreiðslunnar. Þar reyndi á víðtæka þekkingu á lögfræðinni almennt, ekki aðeins skattaréttinum heldur einnig stjórn-sýsluréttinum, sem þá var ólögbundinn, og ýmsum öðrum fræðigreinum lögfræðinnar. Þessi tími var mér dýrmætur, sérstaklega að fá að kynnast þeim góðu mönnum sem þarna störfuðu hjá ríkisskattstjóra-embættinu. Þarna var gríðarleg reynsla samankomin sem var mér ómetanleg.

- Viðtalið -

## Kristín Norðfjörð

*Kristín Norðfjörð lögfræðingur hefur starfað við skattframkvæmd í aldarfjórðung og var í forystusveit skattstofunnar í Reykjavík um árabil. Nú eru að verða breytingar á hennar högum með því að hún lætur af störfum hjá ríkisskattstjóra. Það var því við hæfi að Tíund tæki hús á þessari skeleggu konu sem hefur látið gamminn geisa í virðisaukaskattsframkvæmdinni. Óneitanlega verður sjónarsviptir af því þegar hún lætur endanlega af störfum. Kristín hefur aldrei legið á skoðunum sínum og gerir það heldur ekki nú.*

### Í skattstjórastóli

Sumarið 1992 urðu skattstjóraskipti á Akureyri. Hallur Sigurbjörnsson sem verið hafði skattstjóri í Norðurlandsumdæmi eystra í 30 ár var að láta af störfum og nýr maður hafði verið skipaður í hans stað. Það stóð þannig á að nýi skattstjórinn gat ekki tekið við embættinu á tilteknum degi og ég var því beðin að fara norður og brúa bilið sem þarna myndaðist. Þetta var eftir verslunarmannahelgi og mikill annatími í skattkerfinu eins og jafnan þegar álagningin liggur fyrir og menn þurfa að fá góðar leiðbeiningar. Mér fannst ekkert tiltökumál að fara norður en ég er ekki alveg viss um að það hafi vakið mikla kátínu þar að fá einhverja konu frá Reykjavík til að sinna verkefninu. Í flugvélinni á leiðinni norður rifjaði ég upp nöfnin á hreppunum sem heyrðu undir embættið því mér fannst vissara að hafa þau á takteinum þegar ég hitti gjaldendur. Þegar fólk kom og vildi hitta skattstjórann „sinn“ var þeim vísað á skattstjóraherbergið. Menn rétt stungu inn nefinu og spurðu: „Get ég ekki fengið að hitta skattstjórann?“ Þeir voru óvanir því að sjá konu í skattstjórastóli en atvikin höguðu því þannig að ég var fyrsta konan til að gegna embætti skattstjóra, þótt tíminn væri stuttur. Dvölin fyrir norðan var mér auðvitað mikils virði og margt nýtt lærðist á þessum tíma. Þegar kom að því að kveðja hafði

# Skattstjóri í 12 daga

– Kristín Norðfjörð fyrst kvenna sem skattstjóri á Íslandi

„Þetta bar brátt að og er skemmtileg lífsreynsla. Ég kveið engu því mér var ljóst að ég kæmi að skemmtilegu starfi og góðu mannlífi,“ segir Kristín Norðfjörð, lögfræðingur, sem gegnir tímabundið stöðu skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra.

Kristín er fyrsta konan sem gegnir stöðu skattstjóra á Íslandi. Hún er lögfræðingur að mennt, útskrifuð frá Háskóla Íslands 1978. Ættir á hún að rekja í fæðingurætt norður á Melrakkasléttu en er Reykvikingur. Eiginmaður Kristínar er Þorvaldur Búason, edlisfræðingur, og þau hjón eiga þrjá syni.

„Ég hóf störf hjá ríkisskattstjóra fyrir fimm árum sem lögfræðingur þá er staðgreiðslukerfið var tekið upp. Þann 5. ágúst tók ég við embættisfærsluni á Akureyri og lét af störfum nk. mánudag er Sveinbjörn Sveinbjörnsson kemur til starfa. Af



Kristín Norðfjörð

einn starfsmanna fengið konu sína til að baka pönnukökur. Slíkt gleymist ekki.

## Skattstofan í Reykjavík

Haustið eftir dvöl mína á Akureyri bauðst mér starf deildarstjóra launþegadeildar á skattstofu Reykjavíkur. Ég sló til, enda hafði ég nú öðlast nokkra reynslu af því að vinna á skattstofu. Húsnæðið í Tryggvagötu hafði nýlega verið endurnýjað og miklar skipulagsbreytingar voru fyrirhugaðar. Mér þótti gott að koma í miðbæinn, þar hafði ég bæði unnið og búið á árum áður og mér fannst spennandi að fá

skammri dvöl er mér ljóst að gott er að búa á Akureyri og bærinn er fallegur. Ég hverf til fyrri starfa, en áður ætla ég að taka mér sumarfrí og njóta þess í ríkum mæli,“ sagði Kristín Norðfjörð. Ój

tækifæri til að taka þátt í góðum breytingum á skattstofunni. Á þessum tíma var verið að auka samskipti við stofnanir fyrir eldra fólk vegna framtalsgerðar og var bæði gefinn kostur á aðstoð á skattstofunni og farið á stofnanirnar. Einnig var boðin framtalsaðstoð á skattstofunni fyrir aðra sem þurftu sannarlega á slíkri aðstoð að halda. Þetta var mikilvægt og þakklátt starf sem hélt lengi en hefur nú að stórum hluta verið leyst með áritun á skattframtöl. Þegar litið er aftur í tímann, svo sem eins og 20 ár, og það vinnulag sem þá tíðkaðist er skoðað þá bæði undrast maður og gleðst yfir þeim öru framförum sem hafa orðið. Einkatölvur voru ekki almennar á þessum tíma né notkun veraldarvefsins. Tölvu- og pósthúsið tíðkaðist ekki, notkun faxtækja var að verða almenn en farsímar voru hins vegar aðeins fjarlægur draumur. Í dag getur hinn almenni launþegi gengið frá framtali sínu næstum því með því að ýta á einn takka. Það eru sannarlega breyttir tímar.

## Virðisaukaskattur

Ári eftir að ég hóf störf á skattstofunni var ég skipuð skrifstofustjóri virðisaukaskattsskrifstofu. Þetta voru mjög heillandi tímar, virðisaukaskatturinn var nýkominn á, innheimta hófst 1. janúar 1990 og mér fannst þetta mjög spennandi. Skrifstofustjórastarfið var auðvitað mjög krefjandi og það varð eiginlega ævistarfið mitt. Nýtt húsnæði á þriðju hæð Tollhússins hafði nýlega verið tekið í notkun fyrir nýju skrifstofurnar, eftirlitsskrifstofu og virðisaukaskattsskrifstofu, og aðbúnaður var allur til fyrirmyndar. Mjög hafði verið vandað til verka við undirbúning að upptöku virðisaukaskattsins enda mikið í húfi. Hugmyndin í upphafi var að aðeins yrði eitt skatthlutfall og allt yrði með einföldu sniði. Þau fyrirheit stóðust ekki því strax árið 1992 voru skattþreppin orðin

tvö. Virðisaukaskatturinn var vart búinn að slíta barnsskónum þegar ég hóf störf og mörg flókin verkefni biðu úrlausnar. Grundvallarbreyting var gerð á lögnum viku eftir að ég byrjaði þegar að skatthlutfall á nokkrum vöru- og þjónustuflokkum var fært úr 24,5% í 14%, aðallega á matvælum, en auk þess var skattstofninn breikkaður töluvert. Þessi breyting var liður í umfangsmiklum efnahagsaðgerðum til að styrkja stöðu íslensks efnahagskerfis gagnvart vaxandi erlendri samkeppni. Skemmt er frá því að segja að virðisaukaskatturinn tók ýmsum breytingum, stórum og smáum, allan tímann sem ég starfaði og eru breytingar á lögum um virðisaukaskatt orðnar um 60 talsins.

Í stöðu minni sem skrifstofustjóri hafði ég auðvitað tækifæri til að koma með ábendingar um eitt og annað sem betur mátti fara að mínu viti. Eitt af því sem ég hafði áhuga á var að stuðla að betri samræmingu í skattkerfinu og ég man að eitt af því fyrsta sem ég lagði til var að álagið á virðisaukaskattinum yrði fært úr 20% í 10% til samræmis við álagið í staðgreiðslunni. Það var ekkert sérstaklega vel tekið í tillöguna í fyrstu, sitt sýndist hverjum, og sumum þóttu það ekki vera góð skilaboð til þeirra sem áttu að skila skattinum að slaka á kröfum um skil, en breytingin var nú samt gerð. Ýmislegt hafði verið að breytast á þessum tíma, t.d. voru lög um stjórnsýslu sett árið 1993, samkeppnislög árið 1993 og lög um umboðsmann Alþingis árið 1997. Stjórnsýslulögin höfðu töluverð áhrif á skattstjórnsýsluna, sérstaklega á málsmeðferðina.

Starfið sem ég valdi var krefjandi en það átti ágætlega við mig að vera í þessu ati alla daga og tíminn leið ótrúlega hratt. Eftir á að hyggja hefur það verið býsna ánægjulegt að hafa fengið tækifæri til að koma að framkvæmd og mótun

Úrklippa úr dagblaðinu *Degi* sem gefið var út á Akureyri þegar Kristín varð skattstjóri þar fyrst kvenna á Íslandi.





virðisaukaskattkerfisins með góðum starfsmönnum sem margir eru ennþá starfandi í virðisaukaskattinum. Það má heldur ekki gleymast að virðisaukaskatturinn hefur alla tíð verið lang stærsti einstaki tekjustofn ríkisins og skilað allt að þriðjungi tekna þess.

Því miður kom það fljótlega í ljós að þeir sem höfðu lund til reyndu að svíkja undan virðisaukaskatti og, það sem verra var, að sækja fé í ríkissjóð. Ég var ekki búin að vinna lengi þegar að fyrsta alvarlega virðisaukaskattsvikamálið kom upp, sem var bæði umfangsmikið og býsna ljótt og hefur gengið undir auðkenninu Vatnsberamálið. Á þessum tíma höfðum við heilmikið samstarf við eftirlitið og skattrannsóknarstjóra ríkisins en Vatnsberamálið fór einmitt þangað og sætti síðan rannsókn og venjulegri dómsmeðferð.

Almennt er ég þeirrar skoðunar að eftirlitið í virðisaukaskattinum sé aldrei

”

***Stjórnsýslulögin höfðu töluverð áhrif á skattstjórnsýsluna, sérstaklega á málsmeðferðina. Það verður að segjast eins og er að starfið sem ég valdi var krefjandi en það átti ágætlega við mig að vera í þessu ati alla daga og tíminn leið ótrúlega hratt***

nógsamlegt. Skatturinn er þannig að hann þarfnast eftirlits og mér fannst ég aldrei hafa nægjanlegan mannafla til þess.

#### **Erlent samstarf**

Sumarið 2002 fékk ég tækifæri til að kynna mér virðisaukaskattsframkvæmd í Danmörku. Þar var margt að læra því danskir skattamenn eru afskaplega færir og vilja

hafa afdráttarlausar reglur. Danirnir hrifust af hinu einfalda íslenska skattkerfi bæði hvað varðar staðgreiðsluna og virðisaukaskattinn, töldu það vera til fyrirmyndar og hrósuðu Íslendingum fyrir að hafa tekist að koma þessum stóru breytingum í gegn án teljandi vandkvæða. Eitt vakti athygli mína í Danmörku og það var hversu meðvitaður hinn almenni borgari var um það



*Kristín Norðfjörð með nokkrum samstarfsmönnum sínum af virðisaukaskattsskrifstofunni. Þau eru: Guðrún Ólafsdóttir, Ragnhildur D. Þórhallsdóttir, Þórólfur Tómasson, Bjarney Þ. Runólfsdóttir, Anna Svanborg Júlíusdóttir, Vigfús Óðinn Vigfússon og Björn Ingi Jósefsson.*



að til að geta haldið uppi velferðarkerfinu yrðu menn að greiða skatta sína, ekki síst virðisaukaskatt. Auglýsingaspjöld voru víða, t.d. með myndum af leikskólum og sjúkrahúsum sem áminning um það að ekki væri unnt að halda uppi góðu velferðarkerfi nema menn greiði skattana sína. Töluverð umfjöllun var í blöðum um aðgerðir sem skattyfirvöld voru að takast á við og áberandi auglýsingar frá skattkerfinu. Hugsunarháttur Dana fannst mér að þessu leyti ólíkur því sem maður átti að venjast á Íslandi.

### Úrbætur í skattframkvæmd

Fljótlega eftir heimkomuna velti ég því fyrir mér hvernig unnt væri að innleiða eitthvað af þeim reglum sem Danir höfðu lögfest, sérstaklega í sambandi við áætlanir og skil á virðisaukaskatti. Þær hugmyndir voru kynntar og ræddar innan skattkerfisins og komu oft til skoðunar, en svo virtist sem jarðvegurinn væri ekki tilbúinn. Þegar nýr ríkisskattstjóri var skipaður haustið 2006 sagði hann við það tækifæri að hann teldi það forgangsverkefni í skattkerfinu að fækka áætlunum, ekki síst í virðisaukaskatti. Þarna var þá kominn rétti tíminn til að rifja upp dönsku reglurnar. Setti ríkisskattstjóri fljótlega á stofn starfshóp sem átti að gera skýrslu um áætlanir í virðisaukaskatti en þær voru á þessum tíma orðnar heilmikið vandamál. Ég var formaður starfshópsins og skilaði hópurinn skýrslu í ársbyrjun 2008. Þar voru settar fram nokkrar tillögur til úrbóta svo sem að ríkisskattstjóra yrði veitt heimild til að fella aðila af skrá ef viðkomandi væri áætlaður samfellt í tvö ár eða lengur, heimilt yrði að krefjast sérstaks gjalds hjá aðilum sem skiluðu skýrslu eftir að hafa verið áætlaðir, og síðast en ekki síst að unnt yrði að gera strangar kröfur til aðila sem óskuðu eftir skráningu á virðisaukaskattsskrá ef þeir hefðu forsögu í skattkerfinu, svo sem vegna gjaldþrots.

Með lögum nr. 163/2010 voru flestar af tillögunum sem settar voru fram í skýrslunni lögfestar og tóku gildi um síðustu áramót. Það var ánægjulegt að sjá þessar tillögur verða að veruleika. Nú þegar er komin reynsla á lagabreytingarnar og ljóst að áætlunum hefur fækkað til muna og skil á virðisaukaskatti hafa batnað verulega. Með þessum breytingum var stigið mikilvægt skref til að stemma stigu við áætlunum og gera auknar kröfur til þeirra sem óska þess að komast á virðisaukaskattsskrá. Ekki er hægt að ljúka umfjöllun um virðisaukaskatt nema minna á að þessi skattur er í eðli sínu afskaplega flókinn og margbrottinn. Nú eru í gildi tvö skattþrep ásamt núllþrepi auk þess sem fjöldi undanþága og endurgreiðslumöguleika er til staðar. Slíkt flækjustig eykur áhættu í skattkerfinu og þar með hættu á að þær glufur sem myndast verði nýttar til skattundanskota af óheiðarlegum aðilum. Virðisaukaskatturinn krefst mikillar umhirðu og stöðugs eftirlits og það hefur að mínu mati ekki verið tekið nærri nógu mikið tillit til þess, til dæmis hvað varðar mannafla. Það ætti að leggja allt kapp á að ná til þeirra sem stunda óskráða starfsemi og hafa ekki tilkynnt sig til skattyfirvalda. Sumar atvinnugreinar hafa verið taldar áhættusamari en aðrar í þessu tilliti svo sem í byggingarstarfsemi, í veitingastarfsemi, í starfsemi varðandi bifreiðþjónustu og í starfsemi varðandi ýmis konar persónulega þjónustu. Flestir eru reiðubúinir að greiða þá skatta sem þeim ber ef þeir eru meðvitaðir um að aðrir standi einnig í skilum við skattyfirvöld. Skattundanskot verða að uppgötvast og viðhorfsbreyting þarf að eiga sér stað.

Skattframkvæmd er þannig að verkefni tæmast aldrei og í virðisaukaskatti er aldrei neinn skortur á verkefnum. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að efla þurfi yfirferð á innskattshluta virðisaukaskattsskila. Í ljósi þess hve virðisaukaskatturinn

er mikilvægur tekjustofn ríkisins þarf hann ekki aðeins almennt eftirlit heldur einnig virka umhirðu eins og ég nefndi hér að framan, og það hlýtur að vera verkefni fjárveitingarvaldsins að sjá til þess að skattyfirvöld geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Í undirbúningi er einnig að breyta virðisaukaskattsskýrslunni sjálfri þar sem komi fram meiri upplýsingar frá framteljendum, einkum um innskattsfærslur, til þess að unnt verði að fylgjast betur með forsendum innskattsfrádráttarinnar. Ugglaust eiga sömu sjónarmið um eftirlit við um fleiri þætti skattframkvæmdarinnar þó ég hafi dregið virðisaukaskattinn út úr, en það helgast vitaskuld af því að ég þekki hann best eftir störf mín þar.

### Sameining skattumdæma

Um áramótin 2009-2010 tóku gildi lög nr. 136/2009 þar sem meðal annars kemur fram að landið er gert að einu





skattumdæmi undir yfirstjórn ríkisskattstjóra. Skattumdæmin voru sameinuð í eitt umdæmi og eitt stjórnsýslustig. Staðbundin valdmörk féllu niður og ákvarðanir eru nú teknar óháð búsetu. Þetta var löngu tímabært og hafði margt oft verið rétt þannig að það átti ekki að koma neinum á óvart. Við þessa breytingu var embætti skattstjórans í Reykjavík lagt niður og þó að okkur sem þar störfuðum þætti það, út af fyrir sig, miður þá fannst mér sjálfri kominn réttur tími til að hætta og samdist svo að ég héldi áfram í nokkra mánuði meðan verið væri að festa breytingarnar í sessi. Eftir það fékk ég að taka þátt í að endurskoða nokkra kafla í handbók um virðisaukaskatt sem var gott verkefni. Vonandi verður handbókin aðgengileg á netinu áður en langt um líður.

Mér sýnist á öllu að sameining skattfyrvalda hafi tekist betur en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Þar skiptir mestu

”

*Í ljósi þess hve virðisaukaskatturinn er mikilvægur tekjustofn ríkisins þarf hann ekki aðeins almennt eftirlit heldur einnig virka umhirðu og það hlýtur að vera verkefni fjárveitingarvaldsins að sjá til þess að skattfyrvöld geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu*

að hlusta á það sem almennir starfsmenn hafa fram að færa, svo og viðskiptamenn. Ég minnst sérstaklega nokkurra starfsmannafunda sem haldnir voru eftir sameininguna, hvað þeir voru ánægjulegir en fyrst og fremst gagnlegir, og undirstrikuðu að sameiningarferlið var í reynd samvinna almennra starfsmanna og stjórnenda.

Enda þótt ég sé að láta af störfum hjá skattfyrvöldum þá mun ég áfram kenna námskeið um virðisaukaskatt við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands svo ég sleppi ekki hendinni af virðisaukaskattinum alveg á næstunni.

Að lokum þakka ég öllum samstarfsmönnum fyrr og síðar ánægjuleg kynni og samstarf á liðnum áratugum.

# Hvað á barnið að heita?

Þegar einkahlutafélagi er valið nafn ber fyrst og fremst að fara eftir ákvæðum laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.



## Bryndís Gunnlaugsdóttir

er lögfræðingur að mennt. Hún starfaði áður hjá Útlendingastofnun og PwC en hefur verið sérfræðingur í fyrirtækjaskrá frá haustdögum 2010.

„Góðan daginn

*Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við nýskráningu ofangreinds félags*

**1) Nafn:** *Ekki er hægt að skrá félagið undir nafninu Bolli ehf. þar sem nú þegar er til einkahlutafélag sem heitir Bollinn ehf. og eru nöfnin því of lík. Vinsamlegast veljið annað nafn og breytið stofngögnum í samræmi við það.“*

Slík skilaboð valda oft mikilli óánægju því eins og í dæminu sem lýst var hér að ofan þá var heimasíða tilbúin, nafnspjöld, lógó, skilti og svo mætti lengi telja. Þá vaknar upp spurningin á hvaða grundvelli fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sé heimilt að synja um skráningu firmaheitis.

## Lagarammi er fyrirtækjaskrá starfar eftir varðandi firmaheiti

Þegar einkahlutafélagi er valið nafn ber fyrst og fremst að fara eftir ákvæðum laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903, sbr. 6. mgr. 1. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, en jafnframt er höfð hliðsjón af lögum um vörumerki nr. 45/1997, sérstaklega 4. gr. laganna, sbr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Samkvæmt 8. gr. firmalaga skal hver sá er rekur verslun, handiðnað eða verksmiðjuðnað hlýða ákvæðum II. kafla laganna um nafn það er hann notar við atvinnuna og um undirskrift fyrir hana (firma), enda beri fyrirtækið og atvinnustarfsemi þess nöfn sem samrýmist íslensku málkerfi að dómi skrásetjara.

Markmiðið með ákvæðum um firmanöfn er að tryggja það að viðskiptamaður félagsins hafi ávallt aðgang

að þýðingarmiklum upplýsingum um það, þ.e. að hann geti ávallt séð hvern hann er að semja við. Meginreglan er sú að firma sé eitt og óskipt fyrir sama fyrirtæki. Lögverndun firmaheitis hefur mikla þýðingu fyrir eiganda firmaheitisins á þann hátt að vernda þá viðskiptavild sem hann hefur skapað firma sínu með erfiði sínu og fjármunum, auk þess sem firmanafn getur verið trygging almennings fyrir þeim vörum sem firmað býður fram. Þá verður að telja að lögverndað firmaheiti sé einnig varið af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar sem fjárhagsleg verðmæti sem gengið geti kaupum og sölum milli manna.

Sú grein firmalaga sem kemur hér fyrst og fremst til skoðunar er 10. gr. laganna.

## Í 1. mgr. segir;

„Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis. Í firma má eigi nefna fyrirtæki er ekki standa í sambandi við atvinnuna; eigi má heldur halda firma því óbreyttu, er tilgreinir ákveðna atvinnugrein, ef veruleg breyting hefir verið gerð á henni.“

## 2. mgr. hljóðar svo;

„Firmu þau, er sett eru á skrá fyrir sama kaupstað eða hrepp, skal greina glögg hvert frá öðru. Sá sem tilkynnir firma með nafni sínu, skal því ef samnefnt firma er þegar sett á skrá fyrir einhvern annan í sama kaupstað eða hrepp, greina firma sitt glögg frá hinu eldra firma með viðauka við nafn sitt eða á annan hátt.“

Eftir margra ára undirbúning má segja að barnið sé loksins fætt og viðskiptahugmyndin komin á framkvæmdastig. Eftir miklar vangaveltur hefur loksins verið ákveðið hvað verslunin og félagið utan um verslunarreksturinn skuli heita, Bolli ehf. – grípandi og einfalt. Búið er að hanna lógó í samræmi við nafnið, setja upp heimasíðu, prenta nafnspjöld og skilti í verslunina og það eina sem vantar er kennitala á félagið. Með bros á vör er farið með stofnpappíra ásamt tilkynningu til launagreiðendaskrár og virðisaukaskattsskrár í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og starfsmaður í afgreiðslunni tilkynnir að kennitalan ætti að vera tilbúin eftir einn til þrjú daga ef gögnin eru fullnægjandi. Kennitalan ætti því að vera tilbúin tímanlega fyrir opnun. Daginn eftir bíður tölvupóstur frá RSK í pósthólfi verslunarinnar sem að sjálfsgöðu er í samræmi við firmanafnið og heimasíðuna. Pósturinn er opnaður um leið, enda liggur á að fá kennitöluna svo hægt sé að hefja reksturinn. Skilaboðin sem birtast á skjánum eru þó alls ekki þau sem búist var við:



*Sá sem eigi tilkynnir firma, en ætlar að reka atvinnu með nafni sjálfs sín (sbr. 16. gr.), má ekki stæla skrásett firma, sem hefir sama nafn, með því að bæta við nafn sitt, fella úr því eða breyta.“*

Við úrlausn á því hvað teljist nafn annars manns sem ekki má nota án hans leyfis þá er meginreglan sú að teljist heiti almennt, eins og síld, fiskur, steinn, nes, kaffi, bíll, verktaki, sól, ís eða flug, svo dæmi séu tekin, þá er ekki unnt að banna öðrum notkun orðsins eða heitisins, svo fremi hann aðgreini sitt firmanafn frá því sem þegar kann að vera til skráð með þessu heiti. Einnig er það regla að reki maður atvinnu að ákveðnum stað sem tengdur er við örnefni eða ákveðið staðarheiti, þá sé eigi heldur unnt að banna mönnum að tengja það heiti við atvinnustarfsemi sína, svo framarlega að þeir aðgreini með einhverjum hætti sitt firmaheiti frá öðru sem kann að vera til á skrá með sama heiti. En sé heitið til þess fallið að greina vörur og þjónustu fyrirtækis frá svipaðri vöru eða þjónustu annarra, t.d. með samsetningu tveggja almennra heita eins, þá er um lögverndað heiti að ræða sem öðrum er ekki heimilt að nota án leyfis skráðs rétthafa.

Samkvæmt 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kemur fram að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni sem hann á tilkall til á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

Í 3. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 kemur fram hvornig vörumerkjarettur getur stofnast. Hann getur hvort tveggja stofnast með skráningu eða með notkun vörumerkis sem er og hefur verið notað hér á landi fyrir vöru eða þjónustu sbr. 1. og 2. tölul. greinarinnar. Þá kemur fram í 4. gr. laganna að í vörumerkjaretti felist að aðrir en eigandi vörumerkis megi ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem eru eins eða lík vörumerki hans ef notkunin tekur til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu, eða ef hætt er við ruglingi á merkjunum. Ennfremur kemur fram í 26. gr. laganna að vörumerkjavernd hefjist á þeim degi sem umsókn um skráningu er lögð fram og gildi í tíu ár frá og með skráningardegi.

Frá hausti 2006 hefur fyrirtækjaskrá markvisst haft hliðsjón af vörumerkjaskrá áður en kveðið er upp úr um það hvort tiltekið nafn á félagi sé laust til skráningar í fyrirtækjaskrá. Áður var það á ábyrgð þeirra sem óskuðu skráningar firmaheitis að ekki reyndist til skráð vörumerki sem kæmi í veg fyrir skráningu heitisins í fyrirtækjaskrá. Eftir fund með Einkaleyfastofu haustið 2006 varð það að samkomulagi að skrárnar tvær tækju mið hvor af annari við mat á því hvort firmaheiti/vörumerki teldist laust til skráningar.

Meginreglur auðkennaréttar eru þær að eigandi auðkennis njóti eingöngu verndar ef notkunin tekur til svipaðrar vöru eða þjónustu. Vörumerkjaskrá greinist í marga flokka eftir starfsemi eða svonefnda þjónustu- og vöruflokka og getur því sama vörumerki verið skráð á mismunandi eigendur eftir flokkum. Fyrirtækjaskrá er hinsvegar bara ein skrá og verður sama firmaheiti bara skráð einu sinni í skrána.

### **Verklag fyrirtækjaskrár**

Eins og sjá má af ofangreindu er lagaramminn sem notast þarf við þegar athugað er hvort firmaheiti sé laust til skráningar ansi víður og lögin um firmannöfn veita litla leiðbeiningu enda eru þau síðan 1903 og mikið hefur breyst í þjóðfélaginu síðan þá. Það er því vandasamt verk er starfsmenn fyrirtækjaskrár sinna þegar farið er yfir firmaheiti áður en þau eru skráð í félagaskrá. Eins og nefnt var í upphafi greinarinnar þá er ekki heimilt að skrá Bolli ehf. ef til er Bollinn ehf. þar sem almenna reglan er sú að ekki er skráð sama orð í félagaskrá, óháð falli eða tölu, þar sem talið er eðlilegt að aðilar geti beygt firmanafn án þess að fara inn á firmarétt annars aðila. Þær reglur er fyrirtækjaskrá starfar eftir hafa því mótast hægt og rólega frá 1903 og eru að miklu leyti byggðar á dómaframkvæmd, úrskurðum og þeim tilvikum er hafa komið upp varðandi firmaheiti. Þegar farið er yfir hvort firmaheiti brjóti gegn rétti annars aðila er einnig reynt að horfa heildstætt á allt er viðkemur félaginu, nafn, staðsetningu, tilgang og svo mætti lengi telja.

### **Fyrirkomulagið á Norðurlöndum**

Varðandi fyrirkomulag á Norðurlöndunum má segja að hægt sé að skipta löndunum í tvo hópa. Annars vegar eru það Danmörk og Noregur og hins vegar Svíþjóð, Finnland og Ísland. Í Danmörku og Noregi eru skráð öll firmaheiti svo lengi sem þau eru ekki til nákvæmlega eins á skrá. Þar af leiðandi myndu Danmörk og

Noregur skrá Bolli ehf. og Bollinn ehf., alveg óháð því hvort tilgangur félaganna væri sá sami og ef til vill lögheimili félaganna í sömu götu í sama kaupstað. Deilumál er koma upp varðandi slík firmaheiti eru því leyst innan stjórnisýslunnar eftir að vandamálið kemur upp. Getur því komið fyrir að félagi sé gert að breyta um firmaheiti eftir á ef í ljós kemur að það brjóti gegn betri rétti annars.

Í Svíþjóð og Finnlandi eru sambærileg vinnubrögð og á Íslandi. Þar er reynt að komast hjá því að skrá félög sem hugsanlega geta brotið gegn betri rétti annars aðila. Það eru kostir og gallar sem fylgja báðum aðferðum. Í Noregi og Danmörku er hægt að skrá félögin hraðar þar sem ekki er fylgst eins vel með hugsanlegum brotum á firmarétti félaga, og einnig er sú ábyrgð lögð á félögin að fylgjast með því að enginn sé að brjóta gegn firmarétti þeirra. Gallinn við kerfið þar er að þá þarf aðili sem telur brotið á sínu firmaheiti að fara í mál eftir að firma hefur verið skráð. Gæti því brotið hafa staðið yfir um einhvern tíma áður en úrskurður fæst og firma er skráð. Gallinn við íslenska kerfið, sem er svipað því sænska og finnska, er sá að mikill tími starfsmanna fer í að skoða hvort ný firmaheiti brjóti gegn núverandi skráðum firmaheitum, og þar sem lögin geta aðeins veitt ákveðna leiðsögn er um mikið mat að ræða. Einnig getur komið upp sú staða að fyrirtækjaskrá sé of ströng í sínum vinnureglum enda mjög erfitt að móta verklagsreglur þar sem huglægt mat skiptir miklu máli og ómögulegt að setja reglur sem ná yfir öll hugsanleg dæmi.

### **Niðurstaða**

Ljóst er að firmalögin frá 1903 eru komin til ára sinna og nauðsynlegt að setja ný lög varðandi firmaheiti. Mikilvægt er að þegar farið verður í þá vinnu taki viðskiptalífnið virkan þátt og vegi og meti kosti og galla mismunandi aðferða sem eru við lýði á Norðurlöndunum. Þegar Svíar fóru í þá vinnu að skrifa ný firmalög var upphaflega lagt upp með að vera með sama kerfi og Norðmenn og Danir, þ.e.a.s. skrá allt sem er ekki nú þegar á skrá. Eftir miklar vangaveltur og umræður í viðskiptalífni var þó ákveðið að halda áfram þeirri aðferð sem nú er við lýði, þ.e. að reyna að koma í veg fyrir hugsanleg brot áður en til skráningar kemur. Báðum kerfum fylgja kostir og gallar og því er nauðsynlegt að þessi umræða fari fram svo hægt sé að taka meðvitaða ákvörðun um í hvaða átt við eigum að fara varðandi lagasetningu um firmaheiti.

# Sameining skattyfirvalda – einu skrefi á undan

Ríkisskattstjóri og skattstjórar voru sameinaðir í eina stofnun hinn 1. janúar 2010. Lögðust þá af staðbundin embætti sjálfstæðra skattstjóra. Undirbúningstíminn var skammur – nokkrar vikur og mánuðir á árinu 2009 eftir að tillögur um sameininguna lágu fyrir, og aðeins 13 dagar liðu frá því að frumvarpið var samþykkt og þar til löggin tóku gildi.





Þeir sem fylgdu sameiningunni úr hlaði lögðu á það áherslu strax í upphafi að starfsfólkið á skattstofunum og hjá gamla RSK væri lykillinn að því að sameiningin myndi heppnast sæmilega vel. Strax var ljóst að til þess að ná árangri við framkvæmd sameiningarinnar yrði að stórefla allt upplýsingaflæði og leita sameiginlegra ráðagerða um margvísleg atriði. Myndaður var fjöldi starfshópa, blásið til funda með öllum starfsmönnum og stefnumótun skipulögð í áföngum.

Hugmyndavinna var fyrsta skrefið í uppbyggingunni, næst var mótun markmiða og að ákveða leiðir. Tveggja



ára vinna við þetta starf var að baki í haust og var þá komið að svokallaðri SVÓT greiningu, þ.e. að fá starfsmenn til að meta hverjir væru helstu styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri embættisins. Loks voru gildi hinnar nýju stofnunar metin og hugmynda leitað hjá starfsmönnum. Ugglaust mun mótun gilda verða erfiðleikum bundin, einkum vegna þess að ekki er unnt að hafa mörg gildi. Þar verða vandkvæðin að velja úr þeim góðu gildum hver skuli verða í forgrunni.

Í október var sem oftast haldinn starfsmannafundur og var á þeim fundi sérstakur gestur, Svein Ragnar Kristensen ríkisskattstjóri í Noregi. Fjallaði Svein Ragnar um áherslur norskra skattfirvalda og þróun skattframkvæmdar í Noregi. Þar ítrekaði Svein mikilvægi fagmennsku og sjálfvirkni í þjónustu. „Einu skrefi á undan“ var þema fyrirlestrar hans. Fundarmenn gerðu góðan róm að fyrirlestri Sveins og þakka honum hugulsemina og einlægán vilja til að liðsinna íslenskum skattamönnum.



*Svein Ragnar Kristensen ríkisskattstjóri í Noregi flutti áhugaverðan fyrirlestur fyrir starfsmenn RSK.*



*Anna María Baldvinsdóttir,  
Steinþór Haraldsson, Guðrún Ásta  
Sigurðardóttir og Elín Norðdahl.*



*Á myndinni má m.a. sjá Harald  
Hansson, Hjálmar Viggósson,  
Dragönu Zastavnikovíc, Guðlaug  
Ellertsson, Magneu Bjarnadóttur,  
Margréti Högnadóttur, Sólveigu  
Bjarnar Guðmundsdóttur,  
Ólaf Svavarsson og Ingunni  
Ásgeirsdóttur.*

*Hrefna Sölvadóttir,  
Sigurbjörg Björgúlfssdóttir og  
María Björk Traustadóttir.*



# Viðmiðunarreglur um ívilnanir



**Elín Alma Arthursdóttir** er viðskiptafræðingur að mennt og hefur unnið við skattframkvæmd í þrjá áratugi, m.a. á skattstofunum í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Hún sat rúman áratug í yfirsattanefnd og er sviðsstjóri fagsviðs hjá ríkisskattstjóra.

***Ívilnanir byggja m.a. á því að um veruleg útgjöld vegna tiltekinna atvika sé að ræða umfram það sem venjulegt getur talist, og sem hafa eftir atvikum skert gjaldþol viðkomandi gjaldanda. Jafnframt geta tilteknar aðstæður eða tilvik verið grundvöllur fyrir ákvörðun á ívilnun.***

Um lækkun á tekjuskattstofni (ívilnun) vegna tiltekinna atvika og aðstæðna hjá skattgreiðendum gildir 1.- 6. tölul. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Sé fallist á lækkun skal útsvarstofn lækka um sömu fjárhæð skv. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Almenn þarf að sækja um slíka lækkun samhliða skilum á skattframtali en samkvæmt 2. mgr. 65. gr. tekjuskattslaga getur ríkisskattstjóri veitt ívilnanir án sérstakrar umsóknar. Ríkisskattstjóri tekur umsókn um ívilnun sem berst með skattframtali til afgreiðslu áður en álagning opinberra gjalda er birt. Heimilt er að kæra niðurstöðu ríkisskattstjóra í almennum kærufresti sem auglýstur er að lokinni álagningu ár hvert. Kæruúrskurðum ríkisskattstjóra er unnt að skjóta til yfirsattanefndar. Þá er ríkisskattstjóra heimilt að taka til afgreiðslu umsókn um ívilnun sem berst eftir að kærufresti vegna álagningar lýkur, þó

lengst sex tekjuár aftur í tímann, talið frá því ári þegar beiðni kemur fram, enda liggja verulegir hagsmunir að baki slíkri beiðni.

Ívilnanir byggja m.a. á því að um veruleg útgjöld vegna tiltekinna atvika sé að ræða umfram það sem venjulegt getur talist, og sem hafa eftir atvikum skert gjaldþol viðkomandi gjaldanda. Jafnframt geta tilteknar aðstæður eða tilvik verið grundvöllur fyrir ákvörðun á ívilnun. Reglur um hvenær veita skuli ívilnun og með hvaða fjárhæðum verða því aldrei tæmandi að öllu leyti, enda eru ákvarðanir þar að lútandi í eðli sínu matskenndar. Við ákvörðun á ívilnunum þarf þó alltaf að gæta ákveðins samræmis.

Ríkisskattstjóri hefur sett reglur um skilyrði fyrir ákvörðun á ívilnun sem birtar hafa verið í skattalagasafni embættisins. Þær viðmiðanir hafa nú verið endurskoðaðar og skal almennt hafa hinar nýju viðmiðunarreglur til hliðsjónar við





ákvörðun á ívilnunum. Meta þarf hvert einstakt tilvik heildstætt og með hliðsjón af atvikum öllum. Ákvörðun um ívilnun byggir þannig að hluta á föstum viðmiðunum sem unnt er að beita með sama hætti í öllum sambærilegum tilvikum, og að hluta á heildstæðu mati á öllum aðstæðum og fjárhagslegri stöðu umsækjanda og því svigrúmi sem lagaákvæðið veitir.

### Ívilnunartilvik

Eftirfarandi tilvik sem kveðið er á um í 65. gr. tekjuskattslaga koma til álita við ákvörðun á því hvort tilefni sé til að lækka tekjuskatts- og útsvarstofn einstaklings með ívilnun. Engar aðrar heimildir eru fyrir hendi í lögum um tekjuskatt um lækkun á skattstofnum. Þannig kemur ekki til álita að lækka skattstofn af þeim ástæðum einum að maður hefur ætlað sér um of og ræður ekki við að greiða af skuldum sínum, eða hefur á einhvern hátt eytt um efni fram, svo dæmi séu tekin.

#### 1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.

Við mat á ívilnunum er fyrst og fremst litið á þann beina kostnað sem gjaldandi hefur orðið fyrir á tekjuárinu og er **umfram** fengnar bætur, styrki og aðrar greiðslur sem hann hefur fengið af sama tilefni. Kostnaður þarf jafnframt að vera umfram það sem venjulegt er og hafa skert

gjaldþol umsækjanda. Leggja þarf fram gögn til staðfestingar á útlögðum kostnaði og eftir atvikum læknisvottorð. Við ákvörðun á ívilnun er litið til samanlagðs kostnaðar sem til hefur fallið í sambandi við veikindi og slys. Miðað er við að alla jafna falli til einhver heilbrigðiskostnaður hjá hverjum einstaklingi, sbr. upplýsingar um grunn neysluvísitölu þar sem reiknað er með slíkum kostnaði. Er þar átt við læknishjálp, lyf og annan sambærilegan kostnað. Verður því almennt ekki ákvörðuð ívilnun vegna slíks venjulegs lágmarkskostnaðar hjá hverjum og einum. Auk þess verður að miða við að kostnaður teljist ekki verulegur fyrir en hann nemur töluvert hærrí fjárhæð en slíkri lágmarksfjárhæð sem alla jafna fellur til og gert er ráð fyrir að hver og einn standi undir.

Með heilbrigðiskostnaði í tengslum við ákvörðun á ívilnun er t.d. átt við kostnað við læknishjálp, lyfjakaup, sjúkraþjálfun, dvöl á heilsustofnunum, tæknifrjóvgun og ýmis útgjöld sem tengjast aðkeyptri aðstoð, t.d. við heimahjúkrun og þrif. Þá getur ferðakostnaður sem til fellur í beinu sambandi við veikindi eða slys, og ekki fæst endurgreiddur af öðrum, komið til álita sem grundvöllur ívilnunar. Er þar t.d. átt við kostnað vegna fargjalda, gistingar og annan beinan ferðakostnað. Einnig getur kostnaður vegna sérþarfa komið til álita við ákvörðun á ívilnun, s.s. ef breyta þarf eigin húsnæði vegna hreyfihömlunar, einstaklingur þarf að vera á einhvers konar

sérfæði vegna veikinda, eða annað slíkt sem er umfram það sem venjulegt getur talist og fellur til vegna veikinda eða slysa.

Almennt er ekki veitt ívilnun vegna kostnaðar við kaup á gleraugum og heymartækjum en til þess getur þó komið við sérstakar aðstæður, og ef kostnaður er umfram það sem slík tæki kosta að jafnaði og einstaklingi er ætlað að greiða sjálfur. Ekki er veitt ívilnun vegna kostnaðar við ættleiðingu barns en á móti tekjufærðum ættleiðingarstyrk, samkvæmt lögum um ættleiðingarstyrki, er heimilt í skattframtali að færa útgjöld að hámarki móttækinni fjárhæð styrksins.

Eftirlifandi maka er almennt veitt ívilnun vegna útfararkostnaðar hins látna maka. Ívilnun er annað hvort ákvörðuð með tiltekinni fjárhæð eða við sérstakar aðstæður samkvæmt framlögðum reikningum en þó að ákveðnu hámarki. Þá getur komið til þess að foreldrum sé veitt ívilnun vegna útfararkostnaðar barna sinna, eða eftir atvikum þeim sem greiða þann kostnað. Sama á við gagnvart þeim sem greiða útfararkostnað einstaklings sem ekki lætur eftir sig maka og bú hans er eignalaust eða eignalítið.

#### 2. Ef maður hefur barn á framfæri sem er langveikt eða fatlað.

Ef maður hefur á framfæri sínu langveikt eða fatlað barn getur komið til ívilnunar vegna kostnaðar sem er umfram venjulegan framfærslukostnað og ekki



er greiddur af öðrum, eins og t.d. hinu opinbera í formi sérstakra greiðslna eða styrkja. Almenn er höfð hliðsjón af þeim viðmiðunarreglum sem gilda að því er varðar ívilnun vegna veikinda og slysa, sbr. lið eitt að framan, enda eiga sömu sjónarmið alla jafna við. Rétt er að taka fram að umönnunargreiðslur sem foreldrar fá greiddar frá Tryggingastofnun vegna fatlaðra og langveikra barna eru skattfrjálssar greiðslur.

### **3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.**

Ef maður hefur á framfæri sínu foreldra eða aðra vandamenn er ívilnun byggð á framfærslukostnaði samkvæmt lágmarksneysluviðmiðum og sjálfsaflafé viðkomandi vandamanns. Ef um er að ræða tekjulaus ungmenni (t.d. vegna atvinnuleysis), sem eru ekki í skóla og eru á framfæri foreldra, er ákvörðun um ívilnun byggð á sömu forsendum og að því er varðar skólanema, þ.e. hámarksívilnun er 301.000 kr. við álagningu 2011 og hún skerðist um 1/3 af tekjum ungmennisins þannig að ívilnun kemur ekki til álitá ef þær tekjur náðu 903.000 kr. á tekjuárinu 2010.

### **4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.**

Almennt á ívilnun samkvæmt þessu ákvæði við um ungmenni á aldrinum 16-21 árs sem stunda nám sem ekki er lánshæft. Hámarksívilnun er 301.000 kr. við álagningu 2011, þ.e. ef ungmennið er alveg tekjulaust, en fjárhæðin skerðist um 1/3 af tekjum ungmennisins. Ívilnun af þessum sökum kemur því ekki til álitá ef árstekjur ungmennisins náðu 903.000 kr. á tekjuárinu 2010.

### **5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.**

Hér er fyrst og fremst átt við það ef eyðing eða óvenjulegar skemmdir hafa orðið á fjármunum sem ekki fást bættar af öðrum og sem hafa haft fjárhagslegar afleiðingar fyrir viðkomandi. Um verulegt tjón þarf að vera að ræða þannig að minni háttar atvik koma ekki til álitá í þessu sambandi.

### **6. Ef gjaldþol manns hefur skerzt verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.**

Ívilnun samkvæmt þessu ákvæði tekur ekki til þess ef krafa tengist atvinnurekstri. Ekki skiptir máli í þessu sambandi í hvaða formi atvinnurekstur er stundaður, enda sé eignarhlutur viðkomandi almennt ekki undir 20%. Þetta hlutfall er haft til viðmiðunar en þótt eignarhlutur sé undir 20% geta aðild og tengsl umsækjanda

við viðkomandi fyrirtæki verið með þeim hætti að tilefni sé til að líta svo á að um kröfu sé að ræða sem tengist atvinnurekstri. Þá tekur ákvæðið ekki til tapaðra hlutabréfa, stofnfjárframlaga, hlutdeildar í sjóðum eða annarrar áhættufjárfestingar.

Svo sem fram er komið þá byggja öll framangreind tilvik á skýrum lagaákvæðum sem kveða á um að við tilteknar aðstæður eða tilvik sé heimilt að lækka skattstofna. Þótt byggja þurfi ákvörðun um fjárhæð ívilnunar, ef yfir höfuð er tilefni til slíkrar ákvörðunar, á heildstæðu mati á aðstæðum umsækjanda þá verður það mat að byggjast á framangreindum lagaheimildum sem setja ákveðnar skorður í þessum efnum. Þannig geta skattyfirvöld ekki lækkað skattstofna einstakra gjaldenda á öðrum forsendum.

Ívilnun var ákvörðuð hjá 2.091 gjaldanda við álagningu 2011 og nam lækkun skattstofna samtals 697.404.792 kr. Ekki liggur fyrir nákvæm skipting á umsóknum og afgreiðslu þeirra eftir tilefnum. Af úrtaki úr heildarfjölda umsókna má þó ráða að fallist hafi verið á lækkun samkvæmt um 55% umsókna en lækkun hafi verið hafnað í um 45% tilvika. Í mjög mörgum tilvikum sem hafnað var vantaði nauðsynleg kostnaðargögn með umsókn, kostnaður var óverulegur eða upplýsingar vantaði alveg um málsatvik.



# Þjónusta ríkisskattstjóra

## Gunnar Karlsson

er viðskiptafræðingur að mennt og var hótélstjóri á Hótel Kea um margra ára skeið. Hann var skattstjóri í Norðurlandsumdæmi eystra í 13 ár og er nú sviðsstjóri einstaklingssviðs hjá ríkisskattstjóra.



Mikil endurskipulagning hefur farið fram á starfsemi embættis ríkisskattstjóra frá ársbyrjun 2010. Ljóst er að aukin sérhæfing starfa er lykilatriði í því að ná fram hagráðingu og aukinni skilvirkni. Ég mun hér ræða um þjónustu ríkisskattstjóra í viðustum skilningi þess orðs. Við sameiningu varð sérhæfing eitt af áhersluatriðunum. Í stað þess að sérhæfa starfstöðvar að fullu, sem hefði þýtt flutning starfsmanna í enn ríkari mæli milli starfsstöðva og/eða mikla kennslu vegna nýrra verkefna, þá var ákveðið að starfsemin skyldi stjórnað að mestu leyti af svonefndu verkefnaskipulagi sem gengur þvert á starfsstöðvarnar og því hefur fullri sérhæfing starfsstöðva ekki enn verið náð.

Þjónustuver RSK ber ábyrgð á símsvörun fyrir alla stofnunina og fer hún að mestu fram á Laugavegi 166 og Siglufirði, þaðan sem þjónustuverinu er nú stýrt. Auk þess eru gefin upp bein númer í tengslum við virðisaukaskattsskil, staðgreiðsluskil og framtalsskil.

Á Laugavegi er stærsta afgreiðsla embættisins en á öllum starfsstöðvum er afgreiðsla fyrir nærþjónustu. Móttaka og afgreiðsla embættisins er hluti af þjónustuverinu en þar er, auk símsvörunar, m.a. svarað öllum tölvupósti sem ekki er stílaður á einstaka starfsmenn, fyrirspurnum úr SOS (spurt og svarað) og fyrirspurnum af Norræna skattavefnum, Nordisk e-Tax.

Mikið álag er alla jafna á þjónustuveri við framtalsskil í mars-apríl og við lok álagningar á einstaklinga í júlí-ágúst ár hvert.

### Landið eitt umdæmi

Öll vinna er skipulögð á landsvísu og ákveðnir hópar sinna tilteknum verkþáttum með samræmdar verklagsreglur, t.d. við afgreiðslu beiðna um ívilnanir og handreikning. Verkum er skipt á starfsmenn með sem jöfnustum hætti, óháð starfsstöðvum.

### Símsvörun

Sérstök talvél og skiptiborð voru tekin í notkun mánudaginn 14. mars sl. Þá færðist þunginn af þjónustuverinu yfir á framtalsaðstoðina, símavakt þar sem framteljendur gátu fengið upplýsingar um og aðstoð við skil á framtali.

Hefðbundið val þegar hringt er inn: Fyrirtækjaskrá – þjónustuver – skiptiborð.

Á ákveðnum tímum, t.d. í framtalsfresti eða þegar álagning er lögð fram, er hægt að breyta talvél til samræmis:

*Veldu 1 ef þig vantar aðstoð við skattframtalið, 2 ef þú vilt fá samband við fyrirtækjaskrá eða 3 ef þú vilt fá samband við þjónustuver. Ef ekkert er valið færðu samband við skiptiborð.*

**Vatns er þörf  
þeim er til verðar  
kemur,  
þerru og þjóðlaðar,  
góðs um æðis;  
ef sér geta mætti,  
orðs og endurþögu.**

(Úr gestapætti Hávamála)



Úr afgreiðslu RSK að Laugavegi 166.

Veldu 1 ef þig vantar upplýsingar vegna álagningarseðils, 2 ef þú vilt fá samband við fyrirtækjaskrá eða 3 ef þú vilt fá samband við þjónustuver. Ef ekkert er valið færðu samband við skiptiborð.

Starfsmenn þjónustuværs svara strax stórum hluta innkominna fyrirspurna, en einnig geta þeir sent símtöl áfram á einstaka starfsmenn eða svokallaða svarhópa. Það á bæði við um spurningar varðandi fagleg atriði sem og málefni einstakra framteljenda. Svarhóparnir eru mannaðir sérfræðingum, hverjum á sínu sviði.

Eftirfarandi svarhópar eru til staðar: atvinnurekstur, launþegaþjónusta, virðisaukaskattur, bifreiðaskattar, gagnaskil, alþjóðamál, fyrirtækjaskrá (beint innval), staðgreiðsla, framtalsaðstoð og upplýsingar vegna álagningar (opið hluta úr ári), tæknimál (opið hluta úr ári) og lögfræðiþjónusta. Að lokum má nefna svonefndan fagsíma um sérstök álitafni en hann er eingöngu fyrir endurskoðendur og bókara.

Meginreglan er að þegar framteljanda hefur verið vísað til sérfræðings fái hann fullnægjandi afgreiðslu. Framteljendum á ekki að vísa á milli manna, heldur skulu þeir fá afgreiðslu hjá þeim starfsmanni sem er á sérfræðivakt. Ef viðkomandi starfsmaður nær ekki að ljúka málinu sjálfur skal hann taka niður nafn og símanúmer,

afla upplýsinga eða vista erindið með öruggum hætti hjá þeim starfsmanni sem er tilbúinn að afgreiða það og hringja til baka í framteljandann.

og hlutlausar upplýsingar. Einnig að svar tími sé sem stystur, tímasetningar standist og að komið sé fram við framteljendur af kurteisi og vinsemi.

**Staðreyndin er...**

Það er miklu auðveldara að veita góða þjónustu en slæma.

Auk þess er það miklu skemmtilegra og skilar miklu betri árangri

### „The Best Service is No Service“

**Auðvelt aðgengi – auðveld samskipti.**

**Að auðvelt sé fyrir framteljendur að gæta réttinda og rækja skyldur.**

Við viljum veita góða þjónustu en spurningin er þá með hvaða móti? Það er mikilvægt að framteljendur geti farið sémilega sáttr frá borði, að þeim sé sýnd kurteisi og þeim leiðbeint. Þetta á m.a. við um sérfræðivaktirnar, að bréf séu vel og kurteislega orðuð og að sjálfsögðu um nærþjónustu, þ.e. þá þjónustu sem veitt er í afgreiðslum starfsstöðvanna hvar sem er á landinu.

Á síðustu árum hefur orðið mikil breyting varðandi afstöðu til þjónustu opinberra stofnana. Kröfur samfélagsins hvað þetta varðar hafa aukist og margar stofnanir, sem fyrir fáum árum litu ekki á það sem hlutverk sitt að veita þjónustu, hafa nú sem eitt af markmiðum sínum að veita góða þjónustu.



Í raun má segja að „The Best Service is No Service“, en þá er fyrst og fremst átt við sjálfsafgreiðslu á netinu. Leggja þarf enn meiri áherslu á að gjaldendur geti í sem ríkustum mæli afgreitt sig sjálfir hvernær og hvar sem er. Það gildir um ýmsar umsóknir, vottorð, tilkynningar, gagnaskil og fleira sem snýr að samskiptum við stofnunina. Meginreglan ætti að vera að hægt sé að fylla í eyðublöð á netinu, senda inn, fylgjast með afgreiðslu og fá úrlausn mála. Bið í afgreiðslum yrði styttri og heimsóknnum myndi fækka.

Í samræmi við það er verið að þróa nýjan farveg fyrir rafræn erindi, kærur og leiðréttingarbeiðnir einstaklinga og lög- aðila um þjónustusiðuna skattur.is og gera hana enn aðgengilegri en nú er. Jafnframt að hægt verði að fylla út eyðublöð á netinu og senda þau inn um þennan rafræna farveg. Þegar erindi og annað er sent í gegn um þjónustusiðuna er það í gildi undirskriftar þar sem farið er inn á síðuna með veflykli.

Rafræn framtalsskil eru eitt stærsta skrefið í þessari þróun rafrænna samskipta við framteljendur og þau, ásamt fyrirkomulagi varðandi miðlæga framtalsaðstoð RSK, hafa átt mikinn þátt í að breyta ásýnd embættisins út á við.

Markmiðið er að gera framtalsskilin sem auðveldust og er stóraukin áritun upplýsinga inn á framtalið stór liður í því, auk þess að gera viðmótið eins þjált og hægt er. Auðveldara er nú að nálgast leiðbeiningar við útfyllingu eða yfirferð rafræna framtalsins inni í framtalinu sjálfu og stöðugt er unnið að því að bæta upplýsingavefinn rsk.is og þjónustuvefinn skattur.is.

Í byrjun árs 2012 verður líkt og fyrri ár lögð mikil áhersla á að gagnaskil verði sem allra best, bæði varðandi skil á launamiðum, svo og verktakamiðum, hlutafjármiðum, upplýsingum um bifreiðahlunnindi o.fl. Auk þessara upplýsinga eru áritaðar á skattframtölin upplýsingar um fasteignamat frá fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, skuldir við Íbúðalánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna, ökutækjæign samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu og síðast

en ekki síst áritun inneigna og skulda frá fjármálafyrirtækjum. Segja má að þegar þær upplýsingar fengust til áritunar hafi stærsta áfanganum verið náð í að meirihluti framteljenda fengi því sem næst fullútfyllt framtal í hendurnar.

Á síðasta ári var í fyrsta skipti boðið upp á svokallað einfaldað skattframtal fyrir þá sem uppfylltu tiltekin skilyrði. Þeir sem fengu þetta framtal gátu lokið gerð þess í fimm skrefum með því að skila því í gegnum þjónustusiðu sína á skattur.is. Unnið er að því að á næsta ári geti enn fleiri fallið í þann hóp sem fær áritað einfaldað skattframtal.

Við leggjum því m.a. áhersla á að:

- Gagnaskilin séu stórefld.
- Sjálfsafgreiðsla framteljenda á vefnum og villuprófun sé aukin við skil þannig að framtölin komi enn réttari inn.
- Enn fleiri falli undir „einfaldað skattframtal“.
- Fækka áætlunum.
- Framtöl fái sambærilega meðhöndlun hvort sem þau eru afgreidd fyrir eða eftir álagningu.
- Standast tímamörk.
- Vinna áfram að þróun og samræmingu ýmissa verkferla og verklags.
- Upplýsingar séu aðgengilegar og skýrt fram settar.
- Framkoma starfsfólks RSK sé vinsamleg.

Eitt af megin markmiðum ríkisskattstjóra er að stofnunin sé á hverjum tíma mönnum hæfu starfsfólki sem leggi sig

fram um að þjónusta almenning og fyrirtæki í landinu, og annað markmið er að stofnunin ræki skyldur sínar lögum samkvæmt. Afar mikilvægt er að tryggja fullt jafnræði framteljenda, bæði jafnræði í skattalegu tilliti og að jafnvægi ríki á milli dreifibýlis og þéttbýlis. Eins þarf að tryggja rétt skattgreiðenda eða, eins og sagt hefur verið, „réttan skatt með réttum hætti“.

Með stórauknu magni upplýsinga frá þriðja aðila, sem áritaðar eru inn á framtölin, og með rafrænum skilum eru upplýsingar á framtölum stórs hóps framteljanda það tæmandi og áreiðanlegar að framteljendur þurfa aðeins að sannreyna að þær séu réttar og staðfesta með sendingu framtalsins. Áður en framtalinu er skilað fer fram ákveðin villuprófun og framteljandinn fær ábendingar um villur eða skekkjur sem kunni að vera í framtalinu. Og eins og áður sagði er veitt umfangsmikil aðstoð við framtalsgerðina í framtalsfresti, bæði í síma og á starfstöðvum ríkisskattstjóra.

Allt þetta leiðir til þess að framtölin koma réttari inn, minna verður um leiðréttingar fyrir eða eftir álagningu og kærur fækkar.

## Að lokum

Góð þjónusta í formi greinargóðra upplýsinga og aðstoðar eykur traust og tiltrú almennings á skattkerfinu, léttir undir með framteljendum og skilar sér í bættum skattskilum og réttari álagningu.

Hulda Pálsdóttir  
starfsmaður á kráasviði.



# Hagnaður erlendra félaga skattlagður hjá innlendum eigendum

**Ragnheiður Björnsdóttir** er lögfræðingur að mennt. Hún starfaði hjá Tryggingastofnun ríkisins um skeið en hefur verið verkefnastjóri hjá ríkisskattstjóra í röskan hálfan áratug og haft umsjón með lögfræðilegum álitsgerðum. Hún er nú sérfræðingur á fagsviði ríkisskattstjóra.



*Samkvæmt íslenska ákvæðinu skulu tekjur sem skattskyldar eru samkvæmt hinu nýja ákvæði skattlagðar með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi, en í því felst að þær eru skattlagðar sem atvinnurekstrartekjur.*

Í skýrslu um umfang skattsvika á Íslandi sem kynnt var á Alþingi í desember 2004 er farið yfir ýmsar þekktar leiðir sem notaðar eru til skattasniðgöngu og settar fram tillögur um margs konar ráðstafanir til að sporna gegn slíku. Meðal mögulegra úrræða er þar nefnd svokölluð CFC-löggjöf (Controlled Foreign Corporation) sem hefur það að markmiði að bregðast við skattasniðgöngu sem byggist á því að félög á lágskattasvæðum eru notuð til skattskipulagningar. Það var þó ekki fyrr en á árinu 2009 sem slík löggjöf var sett hér á landi. Íslenska löggjöfin er að norskri fyrirmynd og er að finna í 57. gr. a laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Reglan var lögfest með 2. gr. laga nr. 46/2009, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Uppruni CFC-löggjafar er í Bandaríkjunum, en á árinu 1962 var þar lögfest svokölluð „Subpart F“ löggjöf. Í kjölfar þeirrar lagasetningar hefur fjöldi ríkja fetað í fótspor Bandaríkjamanna og eru

slíkar reglur nú við lýði víðast hvar á Vesturlöndum.

Í þessari grein er í stuttu máli leitast við að fara yfir helstu meginþætti íslensku reglunnar. Þau álitamál sem vakna við túlkun og beitingu CFC-löggjafar geta oft á tíðum verið flókin, en ekki er svigrúm til þess að fjalla sérstaklega um þau hér. Þó ber þess að geta að víða er ágreiningur um það hvort CFC-löggjöf samrýmist almennt ákvæðum tvísköttunarsamninga, auk þess sem miklu skiptir við setningu slíkrar löggjafar að hafa í huga þær skuldbindingar sem felast í EES samningnum og þá sérstaklega banni við takmörkunum á staðfesturétti lögaðila. Í dómi Evrópu-dómstólsins í máli C-196/04, Cadbury Schweppes, sem kveðinn var upp í september 2006, er að finna leiðbeiningar um það til hvaða sjónarmiða beri að líta við mat á lögmæti slíkrar löggjafar. Þar kemur m.a. fram það skilyrði fyrir lögmæti að löggjöfin sé afmörkuð við hreina



málamyndastarfsemi (*e. wholly artificial arrangements*) sem hafi þann eina tilgang að komast undan skattlagningu í heimilisfestisríki eigenda. Nú þegar hafa vaknað upp spurningar um það hvort íslenska reglan uppfylli þær kröfur sem gera verður til slíkrar löggjafar vegna skuldbindinga sem felast í EES samningnum. Sú umfjöllun fellur þó utan efnisramma þessarar greinar.

## Megineinkenni

Sameiginlegt megininkenni CFC-löggjafar er að eigendur félaga, sjóða eða stofnana í lágs-kattaríkjum eru skattlagðir í heimilisfestisríki sínu vegna hagnaðar hins erlenda félags, óháð úthlutun. Er það undantekning frá þeirri meginreglu að tekjur félaga eru ekki skattlagðar hjá eigendum þeirra fyrir en við úthlutun ágóðahluta. Sú meginregla opnar leið til að fresta eða lágmarka skattlagningu hagnaðar með því að flytja hann til ríkja eða svæða með hagstæða skattalöggjöf. Afleiðingin er rýrnun á skattstofni í ríkinu þar sem tekjurnar hefðu að jafnaði komið til skattlagningar hefðu þessar aðstæður ekki verið fyrir hendi, og er löggjöfinni ætlað að koma í veg fyrir að skattaðilar skjóti sér undan landslögum með slíkum hætti.

Samkvæmt íslenska ákvæðinu skulu tekjur sem skattskyldar eru samkvæmt hinu nýja ákvæði skattlagðar með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi, en í því felst að þær eru skattlagðar sem atvinnurekstrartekjur. Skattskylda samkvæmt ákvæðinu er ekki bundin við ákveðin félagaform, auk þess sem einstaklingar sem eiga í slíkum félögum falla einnig undir regluna að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Ákveðnar meginforsendur liggja til grundvallar beitingu CFC-reglunnar. Í fyrsta lagi verður félagið að vera heimilisfast á lágs-kattasvæði. Í öðru lagi að félagið sé undir umráðum íslenskra aðila og í þriðja lagi hefur eðli tekna áhrif á það hvort reglan verður virk.

## Stofnsetning í lágs-kattaríki

Markmið CFC-löggjafar er að bregðast við skattaflóttu þar sem lágs-kattaríki eru nýtt til skattskipulagningar. Er því nauðsynlegt að skilgreina sérstaklega hvað telst lágs-kattaríki í þessu sambandi. Í íslensku reglunni er sú leið valin að bera saman þá skatta sem lagðir eru á í hinu erlenda ríki við þá skatta sem lagðir hefðu verið á félagið hefði það verið staðsett hér á landi. Samkvæmt reglunni telst ríki vera


lágs-kattaríki ef álagður tekjuskattur félags sem þar hefur heimilisfesti er lægri en tveir þriðju hlutar af þeim tekjuskatti sem hefði verið lagður á félagið hefði það verið innlent. Við samanburðinn verður m.a. að líta til þeirra frádráttarheimilda samkvæmt íslenskum reglum sem félagið hefði getað nýtt hefði það haft heimilisfesti hérlendis, m.a. frádráttarrétt á arði og söluhagnaði sbr. 9. tölul. og 9. tölul. a 31. gr. laga nr. 90/2003.

Á heimasíðu fjármálaráðuneytisins er að finna lista yfir lágs-kattaríki. Listinn er birtur með þeim fyrirvara að hann sé hvorki bindandi né tæmandi. Hann gefur því eingöngu vísbendingar um það hvaða ríki teljist líklega til lágs-kattaríkja í þessu sambandi. Matið sjálft er framkvæmt út frá skattlagningu hvers félags fyrir sig, en ekki út frá almennum samanburði á skattahlutfalli eða skattareglum erlendis og hérlendis. Fræðilega er því sá möguleiki fyrir hendi að ríki teljist lágs-kattaríki vegna félags A en ekki félags B þótt bæði hafi heimilisfesti í því sama ríki.

## Umráð íslenskra aðila


Í íslensku reglunni er gengið út frá því að hún eigi almennt eingöngu við ef íslenskir eigendur geti haft áhrif á stjórnun erlenda félagsins. Ef lágmarkseignarhald innlendra skattaðila nær 50% innan tekjuársins verður reglan virk. Miðað er við sameiginlegt eignarhald allra innlendra eigenda. Ekkert skilyrði er sett fyrir lágmarkseignarhaldi hvers eiganda, þeir geta því sætt skattlagningu samkvæmt ákvæðinu þrátt fyrir að eignarhluti þeirra sé óverulegur. Þó að sameiginlegt eignarhald nái ekki framangreindu lágmarki getur reglan átt við ef stjórnunarleg yfirlit (umráð) innlendra eigenda teljast vera fyrir hendi af öðrum ástæðum. Sem dæmi má nefna samninga á milli eigenda, ákvæði í félagasamþykktum og mismunandi atkvæðavægi hluta. Óbein eignaraðild eða umráð nægja til að skilyrði sé uppfyllt og hafa ber í huga að umráð geta verið meiri en eignarhald gefur til kynna. Umráð geta ennfremur verið fyrir hendi vegna þess hvernig óbeinu eignarhaldi er háttáð. Ekki er eingöngu litið til þess hvernig umráðum/eignarhaldi er háttáð í árslok í þessu sambandi, heldur nægir að lágmarkseignarhald eða umráð hafi verið fyrir hendi á einhverjum tímamarki innan tekjuársins. Meðfylgjandi eru dæmi um það hvernig eignarhald er fundið sem og dæmi um umráð sem teljast vera fyrir hendi vegna eignaskipulags. Dæmin eru tekin af heimasíðu ríkisskattstjóra.

## Lágmarks eignarhald



### Dæmi 1


Innlendir eigendur A eiga 25% eignarhlutdeild í CFC-félaginu með óbeinu eignarhaldi. Félag B á 50% með beinu eignarhaldi. Sameiginlegt eignarhald íslenskra eigenda er 50% í þessu dæmi.



### Dæmi 2


Innlendir eigendur A eiga 25% í CFC-félaginu vegna óbeinmar eignarhlutdeilda. Aðrir eigendur eru erlendir. Eignarhald íslenskra eigenda er 25%.

## Umráð



### Dæmi 3

Innlendir eigendur eiga 25% í CFC-félaginu vegna óbeinnar eignarhlutdeildar og hafa umráð yfir því félagi vegna stöðu sinnar í félagi A.



### Dæmi 4

Innlendi eigandinn á 25% í CFC-félaginu vegna óbeinnar eignarhlutdeildar en hefur ekki umráð yfir því félagi. Þar sem hann hefur ekki umráð yfir félagi A á grundvelli eignarhlutdeildar hefur hann ekki stjórnunarleg yfirráð yfir málefnum félagsins, þ.m.t. ákvörðunum er varða CFC-félagið og telst því ekki hafa umráð yfir því félagi.

## Eðli tekna

Samkvæmt íslensku reglunni er ekki gerður greinarmunur á eðli tekna þegar eigendur CFC-félaga eru skattlagðir. Ef skilyrði CFC-reglunnar eru uppfyllt eru allar tekjurnar skattlagðar að fullu hjá innlendum eigendum. Hins vegar er litið til eðlis tekna þegar metið er hvort innlendir eigendur félags í lágskattaríki eru sérstaklega undanþegnir skattlagningu samkvæmt framansögðu. Í íslenska ákvæðinu er að finna almenna undanþágu frá skattlagningu sem og sértæka, þ.e. undanþágu sem afmarkast við þær aðstæður þegar félag, sjóður eða stofnun er stofnsett og skráð í öðru EES-ríki, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Skilyrðin sem sett eru fram í almennu undanþágunni eru annars vegar að unnt sé að fá allar nauðsynlegar upplýsingar á grundvelli tvísköttunarsamnings eða annars alþjóðasamnings, og hins vegar að tekjur séu ekki að meginstofni til eignatekjur. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 46/2009 segir um síðargreinda skilyrðið að með því sé átt við að meira en helmingur teknanna stafi frá raunverulegri atvinnustarfsemi, þ.e. framleiðslu eða sölu á vörum eða þjónustu. Hin sértæka undanþága er sambærileg hinni almennu. Það sem greinir þar á milli er að skilyrðin eru eilítið rýmri en í hinni almennu undanþágu. Þannig er gert ráð fyrir því að ef ekki er fyrir hendi alþjóðasamningur sem unnt væri að byggja upplýsingaöflun á þá er undanþágan enn fyrir hendi, enda hvílir upplýsingaskyldan þá á skattaðilanum sjálfum, þ.e. innlendum eigendum erlenda félagsins. Þá er það gert að skilyrði að erlenda félagið hafi með höndum raunverulega atvinnustarfsemi eins og hún er skilgreind hér að framan. Af því verður helst ráðið að ekki sé gerð krafa um að helmingur tekna stafi af raunverulegri atvinnustarfsemi líkt og í almennu undanþágunni.

## Skattlagning CFC-tekna

Eigendur CFC-félaga eru skattlagðir í samræmi við eignarhlutdeild sína. Ekki er litið til umráða líkt og þegar lagt er mat á það hvort reglan eigi við hverju sinni og eingöngu er litið til eignarhalds hvers eiganda í árslok. Tekjurnar eru skattlagðar sem atvinnurekstrartekjur óháð því hvort eigandinn er lögaðili eða einstaklingur. Tekjur skattaðila með beina eignaraðild miðast við samsvarandi hlutdeild í hagnaði CFC-félagsins, en ef um óbeina eignaraðild er að ræða er miðað við sameiginlegt eignarhald innlendra

aðila. Arðsúthlutun hefur engin áhrif á ákvörðun skattskylds tekjuskattsstofns. Meðfylgjandi dæmi eru til nánari skýringar á skattlagningu eigenda þegar eignarhald er óbeint. Dæmin eru sem fyrr tekin af heimasíðu ríkisskattstjóra.


## Spurning um tvísköttun

Meginatriði í CFC-löggjöf er að eigendur CFC-félaga eru skattlagðir vegna hlutdeildar þeirra í hagnaði félagsins óháð því hvort honum hafi verið úthlutað til eigenda eða ekki. Félagið sem slíkt er sjálfstæður skattaðili og fellur undir skattlagningarvald þess ríkis þar sem það telst hafa heimilisfesti. Fer því eftir reglum þess ríkis hvornig hagnaður af rekstri félagsins er skattlagður. Það má því halda því fram að eftir atvikum geti komið til tvískattlagningar samkvæmt CFC-löggjöf, sérstaklega ef ekki er tekið tillit til skattlagningar CFC-félagsins þegar eigendur eru skattlagðir, ef hagnaðurinn er á annað borð skattlagður í heimilisfestisríki félagsins. Vakna þá upp spurningar um hvort tvísköttunarsamningar sem Ísland er aðili að setji skattlagningarvaldi sem byggir á CFC-löggjöf einhverjar skorður. Um þetta álitamál hefur mikið verið rætt og ritað og eru fræðimenn ekki á einu máli um það hvort CFC-löggjöf er andstæð ákvæðum tvísköttunarsamninga. Í því sambandi er þó vert að hafa í huga að af athugasemdum í samningsfyrirmynd OECD má ráða að henni sé eingöngu ætlað að taka til alþjóðlegrar lagalegrar tvísköttunar (*e. juridical double taxation*), þ.e. þegar sami skattstofn sama skattgreiðanda fyrir sama tímabil er skattlagður í tveimur eða fleiri ríkjum. Tvísköttunarsamningum er hins vegar almennt ekki beint að efnahagslegri tvísköttun (*e. economic double taxation*), sem felst í því að fleiri en einn aðili er skattlagður vegna sama atriðis, t.d. þegar hlutafélag er skattlagt vegna hagnaðar félags og hluthafar þess eru síðan skattlagðir vegna þess arðs sem þeir fá úthlutað af þessum hagnaði. Þeir sem telja CFC-löggjöf samrýmast tvísköttunarsamningum hafa m.a. vísað til þessa.

Þeir tvísköttunarsamningar sem Ísland er aðili að byggja á fyrrgreindri samningsfyrirmynd og er almennt viðtekið hér á landi að líta til nefndra athugasemda í henni við túlkun á ákvæðum þeirra samninga. Tekið er á þessu álitaefni með beinum hætti í samningsfyrirmynd OECD, en þar kemur fram að CFC-löggjöf sé almennt ekki andstæð ákvæðum tvísköttunarsamninga jafnvel þótt ekki sé tekið sérstaklega á því í ákvæðum þeirra.




# Skattlagning CFC-tekna




## Dæmi 5

Eignarhlutdeild A í CFC-félaginu er 25% með óbeinu eignarhaldi ( $0,5 \times 0,5 = 0,25$ ). Eignarhlutdeild B í CFC-félaginu er 50%. Sameiginlegt eignarhald innlendra aðila yfir CFC-félaginu er 50%, þ.e. það getur ekki verið meira en heildareignarhlutdeild félagsins B. Samkvæmt reglunni takmarkast skattlagning við þá sameiginlegu eignarhlutdeild. Félag B er skattlagt í samræmi við eignarhlutdeild þess sem leiðir til þess að innlendi eigandi þess félags (eigandi A) er ekki skattlagður vegna eignaraðildar sinnar í CFC-félaginu, þ.e. sameiginleg eignarhlutdeild er að fullu skattlögð hjá félagi B.



## Dæmi 6

A hefur umráð yfir CFC-félaginu vegna eignaraðildar í félagi B, sem nær 50%. Eignarhlutdeild A í CFC-félaginu er 25% með óbeinu eignarhaldi. Innlend eignarhlutdeild nær því eingöngu 25% og er innlendi eigandinn skattlagður í samræmi við þá eignarhlutdeild.



## Dæmi 7

Félagið A er skattlagt í samræmi við 50% eignarhlutdeild sína í CFC-félaginu. D og E eru ekki skattlagðir vegna eignarhlutdeildar í CFC í gegnum A þar sem sú eignarhlutdeild hefur verið að fullu skattlögð hjá A. E er skattlagður vegna eignarhlutdeildar sinnar í CFC-félaginu í gegnum félag B. Eignarhlutdeild nemur 8% ( $0,4 \times 0,2 = 0,08$ ). C er skattlagður í samræmi við 30% eignarhlutdeild í CFC-félaginu vegna beinnar eignarhlutdeildar. Sameiginlegt eignarhald innlendra aðila nær hér 88%.

Byggir sú niðurstaða m.a. á því að CFC-löggjöf sé hluti af innlendum rétti sem afmarki hvaða atvik leiði til skattskyldu. Tvísköttunarsamningar hafi ekki áhrif á slíkt mat og því teljist reglurnar ekki andstæðar samningunum, en þó er tekið fram að hafa beri í huga þær skuldbindingar sem felast í tvísköttunarsamningum þegar CFC-reglum er beitt.

Þó að umræða um mögulega tvísköttun vegna CFC-löggjafar snúist aðallega um skattlagningu eigenda vegna hagnaðar hins erlenda félags óháð úthlutun á sama tíma og hagnaðurinn er skattlagður í heimilisfestisríki félagsins, þá er það ekki eina tilvikið þar sem vangaveltur um mögulega tvísköttun koma upp. Þannig má m.a. velja því upp að atvik geta verið með þeim hætti, þegar eignarhald er óbeint, að sami hagnaður liggja til grundvallar skattlagningu í fleiri ríkjum á grundvelli CFC-löggjafar og þannig margskattaður. Sem dæmi um slíkt væri erlenda félagið B í dæmi 6 væri skattlagt á

grundvelli CFC-löggjafar í sínu heimilisfestisríki. CFC reglur-hefðu í því tilviki ekki eingöngu bein áhrif á innlenda eigendur heldur einnig óbein vegna aukinna skattskuldbindinga í öðru ríki vegna sama hagnaðar.

Þá er spurning hvernig eigi að taka á því þegar hagnaði sem þegar hefur verið skattlagður hjá eigendum sem CFC-tekjur er úthlutað í raun. Ef ekki væri tekið á þeim aðstæðum væri sami aðili augljóslega skattlagður tvisvar vegna sama atriðis. Í íslenska ákvæðinu er tekið á þessu þannig að úthlutun telst ekki til skattskyldra tekna hjá eiganda nema hún sé hærri en þær tekjur sem hafa áður verið skattlagðar hjá honum sem CFC-tekjur. Skattthlutfall við skattlagningu CFC-tekna ræðst af félagiformi eigandans. Ef eigandinn er einstaklingur eru tekjurnar skattlagðar í almennu skattþrepi líkt og aðrar atvinnurekstrartekjur einstaklinga með rekstur á eigin kennitölu. Af orðalaginu má ráða að lækka ber tekjuskattsstofn

vegna arðsúthlutunar sem nemur þeim tekjum sem áður hafa verið skattlagðar á grundvelli ákvæðisins sem atvinnurekstrartekjur. Hjá sjálfstæðum lögaðilum kemur þessi útfærsla ekki að sök, enda eru allar tekjur þeirra skattlagðar í sama skattþrepi. Einstaklingar þurfa hins vegar að sæta því að sá hluti arðs sem ekki er skattlagður sem fjármagnstekjur vegna fyrri skattlagningar á hagnaði sem CFC-tekjur, hefur verið skattlagður í almennu skattþrepi.

Íslenska CFC-löggjöfin var lögfest eftir að efnahagsbólán sprakk á árinu 2008 og fjármálakreppa skall á landsmenn. Ekki verður annað séð en að verulega hafi dregið úr umsvifum í formi fjárfestinga og því litlar líkur á að mikið reyni á regluna, a.m.k. nú um sinn. Þegar þessi grein er rituð liggur ekki fyrir hvernig löggjöfin mun reynast í framkvæmd og á hverju helst muni steyta við beitingu hennar. Þá er enn ósvarað hvort krafa muni berast frá Brüssel um breytingar á löggjöfinni.



## Matthías Á. Mathiesen

Fallinn er frá Matthías Á. Mathiesen fyrrverandi alþingismaður. Matthías gegndi embætti fjármálaráðherra á árunum 1974 – 1978 og hóf fljótlega endurskoðun á tilhögun skattlagningar. Starfshópur á vegum ráðuneytisins samdi frumvarp að stórtækum breytingum á skattalögum, meiri en orðið höfðu um áratugaskeið. Frumvarpið varð síðan að lögum nr. 40/1978. Með þeim lögum varð mikil

breyting á skattlagningu atvinnurekstrar, voru þá lögfestar ýmsar nýjungar svo sem eins og verðbreytingafærsla og reiknuð laun. Veigamestu breytingarnar voru þó að tekjuskattsálagning hjóna var aðskilin og þau skattlögð hvort í sínu lagi. Var þetta mikilvægt skref til jafnréttis kynja við skattlagningu tekna. Enda þótt miklar breytingar hafi orðið á skattalögum er grunnur laganna frá 1978 enn sá sami og í núgildandi skattalögum og fjölmörg ákvæði gömlu laganna enn í fullu gildi. Áhrif Matthíasar sem ráðherra skattamála voru því mikil og breytingar þær sem hann beitti sér fyrir mörkuðu djúp spor í skattframkvæmd hérlendis.

Matthías andaðist í Hafnarfirði 9. nóvember sl. og var kvaddur að viðstöddu miklu fjölmenni frá Hafnarfjarðarkirkju 17. sama mánaðar. Skattamenn minnst Matthíasar fyrir hans framsýni í þróun skattamála og senda ættingjum hans samúðarkveðjur.

SEP





## N O R R Æ N T S A M S T A R F

**Guðrún Jenný Jónsdóttir**  
sviðsstjóri alþjóðasamskipta

**Eins og áður hefur komið fram á þessum vettvangi tekur ríkisskattstjóri þátt í alþjóðlegu samstarfi. Sóttir eru fundir í vinnuhópi 1 hjá OECD sem fjallar um breytingar á tvísköttunarsamningsfyrirmynd OECD og greinargerð með fyrirmyndinni, og vinnuhópi 10 sem fjallar um upplýsingaskipti á sviði skattamála og aðstoð við innheimtu skatta. Þá hafa verið sóttir aðalfundir IOTA (Intra-European Organisation of Tax Administrations) en Ísland hefur verið meðlimur að þessum samtökum frá árinu 2006.**



Norðurlandþjóðirnar eiga með sér mikið samstarf á sviði skattamála. Einu sinni á ári hittast fulltrúar fjármála-/skattaráðuneyta og fulltrúar ríkisskattstjóraembættanna og ræða norræna tvísköttunarsamninginn og mál honum tengd. Þá er ótalið annað samstarf sem ríkisskattstjóraembættin hafa sín á milli og er stýrt í gegnum svokallað Nordisk Agenda. Þar eru starfræktir ýmsir vinnuhópar um afmörkuð efni. Sem dæmi má nefna framkvæmd upplýsingaskipta milli Norðurlandanna, milliverðlagningu (*e. Transfer Pricing*), eftirlit, sýndarskattstofu (Nordisk e-Tax vefurinn), framkvæmd upplýsingaskiptasamninga við lágskattaríki, tæknimál o.fl.

## Fundur norrænna embættismanna haldinn í Nuuk

Undirrituð átti þess kost að sitja árlegan fund norrænna skattembættismanna sem haldinn var í Nuuk í ágúst sl. Á þessum árlegu fundum sem fulltrúar fjármála-/skattaráðuneytanna og norrænna ríkisskattstjóra sitja er farið yfir þau vandamál sem upp koma við túlkun og framkvæmd á tvísköttunarsamningi Norðurlandanna, ný löggjöf er kynnt, nýjasta dóma- og úrskurðarframkvæmd er reifuð og önnur sameiginleg mál rædd.

Á fundinum var meðal annars upplýst um stöðu samningaviðræðna við skattaskjól en Norðurlöndin hafa nú náð þeim einstaka árangri að gera samninga um upplýsingaskipti á sviði skattamála við mörg svæði sem hingað til hafa talist skattleyndarsvæði. Sem dæmi má nefna Bresku Jómfrúeyjar, Bermúda, Bahamas, Grenada, Mónakó og Liechtenstein.

Upplýsingaskiptasamningarnir kveða á um heimild til að afla upplýsinga og skyldu til að veita þær.

Á fundinum fór fram umræða um gerðardóma en í tvísköttunarsamningsfyrirmynd OECD og greinargerð með fyrirmyndinni er nú að finna tillögu að valkvæðum texta um heimild til að vísa málum til gerðardóms, sem ríki geta sett í tvísköttunarsamninga sína. Fram kom hjá Norðmönnum að þeir væru jákvæðir í garð þessara ákvæða og væru að velta því fyrir sér að taka það upp í sína tvísköttunarsamningsfyrirmynd en þá yrði heimildin takmörkuð við tiltekinn ágreining, t.a.m. ef ágreiningur risi um fasta starfsstöð, milliverðlagsreglur og réttan eiganda. Aðrar þjóðir á fundinum voru ekki eins jákvæðar og töldu Danir að með þessum ákvæðum væri verið að

seilast ansi langt inn á sjálfsákvörðunarrétt ríkisins. Danmörk upplýsti að í gangi væri 31 mál sem snérist um túlkun á hugtakinu réttur eigandi (*e. beneficial ownership*). Öll fjalla þau um arð sem greiddur var frá Danmörku til lögaðila í Lúxemborg og svo þaðan til aðila í löndum utan Evrópusambandsins (lágskattaríkja). Afstaða danskra skattyfirvalda í þessum málum er sú að í raun og veru hafi lögaðilinn í Lúxemborg ekki verið réttur eigandi þess arðs sem greiddur var heldur síðasti hlekkurinn í keðjunni og sá aðili sé í landi sem ekki hafi tvísköttunarsamning við Danmörku. Af arðinum hafi því átt að halda eftir staðgreiðslu. Fram kom að líklegt væri að öll málin myndu fara fyrir Hæstarétt Danmerkur. Fundargestir skiptust svo á upplýsingum um yfirstandandi tvísköttunarsamningaviðræður.

# Norrænn vinnuhópur um TRACE

Í janúar 2009 birti OECD skýrslu um hvernig ríki gætu einfaldað fjárfestum að sækja þau réttindi sem tvísköttunarsamningar veita. Í skýrslunni var að finna svokallaðar „Best practice“ tillögur sem ríki gætu haft til hliðsjónar við lagasetningu og við framkvæmd þessara mála. Í kjölfarið var stofnaður vinnuhópur innan OECD, svokallaður TRACE (Treaty Relief and Compliance Enhancement) hópur, sem fékk það verkefni að vinna áfram með þær tillögur sem fram komu í skýrslunni frá 2009. Tillögurnar fela í sér að komið verði á fót kerfi sem veiti fjárfestum lausn frá tvísköttun á sem hagkvæmasta hátt

með því að draga úr stjórnsýslu og kostnaði án þess að áhættan af vangreiðslu afdráttarskatta verði eingöngu borin af stjórnvöldum. Fljótlega eftir að þessi vinna fór af stað hjá OECD komu fram sjónarmið frá bönkum og fjárvörsluaðilum um að aðilar á markaði myndu ekki hafa áhuga á að koma að mótun kerfis sem þessa nema að nægilega mikill fjöldi ríkja tæki þátt. Af þessum sökum ákváðu Norðurlöndin, að undanskildum Færeyjum og Grænlandi, sem sjá ákveðinn hag í þeim lausnum sem skýrslan hefur að geyma, að stofna sinn eigin hóp sem hefði það verkefni að skoða hvort kerfi

sem þetta væri hagkvæmt, hvaða laga-breytingar þyrfti að gera o.fl.

Í október sl. var svo haldinn fundur í Reykjavík hjá þessum norræna TRACE vinnuhópi. Á fundinum var farið betur yfir skýrsluna frá 2009 og ýmis álitafni dregin fram og rædd. Helsta niðurstaða fundarins var að skoða þyrfti ýmis atriði betur í upplýsingagjöf frá aðilum á mörkuðum, sem og upplýsingagjöf á milli upprunaríkis og heimilisfestarríkis um rétt-hafa þeirra tekna sem greiðast til fjárfesta og þess skatts sem haldið væri eftir.



Fundargestir á Íslandi. Myndina tók Bent Bertelsen sem starfar hjá SKAT í Danmörku.

## Fundur í Stokkhólmi um framkvæmd upplýsingaskiptasamninga

Um miðjan október sl. var haldinn fundur í Stokkhólmi um framkvæmd upplýsingaskiptasamninga. Öll Norðurlöndin nema Færeyjar og Grænland sendu fulltrúa á fundinn og að auki sóttu hann fulltrúar frá bærum stjórnvöldum á Isle of Man.

Fundurinn hófst með kynningu á vinnu stýrihóps og vinnuhóps um gerð og framkvæmd upplýsingaskiptasamninga við lágs kattarríki. Fulltrúi Norrænu ráðherranefndarinnar, Torsten Fensby, fór svo yfir þær breytingar sem orðið hafa á pólitísku landslagi og viðhorfum til

upplýsingaskiptasamninga frá árinu 2000 til dagsins í dag. Hvert og eitt land gerði svo grein fyrir helstu skattlagningarreglum sem gilda í viðkomandi ríki ásamt því að upplýsa um árangur í notkun umræddra samninga.

Að mati undirritaðrar er árangur Svía eftirtektarverður. Frá árinu 1998 hafa þeir verið með í gangi svokallað „offshore“ eftirlit. Sett hefur verið upp sérstök eining innan sænska ríkisskattstjóraembættisins sem rannsakar greiðslur til erlendra aðila sem staðsettir eru í lágs kattarríkjum. Þá

voru settar svokallaðar „Voluntary Disclosure“ reglur sem mæla fyrir um meðferð þeirra skattaðila sem sjálfviljugir koma fram með tekjur eða eignir sem ekki hafa sætt skattlagningu í Svíþjóð. Þessar sérstöku reglur urðu til þess að frá ársbyrjun 2010 og fram til októbermánaðar 2011 hafa yfir 1.700 skattaðilar stigið fram og talið fram tekjur sem áður voru óframtaldar og staðsettar voru í lágs kattarríkjum. Skattgreiðslur af umræddum tekjum nema um það bil 111 milljónum evra. Svía hafa notað þá upplýsingaskiptasamninga sem í



gildi eru við Isle of Man, Jersey, Guernsey, Bresku Jómfrúreyjar og Gíbraltar með góðum árangri.

Fulltrúar frá Isle of Man kynntu eftirfarandi atriði:

- Hvenær bær stjórnvöld á IoM geta veitt aðstoð skv. innanlandslöggjöf þeirra og samkvæmt gildandi upplýsingaskiptasamningum.
- Hvernig ferillinn er þegar

upplýsingabeiðni berst.

- Hvaða heimildir stjórnvöld á IoM hafa til að afla upplýsinga.
- Hvernig ferillinn er ef að sá sem hefur upplýsingarnar neitar að afhenda þær.
- Sýndu dæmi um upplýsingabeiðniir sem ekki er hægt að afgreiða.
- Sýndu dæmi um hvernig beri að orða upplýsingabeiðniir svo að sá sem þarf upplýsingarnar fái það sem hann biður um.

- Hvernig bær stjórnvöld mega nýta þær upplýsingar sem veittar eru á grundvelli upplýsingaskiptasamninga.

Á fundinum kom fram að margvíslegur árangur hefur náðst á grundvelli upplýsingaskiptasamninganna. Þau ríki sem komin eru lengst í að nota þá segja þær upplýsingar sem fengist hafa góðar og vel nýtanlegar til endurákvæðana og í refsímálum.

## Fundur í Reykjavík um framkvæmd upplýsingaskiptasamninga

Í nóvember sl. var haldinn þriggja daga fundur í Reykjavík þar sem fóru fram viðræður um samninga milli bærra stjórnvalda og reynslan af upplýsingaskiptasamningunum metin. Fundinn sóttu fulltrúar frá Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Af Íslands hálfu sátu fundinn auk greinarhöfundar fulltrúi frá fjármálaráðuneytinu, fulltrúi frá skattrannsóknarstjóra ríkisins og fulltrúar frá eftirlitssviði ríkisskattstjóra. Auk framangreindra var Bresku Jómfrúreyjum og Mónakó boðið að senda fulltrúa á fundinn.

Fyrsta fundardaginn var rætt við fulltrúa frá Bresku Jómfrúreyjum um framkvæmd á upplýsingaskiptasamningi sem Norðurlöndin hafa gert við Bresku Jómfrúreyjar. Stutt kynning var á skattkerfum hvers ríkis fyrir sig og gafst tækifæri til að spyrja um túlkun og framkvæmd

á einstökum lagaatriðum sem lúta að upplýsingaöflun og -skiptum. Þá var fyrirmynd Norðurlandanna um samning milli bærra stjórnvalda kynnt ásamt því að farið var yfir eyðublað sem ætlunin er að nota þegar upplýsinga er óskað. Seinnipart dagsins var slegið á léttari strengi og fór hópurnin saman í Bláa Lónið þar sem hinir erlendu fundargestir voru hreint út sagt orðlausir yfir þessu náttúruundri.

Fulltrúar Norðurlandanna hittust svo á fundi daginn eftir þar sem farið var yfir þá reynslu sem komin er á upplýsingaskiptasamningana og rætt hvernig unnt sé að halda til haga upplýsingum um þau ríki sem gert hafa upplýsingaskiptasamninga við Norðurlöndin. Í þessu felst að ríkin sameinist um að safna saman á aðgengilegan hátt upplýsingum um upplýsingaskiptasamninga ásamt raunverulegum dæmum um hvernig þeim

hefur verið beitt, sem og heimilisföngum og tenglum á vefsíður sem nauðsynlegt getur verið að skoða, en í mörgum tilvikum er unnt að nálgast upplýsingar um stofnun fyrirtækja, stjórnarmenn o.s.frv. með uppflettingum á heimasíðum fyrirtækjaskráa (Company House) í viðkomandi ríkjum.

Þriðja daginn áttu fulltrúar Norðurlandanna svo fund með háttsettum embættismönnum frá Mónakó. Fundarfenið var hið sama og á fundinum með fulltrúa Bresku Jómfrúreyja, þ.e. kynning á skattkerfum og drög að samningnum milli bærra stjórnvalda.

Allir fundargestir voru sammála um að fundir sem þessir liðki fyrir þeim samskiptum sem bær stjórnvöld þurfa að hafa, enda auðveldara að skrifa tölvupósta og bréf til aðila sem maður hefur hitt og talað við auglitum til auglitis.



Frá fundi skattfyrvalda á Norðurlöndunum. Á myndinni sjást: Olov Törnqvist, Jan Mattsson, Katrína Björk og Margareta Nyström frá Svíþjóð, Arne Austdal, Lars Aarnes, Elisabet Landmark og Trude Sønvisen frá Noregi, Bent Bertelsen, Kai Jakobsen, Tine Buchardt frá Danmörku og greinarhöfundur. Myndina tók Preben Bucholtz Hansen sem starfar hjá SKAT í Danmörku.

# Duldar launagreiðslur eru meinsemd



**Jóhann G. Ásgrímsson** er viðskiptafræðingur að mennt og hefur mikla reynslu af upplýsingatæknimálum. Hann starfar nú sem hópstjóri vettvangsteymis eftirlitssviðs ríkisskattstjóra.

Staðgreiðslu- og virðisaukaskattsskil falla undir svokölluð samtímaskil gjalda á ákveðnum dagsetningum innan hvers árs. Um skil á samtímagjöldum gilda einföld og skýr lög sem auðvelt er að sannreyna hvort sé fylgt. Hvað varðar tekjuskráningu atvinnurekstrar þá gilda einnig um hana skýr og einföld lög. Það er jafnframt auðvelt að staðfesta hvort tekjuskráning uppfylli lög og reglur. Þessir þrjú málaflokkar eiga það sameiginlegt að hægt er að taka á brotum um leið og þau eru upplýst. Ekki þarf að bíða eftir því að endanlegt ársuppgjör og skattframtöl liggja fyrir. Lagakrafan er skýr en löggjafinn hefur ekki séð til þess að raunhæf og virk úrræði séu til staðar til að tryggja skil þessara gjalda. Á meðan tapast tugir milljarða á hverju ári. Brýnt er að úr þessu verði bætt.

## Hvers konar lögbrot?

Nauðsynlegt er að fjalla nánar um hvers konar brot eru til umræðu svo lesandi skilji til fulls einfaldleika og eðli þessa óhæfumáls. Verður nú hver málaflokkur fyrir sig tekinn fyrir og talin upp algengustu brotin sem viðgangast vegna skorts á úrræðum fyrir eftirlitsaðila.

## Staðgreiðsluskil – algengustu brotin

Launagreiðandi:

1. Tilkynnir sig ekki inn á launagreiðendaskrá.
2. Skilar ekki gögnum/skýrslum.
3. Rangar staðgreiðsluskýrslur:
  - a) Starfsmann vantar á skýrsluna, þ.e. hann er í svartri vinnu.
  - b) Röng skattþröskul.
  - c) Rangur stofn til útreiknings.
  - d) Rangir útreikningar.

Í skýrslunni „Leggur þú þitt af mörkum“ er árlegt samfélagstap vegna svartrar vinnu metið á 13,8 milljarða króna á ári.

**Skatteftirlit ríkisskattstjóra stendur daglega frammi fyrir því að sannanir liggja fyrir um fullframin brot á skattalögum og -reglum, en raunhæf og virk úrræði eru ekki til staðar til að stöðva eða taka á slíkum brotum. Þetta eru brot sem kosta þjóðfélagið tugi milljarða króna á hverju ári.**

Þetta er meðal niðurstaðna átaksverkefnis ríkisskattstjóra (RSK), Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) frá því í sumar sem gekk undir nafninu „Leggur þú þitt af mörkum“. Skýrsla verkefnisins er aðgengileg á vefnum rsk.is. Þetta átaksverkefni beindist fyrst og fremst að svartri vinnu og var niðurstaðan sú að á hverju ári kostar hún þjóðfélagið tæpa 14 milljarða króna. Helmingi af þessari upphæð mætti nota til að borga upp niðurskurð Landspítalans síðustu tvö árin. Það samsvarar um 1,1 milljarði í tap á mánuði eða allt að 50 milljónum króna á dag. Þetta heldur áfram á meðan ekkert er að gert. Hægt er færa ástandið til betri vegar með tiltölulega einfaldri lagasetningu sem yrði til þess að drjúgur hluti undanskotanna myndi skila sér til réttara aðila. Slík lagasetning yrði sennilega með arðsömustu lagasetningum sem sögur færu af í langan tíma, því hún myndi til fram-búðar skila árlegum viðbótartekjum sem taldar yrðu í tugum milljarða. Nú er þeim skotið undan. Einhverra hluta vegna er meiri áhersla lögð á að leggja á nýja skatta frekar en að ganga eftir því að lögboðin gjöld skili sér. Það er mikið jafnréttis- og siðferðismál að sporna gegn þeirri mis-munun sem viðgengst vegna takmarkaðra úrræða.

## Um hvað snýst málið?

Í grunninn snýst málið sem hér er til umfjöllunar um þrjú þætti skattskila. Það eru brot á lögum um a) staðgreiðsluskil, b) virðisaukaskattsskil og c) tekjuskráningu.

Svört vinna eftir veltu fyrirtækja		
Tekjubil	Svört vinna %	Milljónir króna
800.000 - 899.999	0,0%	0
700.000 - 799.999	0,0%	0
600.000 - 699.999	0,3%	38
500.000 - 599.999	0,1%	19
400.000 - 499.999	0,0%	0
300.000 - 399.999	3,7%	507
200.000 - 299.999	3,1%	432
150.000 - 199.999	1,8%	244
100.000 - 149.999	20,1%	2.777
50.000 - 99.999	2,0%	281
20.000 - 49.999	17,8%	2.458
10.000 - 19.999	22,1%	3.058
0 - 9.999	28,9%	3.996
<b>Samtals</b>	<b>100,0%</b>	<b>13.809</b>

Taflan sýnir verðmat á svartri vinnu eftir veltu fyrirtækja á forsendum ársins 2009.  
Heimild: Átaksverkefni ASÍ, SA og RSK „Leggur þú þitt af mörkum - Samstarf um eflingu góðra atvinnuhátta“ útg. 2/11/2011.



## Virðisaukaskattsskil – algengustu brotin

Gjaldandi:

1. Tilkynnir sig ekki inn á virðisaukaskattsskrá.
2. Notar lokað VSK-númer.
3. Skilar ekki virðisaukaskattsskýrslum.
4. Útskattar ekki eigin notkun.
5. Út- og/eða innskattar á rangt tímabil.
6. Rangar VSK-skýrslur og upplýsingar:
  - a) Röng útsköttun.
  - b) Ólögleg innsköttun.
  - c) Rangt VSK-númer.
  - d) Ólöglegir sölureikningar.

Þessu til viðbótar má nefna atriði er varða VSK-uppgjör og ekki reynast í lagi:

7. VSK-skýrsla er ekki gerð eftir færðu bókhaldi.
8. Rangt fært bókhald hvað varðar út- og innskatt.
9. Ósamræmi er milli VSK-skýrslu og bókhalds.

Í skýrslunni „Leggur þú þitt af mörkum“ er ekki lagt mat á umfang þessara brota, en ástæða er til að ætla að umfang þeirra sé síst minna en vegna svartrar vinnu enda eru tækifærin og hvatinn til staðar.

## Tekjuskráning – algengustu brotin

Hér eru algengustu brotin sem skatt- eftirlitið upplýsir í heimsóknum sínum:

1. Tekjuskráning er ekki til staðar, sem þýðir að starfsemin er fullkomlega svört.
2. Tekjuskráning uppfyllir ekki lög og reglur.
3. Ólöglegir sölureikningar.
4. Röng notkun sjóðvéla.
5. Falsaðir sölureikningar.

Í skýrslunni „Leggur þú þitt af mörkum“ var ekki heldur lagt mat á umfang brota sem tengjast tekjuskráningu. Færa má rök fyrir því að hér sé stærsti áhættuþátturinn, því hann getur tengst undanskotum allra annarra gjalda. Það er efni í sérstaka grein en slíkt verður að bíða betri tíma.

## Úrræði / viðurlög

Þau brot sem fjallað er um hér að ofan eru þess eðlis að nauðsynlegt er að hægt sé að taka á þeim á staðnum en án þess ná lögin sem við þau eiga ekki tilgangi sínum. Það getur ekki verið ætlun löggjafans.

Þessi brot eru sama eðlis og brot á umferðarlögum og reglum í bolta- íþróttum. Ef dómari í fótbolta getur ekki dæmt brot um leið og þau eru framin þá

## Tap vegna svartrar vinnu

Aðilar sem tapa	Milljónir króna	%
<b>Ríkissjóður</b>	6.250	45,3%
<b>Lífeyrissjóðir</b>	3.145	22,8%
<b>Launamenn / orlofsréttindi</b>	1.999	14,5%
<b>Sveitarfélög</b>	1.629	11,8%
<b>Stéttarfélög ofl.</b>	786	5,7%
<b>Alls verðmat undanskota 2009</b>	<b>13.809</b>	<b>100,0%</b>

Taflan sýnir mat á undanskotum sem tengjast svartri vinnu miðað við forsendur ársins 2009.  
Heimild: Átaksverkefni ASÍ, SA og RSK „Leggur þú þitt af mörkum - Samstarf um eflingu góðra atvinnuhátta“ útg. 2/11/2011.

getur hann ekki leiðrétt leikinn, en það er hans hlutverk að sjá til þess að spilað sé eftir leikreglum. Það væri til lítills að dæma fótboltaleik eftir á. Við það myndu hvorki leikmenn né áhorfendur sætta sig. Skatt- yfirvöld eru í þessari sömu stöðu hvað varðar þau brot sem hér eru til umfjöllunar, en skortir viðeigandi úrræði. Dómari í fótbolta hefur hins vegar ýmis úrræði til að tryggja að leikreglur séu virtar. Hann getur t.d.:

- Gefið aðvörðun með gulu spjaldi.
- Sektað fyrir brot t.d. með aukaspyrnum, rangstöðudómum og vítum.
- Við endurtekin brot getur hann veitt annað gult spjald, sem þýðir að leikmaður er kominn með rautt spjald og tekur ekki frekari þátt í leiknum.
- Strax gefið rautt spjald við einstaklega gróf brot og leikmanni er umsvifalaust vísað úr leiknum.

Þessi lýsing er fullkomlega samanburðarhæf við þau lögbrot sem fjallað er um í þessari grein. Við hjá RSK fáum mörg símtöl og ábendingar frá rekstraraðilum sem kvarta yfir því að samkeppnisaðilar þeirra virði ekki lögin og hirði af þeim viðskipti fyrir vikið. En því miður þurfum við sem störfum í eftirliti oft að viðurkenna vanmátt okkar í að taka á og leysa úr slíkum málum, þó svo að um fullkomlega framin og sannanleg brot sé að ræða. Af skiljanlegum ástæðum eiga viðmælendur okkar ekki auðvelt með að sætta sig við slík málalok. Menn geta sjálfir leitt hugann að því hvaða áhrif þetta hefur á annars löghlýðna borgara.

## Að lokum

Það skortir á að fólk geri sér grein fyrir hversu þunglamalegar

málsmeðferðarreglur skattalaganna eru. Það getur tekið frá hálfu ári og upp í tvö til þrjú ár að leysa úr ágreiningi samkvæmt þeim. Það þarf að rannsaka málið, upplýsa það og ná fram viðurkenningu gjaldandans á tiltekinni atburðarlýsingu. Því næst þarf að tilkynna gjaldandanum hvað skatt- yfirvöld hafi í huga og gefa honum kost á að koma að andmælum. Að þessu loknu er hægt að hringa gjaldabreytingum í framkvæmd en þá er eftir kærumeðferð fyrir yfirséðanefnd eða dómstólaleið.

Í þjóðfélagi þar sem illa gengur að fjármagna samneysluna ætti að vera ríkur vilji til að leiðrétta það óréttlæti sem felst í því að þekktur hópur þegnanna hefur ákveðið að virða ekki einfaldar leikreglur samfélagsins.

Það getur vart talist ósanngjörn krafa að jafnt skuli yfir alla ganga. Það gengur alla vega ekki að einstaka aðilar komist upp með að vera með einkaútgáfur af lögum og reglum og þá gjarnan talsvert rýmri og þægilegri en hinn almenni borgari þarf að búa við. Því miður er stór hópur sem fer þessa leið.

Eftir lestur þessarar greinar er það von mín að lesandanum sé það ljóst að tap samfélagsins vegna skorts á úrræðum hjá skattyfirvöldum mun áfram viðgangast ef ekkert verður að gert svo skiptir tugum milljarða króna á hverju ári. Þetta er ekki einungis spurning um tapaðar tekjur heldur veldur þetta einnig ólíðandi ójöfnuði milli þegnanna, hvort sem það eru einstaklingar eða fyrirtæki. Við eigum ekki að sætta okkur við þetta ástand, heldur krefjast þess að gerðar verði þær lagabreytingar sem þarf til að veita eftirlitsaðilum raunhæf og virk úrræði til að takast á við þann vanda sem hér hefur verið lýst.

# Skattframkvæmd fyrr á árum

- Fjórði hluti -

## Hönnun skatteyðublaða

Útlit og framsetning skattframtalsins hafði verið óbreytt nánast frá upphafi. Það skiptist í fjóra aðalkafla: eignir, skuldir, tekjur og frádrátt, og átti framteljandi að færa á eftir prentuðum texta viðeigandi fjárhæð sem textinn kallaði eftir eða færa fjárhæð í auða línu ásamt viðeigandi texta til skýringa ef hann var ekki fyrir hendi.



### Guðmundur Guðbjarnason


er viðskiptafræðingur að mennt og hefur starfað hjá skattyfirvöldum í röska fjóra áratugi. Hann gegndi þýðingarmiklu hlutverki við innleiðingu skattabreytinganna 1980. Eftir það var Guðmundur skattranssóknarstjóri í rúm sex ár og síðar var hann forstöðumaður ársreikningaskrár ríkisskattstjóra.

undirrita framtalið. Það hjóna sem var eldra að árum var áritað í fremri dálki en það yngra í þeim aftari. Það gildi einnig gagnvart áritun sameiginlegs skattframtals einstaklinga í óvígðri sambúð. Þannig var gætt hlutleysis er varðaði hvort hjóna eða sambúðaraðila væri haft á undan á framtalinu. Einstaklingar notuðu sömu útgáfu framtalsins en slepptu að fylla út þriðju blaðsíðu þess, hvort sem um karl eða konu var að ræða.

Að undirbúningi og frágangi endanlegrar útgáfu skattframtalsins og hönnun annarra skatteyðublaða komu, undir stjórn Sigurbjörns Þorbjörnssonar ríkisskattstjóra og Ævars Ísberg vararíkisskattstjóra, þeir Jón Zophoníasson frá SKÝRR og Sverrir Júlíusson frá fjármálaráðuneytinu ásamt Garðari Valdimarssyni skattranssóknarstjóra, Jóni Guðmundssyni námskaiðsstjóra RSK og Guðmundi Guðbjarnasyni viðskiptafræðingi við embættið, greinarhöfundu.

Vinnuhópurinn sem fjármálaráðherra hafði skipað og sagt var frá í síðustu Tíund, lagði til að skattframtalinu og fylgiblöðum þess yrði gjörbreytt, skattframtal einfaldað í framsetningu og auðskilið hverjum framteljanda sem vildi sjálfur fylla það út. Jafnframt að endurhönnuð og kynnt yrðu ný fylgiskjöl sem liggja ættu til grundvallar færslu fjárhæða á framtalið. Taldi hópurinn að gerð framtalseyðublaðsins væri frumforsenda fyrir útfærslu hugmynda um vélvinnslu þess og ákvörðunartöku varðandi með hvaða hætti vinnutilhögun á skattstofu væri best hagað. Hafði vinnuhópurinn það að leiðarljósi að einfalt yrði fyrir framteljanda að telja fram til skatts, skattframtalið þjónaði vel tilgangi sínum til vélvinnslu og auðveldaði úrvinnslu á skattstofum. Jafnframt

varð að hafa í huga við hönnunina að það samræmdest kröfum sem lögin gerðu til framtals hjóna og sambúðarfólks sem óskaði eftir samsköttun. Átti það bæði við sérstaka framtalsgerð hvors hjóna um sig varðandi sjálfsaflatekjur og tilgreindar frádráttarheimildir frá þeim tekjum, svo og um sameiginlegt framtal eignatekna og eigna og skulda, auk þess að auðvelda framteljendum að komast að niðurstöðu um skattstofna. Þá varð að gæta jafnréttissjónarmiða sem skattalögin áttu að endurspegla, m.a. um hjón, ekki síst vegna aðskilinnar skattálagningar á hvort um sig. Það varð niðurstaða vinnuhópsins að hafa skyldi eitt sameiginlegt framtal fyrir hjón sem sýndi nauðsynlega aðgreiningu hvors um sig, en það tæki jafnframt til sameiginlegra þátta og skyldu þau bæði





## Framtalseyðublaðið


Nýja eyðublaðið var sett upp í fjórum köflum með skýringatextum eins og hið fyrra en í stað lína voru settir upp reitir sem fengu heiti í samræmi við hvaða fjárhæðir átti að skrá í þá. Blaðsíða 1 var til útfyllingar á eignum hjóna ásamt vaxta- og arðstekjum. Blaðsíða 2 var til útfyllingar á sjálfsafletekjum og frádráttar frá þeim fyrir karlinn en blaðsíða 3 fyrir sömu liði hjá konunni. Blaðsíða 4 var fyrir eignatekjur, þ.m.t. arðs- og vaxtatekjur af fyrstu blaðsíðu, skuldir hjónanna, útreikningskafla fyrir vaxtatekjur til frádráttar og eignarskattsstofn, svo og greinargerð um kaup og sölu eigna. Hver reitur fékk einnig kódanúmer (skráningarnúmer) og heiti miðað við hvaða og hvers konar tekju- og frádráttarfjárhæðir ætti að færa í þá. Sömu reitanúmerin komu fram á blaðsíðum 2 og 3.

Lögð var áhersla á að koma mætti fyrir sjálfstæðum (sundurliðuðum) tekju- og frádráttarfjárhæðum hvernar tegundar tekna og frádráttar til að það kallaði á betri framtalsskil, t.d. reit fyrir bifreiðahlunnindi eða húsnæðishlunnindi, þótt minnihluti framteljenda þyrfti á þeim að halda. Þá voru aðeins reitir fyrir skilgreindar og heimilaðar frádráttarfjárhæðir. Hugmyndin á bak við þetta var að framteljandi stæði frammi fyrir því hvort færa ætti tekjufjárhæð í reitinn eða ekki. Með

óutfylltum reit sagði framteljandi að hann hefði ekki haft tilgreindar tekjur sem þar ætti að færa eða ætti rétt á frádrætti ef um frádráttarreit væri að ræða. Samtals voru 17 reitir ætlaðir tekjulíðum og auk þess einn kafla, T5, þar sem færa átti lífeyrisgreiðslur og eftirlaun og ýmsar tegundir bóta og styrkja frá Tryggingastofnun, váttryggingafélögum o.þ.h. greiðslur skv. 2., 3. og 4. tölul. A-liðar 7. gr. laganna. Skattendurskoðandi kódamerkti við yfirferð á framtali hverja þessara fjárhæða fyrir sig í kafla T5 og þær voru síðan skráðar þannig aðgreindar eftir tegund og greiðanda.

Launatekjur voru færðar í kafla T1 og ef þær voru frá fleiri en einum launagreiðanda voru þær lagðar saman og samtalan færð í samtölureit 21 og skráð, en ekki eftir hverjum og einum launagreiðanda. Frádráttarreitir voru alls 20. Það varð að taka tillit til þeirra ákvæða laganna annars vegar að leggja skuli opinber gjöld á hvort hjóna um sig og varðandi sérskattlagningu sjálfsafletekna hvors þeirra, og hins vegar að eignartekjur þeirra og E-frádráttur færðist aðeins til skattlagningar hjá því hjóna sem hærri hefði „hreinar launatekjur“ samkvæmt skilgreiningu laganna, þ.e. A-tekjur að frádregnum A-, C- og D-frádrætti eða föstum 10% frádrætti. Einnig varð að taka tillit til sameiginlegs framtals eigna og skulda og skiptingu álagningar eignarskatts milli hjónanna. Stilla varð upp tekju- og

frádráttarreitum þannig að rekja mætti hjá hvoru hjóna eignartekjur ættu að skattleggjast og E-frádráttur færðist, og af hvaða fjárhæð reikna mætti fastan 10% frádrátt frá tekjum í stað D- og E-frádráttar. Fastur 10% frádráttur reiknaðist af A-tekjum að frádregnum tilgreindum A-frádrætti, s.s. ökutækjastyrk, dagpeningum og skyldu-sparnaði. Með lögum nr. 75/1981 kom ákvæði um lágmarksfjárhæð frádráttar fyrir einstaklinga og einstæð foreldri. Ef framteljandi fyllti út fjárhæðir í reitum fyrir D- og E-frádrátt valdi tölvan hagkvæmari frádráttarheimildina eftir því sem slík niðurstaða gaf tilefni til. Tekjuskattsstofn hvors hjóna um sig kom fram á blaðsíðum 2 og 3 og einstaklinga og einstæðra foreldra á blaðsíðu 2. Vegna sérákvæða um skattfrelsi bankainneigna með tilliti til skulda varð að gera sérstakan kafla á framtalinu til að framteljandinn gæti reiknað eignarskattsstofninn út, svo og fjárhæð vaxtatekna sem færa skyldi til frádráttar framtöldum vaxtatekjum á framtalinu. Þetta var heilmikið þúsl, eingöngu vegna framteljandans, því vélræn úrvinnsla framtalsins var alveg óháð þessari framsetningu. Þar var eingöngu horft til reita- og kódanúmers fjárhæða hvers skráðs reits. Textar við alla reiti voru í skattalit hvers árs (blár, brúnn eða grænn til að aðgreina framtalsárin) nema textar við frádráttarreitir sem voru alltaf í rauðum lit. Sama gilti



um prentlit fylgiskjala skattframtals nema eyðublaðsins *Kaup og sala eigna* sem var alltaf í svörum prentlit, en gert var ráð fyrir að fylla mætti það eyðublað út um leið og kaupsamningur væri gerður. Reitunum átti eftir að fjölga með breytingu á lögum en frádráttarliðir féllu að mestu leyti niður með gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1988. Kafla T5 var strax á næsta ári, 1981, skipt í tvo kafla, T2 fyrir lífeyrisgreiðslur og eftirlaun þar sem 10% fastur frádráttur reiknaðist einnig af þeim tekjum, og kafla T6 fyrir aðrar greiðslur skv. 2., 3. og 4. tölul. A-liðar 7. gr. laganna.

Allar fjárhæðir á framtalinu í reitum með yfirdekkum númerum, svo og fjárhæðir kóðaðar af skattendurskoðendum

”

## ***Pegar í upphafi árs 1979 voru komin frumdrög að framtalseyðublaði sem unnin voru nánar og þau kynnt á fundi með skattstjórum á Laugarvatni dagana 3. og 4. júlí það ár***

voru tölvuskráðar. Samtölur og fjárhæðir sem, voru færðar á milli númeraða reita voru ekki skráðar nema einu sinni. T.d. var skráning vaxtatekna í reit 12 sem færðar voru í reit 73 sem C-tekjur og aftur í kafla fyrir vaxtatekjur til útreiknings frádráttar tekjufærðra vaxtatekna ekki endurskráðar. Sama gilti með vaxtagjöld sem skráð voru í reitum 87, 88 og 90 en samtala þeirra í reit 60 (á bls. 2 og 3) var ekki skráð.

Þegar í upphafi árs 1979 voru komin frumdrög að framtalseyðublaði sem unnin voru nánar og þau kynnt á fundi með skattstjórum á Laugarvatni dagana 3. og 4. júlí það ár. Á fundinum voru einnig kynnt önnur skattframtalseyðublöð, þ.e. framtal fyrir börn innan 16 ára aldurs, launafamtal og greiðslumiði til útfyllingar ýmissa greiðslna sem ekki var ætlast til að kæmu fram á launamiðum og launafamtali. Dagana 26., 27. og 28. september sama ár var haldinn fundur á skrifstofu ríkisskattstjóra með starfsmönnum frá öllum skattstofum landsins, og var verkefni fundarins að yfirfara og prófa þá tillögu að skattframtali sem kynnt hafði verið á fundi með skattstjórum á Laugarvatni. Með starfsmönnum sátu Guðmundur Guðbjarnason og Jón Guðmundsson fundinn og stýrðu honum. Prófun skattframtalseyðublaðsins fór þannig fram að notuð voru ljósrít af fjölda framtala 1979

og efni þeirra yfirfært á hið nýja eyðublað.

Miklar umræður og vangaveltur spunnust á þessum fundi og margar ábendingar og tillögur komu fram hjá þátttakendum. Samin var skýrsla þar sem fram komu athugasemdir, ábendingar og tillögur um texta og skýringar, uppröðun reita og yfirskrift þeirra, m.a. um breytingu á uppsetningu á 1. og 4. bls. framtalsins. Var unnið úr þessum athugasemdum og ábendingum allan október og tók upphafleg framsetning allnokkrum breytingum. Skattframtal barna innan 16 ára var í samræmi við framtal manna eftir því sem við átti.

Það var ofarlega í huga stjórnenda embættisins að kynna lögina og hið nýja

skattframtal vel fyrir almenningi og ekki síst meðal endurskoðenda, lögfræðinga og annarra sem aðstoðuðu framteljendur, svo og fyrir starfsfólki skattkerfisins. Það var gert með þáttum í sjónvarpi og í útvarpi og umfjöllun í dagblöðunum. Einnig var gefinn út fjórblöðungur sem lagður var fram ásamt ítarlegum leiðbeiningum um útfyllingu skattframtalsins og sendur á hvert heimili með skattframtalinu. Á öðrum helmingi hverrar blaðsíðu hans var sýnishorn af útfylltu framtali með nákvæmum skýringum á hinum hluta blaðsíðunnar. Þarna var sýnt hvernig framteljandinn gat rakið sig niður eftir framtalinu og komist að niðurstöðu varðandi skattstofna til tekjuskatts og eignarskatts, en ekki til útsvars þar sem sérreglur giltu þá um ákvörðun útsvarsstofns eins og greint var frá í kaflanum „Útsvar og aðstöðugjald“ í þriðja hluta þessa greinaflokks.

Fullyrða má að framtalinu var vel tekið af almenningi og þótti flestum framsetning þess skýr og það þægilegt til útfyllingar.

### **Önnur eyðublöð með skattframtali manna**

Þá var hafist handa við að endurskoða og endurhanna og útbúa sjö eyðublöð sem fylgiskjöl með skattframtali þegar

hönnun þess var frá. Fyrst má telja *Framhaldsblað með skattframtali*. Það var ætlað þeim framteljendum sem þurftu fleiri línur fyrir einstakar upplýsingar en framtalið bauð upp á. Færa átti niðurstöðu hvers kafla af *Framhaldsblaðinu* í línu í samsvarandi kafla í framtalinu með tilvísun til *Framhaldsblaðsins*. Sett var í umferð nýtt eyðublað *Kaup og sala eigna* þar sem fram komu reitir fyrir sundurliðaðar upplýsingar um kaup- eða söluverð, hvernig greiðslur féllu til og lántökur og yfirtökur skulda með áföllnum verðbótum í sambandi við viðskiptin, svo og um útreikning söluhagnaðar ef við átti. Ný *húsbyggingaskýrsla* og *ökutækjaskýrsla* yfir bifreiðastyrk og rekstarkostnað bifreiðar var hönnuð. Tvö ný eyðublöð voru hönnuð fyrir umsókn um ívilnun skv. 66. gr., annars vegar *Umsókn B vegna náms barna eldri en 16 ára* og hins vegar *Umsókn A fyrir aðrar ástæður ívilnunar*. Sjöunda eyðublaðið fyrir dagpeningagreiðslur og frádrátt frá þeim var endurhannað ári síðar en eldri útgáfa notuð fyrsta árið. Auk þess voru eyðublöð vegna upplýsingaöflunar, s.s. *hlutafjármiðar*, *afurðarmiðar*, *samtalningsblöð*, *greiðslumiðar vegna annarra greiðslna en launa- og verktakagreiðslna* og *bótamiðar* vegna bóta frá Tryggingastofnun samræmd í útliti.

Á bakhlíð allra fylgiskjala voru ítarlegar leiðbeiningar um útfyllingu þeirra, svo og voru prentaðar greinar úr lögum og reglugerðum eftir því sem við átti. Kappkostað var að eyðublöðin væru þannig auðveld og skiljanleg í útfyllingu til að sem réttust niðurstaða yrði færð á framtalið.

### **Skattframtal lögaðila og fylgiskjöl með skattframtali rekstraraðila**

Vinnuhópurinn taldi ekki tímabært á þessum tíma að fjalla um vélvinnslu þeirra upplýsinga sem fram kæmu í efnahags- og rekstrarreikningi manna sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða ársreikningum lögaðila. Þó lá fyrir að skattstofnar til tekjuskatts og eignarskatts yrðu tölvuskráðir eins og áður af skattframtali lögaðila. Aukin vélvinnsla persónuframtala og launafamtala ásamt launamiðum var talin forsenda þess að unnt yrði að beina auknum mannafla skattstofanna að ítarlegri athugun á skattskilum atvinnurekstrar. Þó var rædd hugmynd í hópnum um gerð sérstaks sundurliðunarblaðs þar sem fram kæmu upplýsingar um heildarveltu, vörunotkun o.s.frv., sem gerðu það kleift að reikna út brúttóálagningu innan atvinnugreina og finna atriði sem gætu



orðið undirstaða vals á úrtaki rekstraraðila sem teknir yrðu til frekari eða sérstakrar endurskoðunar. Gerð voru drög að eyðublaði, svonefndu *rekstrarblaði*, til notkunar við sundurliðun á aðstöðugjaldsstofni sem jafnframt átti að þjóna þeim tilgangi að leiða fram nokkra innri þætti rekstrarreiknings, sundurliðaða eftir atvinnugreinum, til notkunar við eftirlits- og rannsóknarstörf. Það varð svo að veruleika þegar lög um tekjustofna sveitarfélaga voru endurskoðuð í ársbyrjun 1980 og ákvæði sett um að sérstök greinargerð um aðstöðugjaldsstofn skyldi fylgja framtali rekstraraðila sem ekki hafði verið krafist áður. Einnig komu hugmyndir að skráningu upplýsinga af væntanlegu samræmingarblaði en horfið var frá því.

Þá lá fyrir að endurskoða þurfti, endurhanna og útbúa fimmtán eyðublöð og skýrslur sem fylgiskjöl með skattframtali rekstraraðila. Fyrst má telja endurhönnun á tveimur skýrslum eða stöðluðum rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir landbúnað og sjávarútveg, þ.e. fyrst og fremst smábátaútgerð, svonefnda trillubátaútgerð.

*Landbúnaðarskýrslan* og *sjávarútvegsskýrslan* voru einu stöðluðu reikningsskilaförmin sem unnin höfðu verið af skattyfirvöldum í mörg ár fyrir skattskil einstaklinga í landbúnaði og smábátaútgerð. Þessar atvinnugreinar voru almennt stundaðar af einrykjum. Á þessum árum voru bændur almennt ekki bókhaldskyldir nema þeir seldu afurðir sínar beint til smásala eða neytenda og bókhald trillukalla ekki talið vera mikið að vöxtum. Samkvæmt lögum nr. 40/1978 voru þó allir sem höfðu með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skyldir til að leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning með skattframtali. Bændur voru ekki skyldir til að færa og halda bókhald fyrir en með gildistöku laga um virðisaukaskatt 1990 og laga um bókhald 1995. Þeim var engu að síður gert skylt að geyma öll gögn varðandi reksturinn og var landbúnaðarskýrslan ætluð til að auðvelda þeim framtalsgerðina. Vinnuhópurinn taldi að æskilegt væri að vinna að fleiri stöðluðum reikningsskilaförum fyrir aðrar atvinnugreinar einstaklinga og voru þar tilgreindir lækna, lögfræðingar, tannlækna, verkfræðingar og leigubifreiðastjórar. En ekkert varð úr því. Það var ekki fyrr en með gjaldárinu 1997 sem staðlað skattframtal fyrir atvinnurekstur kom fram og almenn notkun þess varð skylda á gjaldárinu 1998.

## Skattframtal lögaðila

Skattframtal lögaðila var svo til óbreytt. Á framtalið voru aðeins skráðar niðurstöðufjárhæðir (þ.e. skattstofnar tekjuskatts og eignarskatts) eftir skattalegar leiðréttingar á niðurstöðum rekstrar- og efnahagsreiknings. Voru þeir samdir í samræmi við bókhald félagsins og bókhaldslög þess tíma til samræmis við ákvæði skattalaga um tekjuskattsstofn og eignarskattsstofn, og að teknu tilliti til yfirfærðs rekstartaps liðinna ára og framreiknings þeirra. Þessar skattalegu leiðréttingar voru iðulega sýndar á skattframtalinu eða fylgiskjali með því sem félagið útbjó. Skráðir voru liðirnir „eignir alls“ og/eða „skuldir alls“ og „tekjur alls“ og/eða „frádráttur alls“, svo og tillag í varasjóð og síðar tillag í fjárfestingasjóð þegar sá frádráttur var leiddur í lög.

## Landbúnaðarskýrslan

Vegna samþykktar laga frá árinu 1979 um Framleiðsluráð landbúnaðarins og þeirra krafna um upplýsingagjöf sem þar voru settar fram til skattkerfisins var nauðsynlegt að aðlaga *landbúnaðarskýrsluna*. Sama má segja um upplýsingar frá kaupendum eða greiðendum landbúnaðarafurða, svonefnda *landbúnaðarafurðamiða*, þar sem gefa þurfti nákvæmari upplýsingar um sundurliðun afurða, bæði hvað snerti magn og verð. *Landbúnaðarskýrslunni* var því breytt á þann veg að til viðbótar upplýsingum á fyrstu blaðsíðu um bústofn og breytingar á honum milli ára var efnahagsreikningur á fjórðu blaðsíðu. Var eignum skipt annars vegar eftir veltufjármunum og fastafjármunum og hins vegar skuldir og eigið fé. Samanburðardákkur vegna samsvarandi eigna og skulda í árslok fyrra árs var settur upp til að auðvelda bændum að reikna verðbreytingarfærsluna og af þeirri ástæðu var helmingi af matsverði bústofns skipt milli flokkanna þar sem aðeins helmingur matsverðs bústofns var í stofni til útreiknings verðbreytingarfærslu. Á sömu blaðsíðu var útreikningsdálkur til uppgjors á rekstrartekjum/tapi og skiptingu reiknaðs endurgjalds á milli hjóna og barna innan 16 ára. Á blaðsíðum 2 og 3 færðust sundurliðaðar tekjur og rekstrarkostnaður.

Á árinu 1982 var *landbúnaðarskýrslan* aftur endurskoðuð og gerð að sex blaðsíðna skýrslu. Á blaðsíðu 5 kom fram uppgjör á rekstrartekjum að teknu tilliti til reiknaðs endurgjalds rekstraraðila, þ.m.t. maka og barna, niðurstaða verðbreytingarfærslu og skiptingar hagnaðar eða taps á milli hjóna, ef þau töldust bæði standa fyrir rekstrinum, og yfirfæranlegt rekstrartap fyrra árs ásamt framreikningi þess.

Ef um samrekstur, þ.e. félagsbú, var að ræða var fyllt út greinargerð um skiptingu reiknaðs endurgjalds, hagnaðar eða taps og eigið fé til færslu á persónuframtöl rekstraraðilanna. Auk þess voru útreikningsreitir fyrir uppgjör birgða og niðurfærslu þeirra. Á blaðsíðu 6 var greinargerð fyrir eignabreytingar, s.s. kaup og sölu búfjár á fæti, fasteigna og lausafjár. Enn fremur var þar rekstraryfirlit félksbifreiða, þ.m.t. jeppa, sem notaðir voru við búreksturinn og til einkanota. Bændur gátu því sleppt því að fylla út önnur eyðublöð sem framangreindar upplýsingar náðu til. *Landbúnaðarskýrslan* er fyrst og fremst fyrir bændur með hefðbundinn búskap eða ef hann er meginþáttur í rekstri búans.

Ítarleg sundurliðun rekstrarreiknings hafði tvíþættan tilgang. Annars vegar að auðvelda bændum að telja fram og leiðbeina þeim með prentuðum texta hvaða tekjur bæri að telja fram og hvaða útgjöld (reikninga) var heimilt að telja til gjalda. Sama átti við um eignaliði og skuldir þar sem bændur studdust ekki við fært bókhald við gerð rekstrar- og efnahagsreiknings. Hins vegar vegna óska Framleiðsluráðs landbúnaðarins um nákvæmari upplýsingar á *landbúnaðarskýrslum* samkvæmt ákvæði í lögum um Framleiðsluráð vegna væntanlegra ákvörðunar á framleiðslukvóta í landbúnaði.

*Landbúnaðarskýrslan* gat talist vel til þess fallin að vera tölvuskráð en þar sem enginn skattalegur ávinningur var talinn fenginn með því á þeim tíma var hún aldrei tölvuskráð, en ljósrituð fyrir Framleiðsluráð landbúnaðarins samkvæmt ákvæði í lögum um Framleiðsluráð eins og fyrr segir.

Með landbúnaðarskýrslunni fylgdu árlega ítarlegar leiðbeiningar um útfyllingu skýrslunnar og greinargerðar um aðstöðugjaldsstofn.

## Skýrsla um útgerð og / eða fiskverkun (sjávarútvegsskýrslan)

Þar sem tíminn var orðinn mjög knappur þegar handrit að endurgerðri *sjávarútvegsskýrslu* var tilbúið í próförk var ákveðið að fresta prentun hennar og endurprenta útgáfu fyrra árs með nauðsynlegri breytingu á texta vegna endurmats og verðbreytinga. Á árinu 1981 kom ný útgáfa, *Skýrsla um útgerð og/eða fiskverkun*. Var skýrslan nú gerð bæði fyrir útgerð og fiskverkun ef viðkomandi útgerð var einnig með fiskverkun. Haft var í huga að um væri að ræða smábátaútgerð og samhliða henni sölu á verkuðum afla

eða eingöngu útgerð eða fiskverkun. Á framhlið skýrslunnar var gerð grein fyrir rekstraraðilum ef fleiri en einn stæði að rekstrinum og þá reiknuðu endurgjaldi hvers rekstraraðila fyrir sig, maka og barna, skiptingu á hagnaði og eigin fé. Þá voru reitir á blaðsíðu 2 og 3 fyrir uppgjör veiðafærabirgða og veiðafæranotkun, niðurfærslu birgða, uppgjör afurðabirgða (birgðabreytinga) og niðurfærslu afurða.

Þótt hafðar væru í huga þarfir smábátáutgerðar, sem á þessum tíma hélt ekki veigamikil bókhalð, fremur en landbúnaður, þá gátu einstaklingar með útgerð á stærri bátum eða stærri fiskverkun notfært sér skýrsluformið. Þó var ekki settur upp samanburðardákkur í efnahagsreikningi eins og í *landbúnaðarskýrslunni* og átti því að fylgja þessari skýrslu sérstakt útfyllt eyðublað fyrir verðbreytingarfærslu.

Með *sjávarútvegskýrslunni* fylgdu árlega ítarlegar leiðbeiningar um útfyllingu hennar.

### Greinargerð um aðstöðugjaldsstofn

Með lögum nr. 13/1980, um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, var skattstofn til útsvars aðlagður ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Enn fremur var stofn til aðstöðugjalds nánar skilgreindur og þá sem rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, þ.m.t. gjaldfærsla verðbreytingarfærslu en tekjufærsla verðbreytingarfærslu var dregin frá rekstrargjöldum. Aðstöðugjaldsstofn takmarkaðist við fjárhæð heildartekna. Rekstraraðilum, einstaklingum í atvinnurekstri sem og lögaðilum, var gert skylt að skila skattstjóra sérstakri greinargerð (framtali) um aðstöðugjaldsskyldan rekstrarkostnað í því formi sem ríkisskattstjóri ákvarðaði. Aðstöðugjald var fyrst lagt á gjaldárið 1963 af skattstjórum. Áður reiknuðu skattstjórar út stofn til aðstöðugjalds á grundvelli rekstrarútgjalda samkvæmt rekstrarreikningi sem fylgdi framtali rekstraraðilans. Aðstöðugjaldið rann til þess sveitarfélags þar sem reksturinn hafði fasta starfsstöð hverju sinni.

Tækifærið var því notað til að hanna framtalseyðublað til álagningar aðstöðugjalds *Greinargerð um aðstöðugjaldsstofn*. Með eyðublaðinu átti annars vegar að auðvelda framteljendum að ákvarða aðstöðugjaldsstofn og reikna út aðstöðugjaldið og hins vegar var það hannað þannig að tölvuskrá mætti upplýsingar af greinargerðinni um fjárhagslega

þætti rekstursins. Rannsóknardeild ríkisskattstjóra sá mjög mikinn hag í að fá tölvuunnar upplýsingar úr atvinnurekstrinum og geta þannig unnið betra úrtak til skattrannsóknar. Voru þessar upplýsingar hluti af stærra verki hjá rannsóknardeild með söfnun rekstrarlegra upplýsinga, m.a. úr söluskattsskrá og launafamtölum, í svokallaða flokkabók. Hún var aðallega notuð af skattrannsóknarstjóra til að velja fyrirtæki til rannsókna og eftirlits auk þess sem skattstjórar gátu valið fyrirtæki til endurskoðunar. Bæði Þjóðhagsstofnun og Hagstofan sýndu áhuga á að koma að hugmyndum sínum um öflun upplýsinga um einstaka þætti úr ársreikningum til hag-



Sverrir Júlíusson hagfræðingur var aðalhöfundur nýrra framtalseyðublaða sem tekin voru í notkun 1980.

skýrslugerðar og lögðu fram tillögur þess efnis. Ekki þótti unnt að taka þær til greina þar sem ekki lágu að baki þeim skattalegar ástæður til svo nákvæmrar sundurliðunar rekstrarupplýsinga sem þessar stofnanir óskuðu eftir.

Framsetning eyðublaðsins beindist að því að auðvelda framteljandanum að ákvarða skattstofninn út frá ársreikningi og skattkerfinu að tölvuskrá tiltekna rekstrarupplýsingar. Heildartekjur samkvæmt rekstrarreikningi voru skráðar og leiðréttingarfjárhæð á þeim til samræmis við skattalög og vöru- og/eða efnisnotkun annars vegar og annar rekstrarkostnaður hins vegar, þó ekki reiknuð laun sem voru undanþegin aðstöðugjaldi. Auk þess var skráð gjaldfærsla verðbreytingarfærslu eða tekjufærslu hennar. Ef um var að ræða starfsemi sem félli undir fleiri en einn gjaldflokk átti að fylla út hliðardálka eyðublaðsins og sameiginlegum

rekstrarkostnaði var skipt í útreiknuðum hlutföllum milli gjaldflokka. Ef starfsemin fór fram í öðru skattumdæmi en þar sem atvinnureksturinn var skattlagður (þ.e. utan lögheimilissveitarfélags) var útreiknaður skattstofn samkvæmt greinargerðinni sendur til viðkomandi skattstjóra ef sveitarfélag þess hluta starfseminnar var í skattumdæmi hans.

Greinargerðin kom að góðum notum fyrir skattkerfið sem safnaði staðgóðum upplýsingum um hinn aðskiljanlegasta rekstur. Gallinn var aftur á móti innanbúðarvandi sem skrifa má á tímaleysi skattstjóra við að undirbúa álagninguna. Þeir höfðu árum saman vanist því að ákvarða aðstöðugjaldið sjálfir, voru fljótir að því og skrifuðu stofninn á tiltekinn stað á framtalið. Töluvert var um það á þessum fyrstu árum að skattaðilar skiluðu ekki *greinargerð um aðstöðugjald*, sérstaklega stórir aðilar sem voru með aðstöðugjald í fleiri en einu gjaldþrepi eða starfsemi í fleiri en einu sveitarfélagi. Í stað þess að krefja þá um greinargerðina þótti ýmsum skattstjórum fljótlega að ákvarða gjaldstofninn sjálfir og setja niðurstöðuna um skattstofn og skattstig á aðstöðugjaldsgreinargerðina án nauðsynlegrar sundurliðunar. Á fyrstu árunum var því skráning greinargerðarinnar ekki mjög traust til vals á fyrirtækjum til skattrannsóknar eða til skatteftirlits. Annað var að framtöl í atvinnurekstri sem ekki voru lögð fram í skilafresti fyrir álagningu heldur í kærufresti voru ekki tölvuskráð við endurálagningu og því komust engar upplýsingar um þau í úrvinnslu tölvuskráðra upplýsinga. Þar með var allmikill fjöldi rekstraraðila ekki með allar rekstrarlegar upplýsingar í flokkabókinni.

Í bréfi ríkisskattstjóra, dags. 18. júní 1980 til skattstjóra „Skoðun aðstöðugjaldsgreinargerðar og undirbúningur hennar undir tölvuskráningu“ kemur m.a. fram að greinargerðin hafi tvíþættan tilgang:

1. Að fá fram stofna til álagningar aðstöðugjalds og iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjalds.
2. Að leiða fram atriði sem fyrirhugað er að tölvuskrá til hagnýtingar vegna endurskoðunar og rannsóknarverkefna.

Tölvuskráningin fór fram í tvennu lagi. Fyrst var skráður aðstöðugjaldsstofn ásamt gjaldstigi og stofn til iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjalds. Síðan voru upplýsingar vegna endurskoðunar og rannsóknarverkefna skráðar í sérumferð. Undirbúningur undir skráningu beggja



Þessara þátta átti að vera sameiginlegur hjá skattstjórum. Lagt var fyrir skattstjóra að aðgæta hvort greinargerðin væri fyrir hendi og ganga úr skugga um að hún væri í samræmi við upplýsingar í rekstrarreikningi og leiðréttingafærslur utan ársreiknings, s.s. aukafyrningar, svo og breytingar sem leiddu af breytingum skattstjóra á frádráttarbærum rekstrar-kostnaði, Skyldu skattstjórar bæta úr með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum. Skattstjórum var heimilað, vegna þess hve knappur tími var til að senda út kröfu um greinargerð fyrir álagningu 1980, að fylla sjálfir út greinargerð ef rekstrarreikningur gæfi nægjanlegar upplýsingar til útfyllingar, en eins og áður segir létu skattstjórar nægja að ákvarða stofninn án sundurliðunar eins og þeir höfðu viðhaft árum saman.

## Önnur eyðublöð fyrir rekstur

### Verðbreytingarfærsla

Til að auðvelda mönnum útreikning verðbreytingarfærslunnar og eftirlits með því að rétt væri farið með þennan útreikning var hannað nýtt eyðublað *Verðbreytingarfærsla*. Á þessu eyðublaði voru sundurliðaðar tegundir eigna sem telja bar í eignastofni til verðbreytingarfærslu, s.s. sjóðseign, viðskiptakröfur, skammtímakröfur, vörubirgðir, fyrirframgreiðslur og skuldabréf, svo og helmingur af verði búfjár, en skuldir (þó ekki eigið fé) voru aðeins tilgreindar með einni fjárhæð enda almennt ekki álitamál hvaða skuldir væri um að ræða. Þá voru gerðar skattalegar leiðréttingar áður en stofninn var ákvarðaður. Engar fjárhæðir af þessu eyðublaði voru tölvuskráðar.

### Endurmatsskýrsla og fyrningarskýrsla

Vegna ákvæða laga nr. 40/1978 um einkisþis endurmat allra eigna í atvinnurekstri, annarra en peningalegra eigna, varð að hanna nýtt eyðublað, *Endurmatsskýrsla*. Á endurmatsskýrsluna varð að færa sérhverja eign sem átti að endurmeta, kostnaðarverð hennar og fengnar fyrningar ef eignin var fyrnanleg og greina frá kaup- eða byggingarári en verðbreytingarstuðullinn miðaðist við hvert einstakt kaup- eða byggingarár. Kostnaðarverðið var þannig framreiknað með því að margfalda kostnaðarverðið (stofnverð) með verðbreytingarstuðli kaupársins sem myndaði þannig framreiknað kostnaðarverð fyrningargrunns sem fyrningin reiknaðist af þar til heildarfyrning næmi 90% af framreiknuðum fyrningargrunni.

Til frádráttar framreiknuðu kostnaðarverði reiknaðist sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu sem heimilaður var samkvæmt lögnum fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1978. Mismunur á endurmatshækkun stofnverðs frá upphafsári til upphafs árs 1979 og framreiknaðra fyrninga til ársloka 1978 var færður á endurmatreikning meðal eigin fjár.

### Fyrningarskýrsla

1980 byggðist svo á niðurstöðu sérhverrar endurmetinnar eignar og fenginna fyrninga af henni samkvæmt *endurmatsskýrslunni* og síðan fyrningu ársins af þeim grunni. Frá og með árinu 1981 varð að færa fyrningargrunn og fengnar fyrningar samkvæmt *fyrningarskýrslu* ársins áður

”

*Aðstöðugjald var fyrst lagt á gjaldárið 1963 af skattstjórum. Áður reiknuðu skattstjórar út stofn til aðstöðugjalds á grundvelli rekstrarútgjalda samkvæmt rekstrarreikningi sem fylgdi framtali rekstraraðilans*

inn á fyrningarskýrslu ársins, framreikna (endurmeta) fyrningargrunn og fengnar fyrningar með verðbreytingastuðli ársins og fyrna af endurmetnum fyrningargrunni. Nettómatshækkun eftirstöðva fyrningarverðs milli ára var færð á endurmatreikning meðal eigin fjár.

Þáðar þessar skýrslur voru í afbrigðilegri stærð, eiginlega afskurður af A3 formi þar sem framlengingin náði ekki A4 á breidd, en brotin yfir í A4 form.

### Rekstraryfirlit fólksbifreiða

Á þessu endurhannaða eyðublaði gerði framteljandi grein fyrir rekstrarkostnaði einkabifreiðar sem notuð var jöfnum höndum í atvinnurekstri og til einkanota til að sýna fram á hversu stór hluti rekstrarkostnaðar bifreiðar væri vegna atvinnurekstrar hans.

### Niðurfærslu- og samanburðarblað

Þetta eyðublað var hannað til að framteljandi reiknaði út niðurfærslu vörubirgða og viðskiptakrafna og sýndi fram á hvaða liði ársreiknings laun og aðrar framtalskyldar greiðslur á launamiða væru færðar. Svo og var sýndur samanburður á söluskattsskýrslum og niðurstöðu ársreiknings.

### Samræmingarblað fyrir atvinnurekstur manna

Þetta eyðublað var hannað til að framteljandi gæti sýnt skattalegar leiðréttingar á niðurstöðufjárhæðum rekstrar- og efnahagsreiknings sem saminn væri í samræmi við bókhald hans og bókhaldslög þess tíma til samræmis við ákvæði skattalaga um tekjuskattsstofn og eignarskattsstofn að teknu tilliti til yfirferðra rekstrartapa liðinna ára, og framreikning þeirra. Svo og var gerð grein fyrir skiptingu reiknaðs endurgjalds (eigin reiknaðra launa) milli rekstraraðila, maka og barna.

### Samanburður framlagðra eyðublaða og framtals (ársreiknings)

Þrátt fyrir að eyðublöð þessi ættu að vera bæði framteljendum og skattendur-

skoðendum til hjálpar kom fram gagnrýni frá skattendurskoðendum um að erfitt væri að halda utan um öll þessi eyðublöð og fullvissa sig um að á þeim hraða sem yfirferðin krafðist væri unnt að fylgjast með að öll eyðublöð væru til staðar.

Til að koma til móts við þennan vanda var útbúinn listi yfir þau eyðublöð sem fylgja skyldi framtali eftir því sem við átti. Listinn var sendur skattstjórum og gátu skattendurskoðendur sjálfir fjölfaldað hann eftir þörfum. Skattendurskoðendur áttu við yfirferð framtala að merkja við hvort viðeigandi eyðublað væri til staðar með framtalinu og niðurstöðufjárhæðir rétt færðar á framtal. Á listanum voru talin upp eftirfarandi eyðublöð ásamt reit til að haka í: *rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, landbúnaðarskýrsla, sjávarútvegsskýrsla* og eftirtalin eyðublöð: *endurmatsskýrsla, fyrningarskýrsla, verðbreytingarfærsla, rekstraryfirlit fólksbifreiða, niðurfærslu- og samanburðarblað, samræmingareyðublað* og að lokum *greinargerð um aðstöðugjald*. Það var því ærið verk að halda utan um öll gögn og kanna þau og fullvissa sig um að nauðsynlegar upplýsingar væru fyrir hendi með framtalinu.

# Álagning lögaðila 2011



**Páll Kolbeins** er rekstrarhagfræðingur að mennt og hefur starfað hjá ríkisskattstjóra í rúman áratug. Áður starfaði hann hjá fjármálaráðuneytinu. Páll hefur séð um birtingu og vinnslu skattatölfræði á vef ríkisskattstjóra og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga til birtingar í Tíund síðustu ár.


**Pótt skammt sé liðið frá álagningu og framtöl enn að berast gefa þau framtöl sem borist hafa ágæta mynd af rekstri fyrirtækja á árinu 2010.**

Undir lok októbermánaðar voru lögð opinber gjöld á lögaðila. Nú voru 45.263 lögaðilar á skattgrunnskrá, 36.837 tekjuskattsskyld félög og 8.426 lögaðilar sem undanþegnir eru tekjuskatti, opinberir aðilar, félagasamtök, húsfélög og félög í starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni. Á undanfönum árum hefur lögaðilum á skattgrunnskrá fjölgað mikið. Árið 2002 voru 25.659 lögaðilar á skrá. Síðastliðin tíu ár hafa 19.604 lögaðilar verið skráðir, 17.971 tekjuskattsskyld félög og 1.633 lögaðilar sem undanþegnir eru tekjuskatti. Nú voru því nær helmingi fleiri tekjuskattsskyld félög á skrá en fyrir tíu árum. Öðrum lögaðilum hefur fjölgað minna, eða um 24%.

Fjölgun lögaðila á undanfönum árum er sérstaklega áhugaverð í ljósi þróunar fjölda íbúa í landinu. Árið 2002 voru 224.914 einstaklingar á skattgrunnskrá. Nú í ár voru þeir 35.850 fleiri, eða 260.764. Einstaklingum á skattgrunnskrá hefur því fjölgað um 15,9% á tíu árum. Skráðum lögaðilum hefur því fjölgað mun hraðar en einstaklingum á skattgrunnskrá. Þannig voru að jafnaði 8,7 einstaklingar um hvern lögaðila árið 2002 en nú var einn lögaðili á skrá fyrir hverja 5,7 einstaklinga. Það er því nokkuð ljóst að einhverjar breytingar hafa orðið sem hafa leitt til þess að fleiri félög eru stofnuð. Fyrst og fremst hefur einkahlutafélögum fjölgað og nú er svo komið að langflest félög sem skráð eru,

## Velta félaga 2011

Upphæðir í milljörðum króna



Framtalsár

## Helstu atvinnugreinar

	Fjöldi	Hagnaður	
Önnur fjármálafyrirtæki	22	461	14,1%
Álframleiðsla	5	215	6,6%
Frysting fiskafurða, krabbadyra og lindýra	87	151	4,6%
Farþegaflutningar með áætlanarflugi	6	110	3,4%
Útgerð fiskiskipa	173	94	2,9%
Heildverslun með lyf og lækningavörur	36	92	2,8%
Umboðsverslun með fisk og fiskafurðir	67	90	2,7%
Stórmarkaðir og matvöruverslanir	49	67	2,0%
Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	358	66	2,0%
Heildverslun með fast, fljótandi og loftkennt eldsneyti og skyldar vörur	10	65	2,0%
<b>Öll félög</b>	<b>17.945</b>	<b>3.276</b>	



eru einkahlutafélög. Sem fyrr segir fjölgaði gjaldskyldum félögum um 17.971 á árunum 2002 til 2011. Þar af voru 17.049 einkahlutafélög, eða 94,9% nýstofnaðra félaga.

## Einkahlutafélög


Allt frá árinu 1994 hafa einkahlutafélög verið langalgengasta form nýrra skráðra fyrirtækja hér á landi. Það ár voru samþykkt ný lög um einkahlutafélög samhliða því að lögum um hlutafélög var breytt. Hér var um að ræða lið í því að aðlaga íslenskt lagaumhverfi ákvæðum EES-samningsins. Árið 1996 voru öll skráð hlutafélög, sem ekki uppfylltu skilyrði ákvæða breyttra laga um hlutafélög, skráð sem einkahlutafélög. Það eru helst þrjú atriði sem skýra mikla fjölgun einkahlutafélaga síðan þá. Auðvelt var að stofna einkahlutafélag með aðeins einum eiganda sem takmarkaði ábyrgð sína við hlutafé sitt sem var lægra en í hefðbundnu hlutafélagi og eigið fé félagsins. Einstaklingum með rekstur var gert kleift að umbreyta einstaklingsrekstri í einkahlutafélag án þess að eignir væru skattlagðar við yfirfærslu í einkahlutafélag. Þá hafa breytingar á tekjuskatti einstaklinga annars vegar og lögaðila hins vegar leitt til þess að margir hafa séð skattalegt hagræði í því að færa rekstur sem áður var rekinn á kennitölu einstaklings yfir í einkahlutafélag. Á sama tíma og félögum fjölga hefur einstaklingum sem reikna sér endurgjald fækkað mikið. Við þetta má svo bæta auknum efnahagslegum umsvifum og tækifærum í þjóðfélaginu, útlánastarfsemi banka og fjármálastofnana, tilurð eignarhaldsfélaga og síðast en ekki síst ákveðinni viðhorfsbreytingu sem varð í garð fjármálaumsýslu.

## Eignarhaldsfélög


Eignarhaldsfélögum hefur fjölgað mikið á undanförmum árum. Árið 2011 voru 3.162 félög skráð í atvinnugrein 64.20.0, starfsemi eignarhaldsfélaga, sbr. atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar, Ísat-2008. Fyrir tíu árum voru 611 félög skráð í atvinnugrein 74.15, rekstur eignarhaldsfélaga, skv. atvinnugreinaflokkunarkerfinu Ísat-95. Þremur árum fyrr voru 240 eignarhaldsfélög á skattgrunnskrá. Þessum félögum fjölgaði mjög samfara vexti fjármálastarfsemi hér á landi og auðfengnu lánsfé. Á árabílinu 2004 til 2007, framtalsárin 2005 til 2008, voru 1.674 ný eignarhaldsfélög skráð en alls voru 6.825 ný félög skráð hjá fyrirtækjaskrá á þessum tíma. Á þessum árum var því nær fjórða hvert félag sem skráð var hjá fyrirtækjaskrá eignarhaldsfélag. Flest þessara félaga eru stofnuð

## Hagnaður samkvæmt ársreikningi

Upphæðir í milljóðum króna



## Tap samkvæmt ársreikningi




um eignarhald á hlutabréfum sem keypt eru fyrir lánsfé. Þar sem bréfin eru eign og lánin eru lán félags er áhættan að einhverju leyti flutt yfir á bankann. Þegar erfiðara varð að fá lán fyrir kaupum á verðbréfum eða öðrum eignum hætti eignarhaldsfélögum að fjölga og nú fækkaði þeim í fyrsta skipti á milli ára. Þau voru 3.162 við álagningu nú en voru 3.171 í fyrra.

## Áætlanir

Lögaðilar eiga að skila skattframtali til ríkisskattstjóra fyrir miðjan september. Mánuði síðar hefur ríkisskattstjóri afgreitt framtölin og lagt skatt á tekjur félaga, og eru álagningarseðlar sendir út undir lok október. Eftir því sem fleiri félög hafa verið skráð hefur þeim fjölgað sem skila ekki framtali fyrir skilafrest. Þetta á jafnt við

hvort sem litið er til fjölda eða tiltölu. Nú bregður hins vegar svo við að 810 færri félögum voru áætlaðir skattar en fyrir ári. Það er í fyrsta skipti frá árinu 1997 sem þetta gerist. Árið 1997 áætluðu skattstjórar 17,1% félaga tekjur. Nú voru 26% félaga áætlaðar tekjur sem er þó ívið lægra hlutfall en síðastliðin tvö ár. Árið 2009 voru 27,3% félaga áætlaðar tekjur og við álagningu í fyrra var þetta hlutfall 28,6%. Þegar frá líður álagningu halda framtöl þó áfram að berast og eru þau afgreidd eins og um kæru sé að ræða. Yfirleitt er um félög með lítil eða engin umsvif að ræða. Ábyrgðarmenn þeirra ranka við sér og skila skattframtali þegar álagningar-seðill berst þeim í pósti. Á undanförmum árum hafa þó um 15% félaga ekki hirt um að skila framtali eins og þeim ber að gera

## Tekjuskattstofn



### Helstu atvinnugreinar 2011

	Fjöldi	Tekjuskattstofn
Starfsemi eignarhaldsfélaga	308	45 26,8%
Önnur fjármálafyrirtæki (bankar og sparisjóðir)	5	25 15,0%
Álframleiðsla	3	23 13,8%
Útgerð fiskiskipa	48	7 4,5%
Lögfræðipjónusta	175	4 2,7%
Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra	28	4 2,3%
Leiga atvinnuhúsnæðis	543	4 2,3%
Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	201	3 1,6%
Sérfræðilækningar	378	3 1,5%
Stórmarkaðir og matvöruverslanir	21	2 1,2%

Öll félög

7.283

167

lögum samkvæmt. Það er þannig viðbúið að niðurstöður álagningar taki nokkrum breytingum þegar líður frá skilafresti og fleiri skattframtöl berast. Flest stærstu fyrirtæki landsins hafa þó þegar skilað framtali vegna álagningar opinberra gjalda árið 2011 og því má ætla að þær upplýsingar sem borist hafa skattayfirvöldum gefi nokkuð góða sýn á rekstur fyrirtækja í landinu árið 2010.

### Velta og rekstrartekjur

Flest félög hafa það að markmiði að selja vöru eða veita þjónustu og skapa þannig arð fyrir eigendur, starfsmenn og viðskiptavini.

Á síðustu árum hefur velta af seldri vöru og þjónustu félaga aukist mikið. Hér er um að ræða virðisaukaskattsskylda veltu, undanþegna veltu (útflutningur) og veltu af undanþeginni starfsemi

en hér undir fellur ýmis mennta- og menningarstarfsemi sem og starfsemi fjármálafyrirtækja. Samkvæmt framtölum 2002 var velta fyrirtækja árið 2001 1.066 milljarðar. Hún jókst í 3.572 milljarða framtalsárið 2009 en lækkaði svo um rúma 469 milljarða á milli framtalsáranna 2009 og 2010, eða um 13,1% á milli ára. Nú var velta félaga 3.276 milljarðar. Í fyrra var velta fyrirtækja 3.228 milljarðar og því lítur út fyrir að velta muni hækka nokkuð á milli ára.

Þegar skoðað er hvernig velta skiptist eftir atvinnugreinum kemur í ljós að fjármálastarfsemi og álframleiðsla skera sig nokkuð úr. Velta 22 félaga sem skráð eru í atvinnugreinina önnur fjármálastarfsemi, en til þessarar atvinnugreinar teljast bankar og sparisjóðir, var 461 milljarður, sem er 14,1% veltu félaga. Fimm félög í álframleiðslu voru með um 215 milljarða

í veltu, sem eru um 6,6% samanlagðar heildarveltu félaga. Þá voru 87 fyrirtæki sem stunda frystingu sjávarafurða með rúman 151 milljarð í veltu, sem eru 4,6% veltu þeirra félaga sem búin voru að skila framtali 15. nóvember sl. Þá vekur athygli að 49 félög sem teljast til stórmarkaða og matvöruverslana voru með 67 milljarða í veltu, sem er tæpum einum milljarði meira en þau 358 félög sem störfuðu við reikningshald, bókhald, endurskoðun og skattaráðgjöf.

Rétt er að benda á að það er ýmsum erfiðleikum bundið að flokka fyrirtæki eftir atvinnugreinum. Hér er miðað við skráningu félags hjá fyrirtækjaskrá. Eins og gefur að skilja eru mörg félög í margþættri starfsemi og svo breytast áherslur í rekstri fyrirtækja frá einu ári til þess næsta. Þannig getur matvöruverslun verið skráð sem rekstur höfuðstöðva. Þetta er því ekki klippt og skorið en ætla má að atvinnugreinaamerking gefi þó einhverja mynd af meginstarfsemi félagsins.

Félög geta haft tekjur af sölu eigna sem ekki hafa verið keyptar til endursölu. Ef tekjur af sölu eða afhendingu, söluhagnaður eða aðrar tekjur hafa verið færðar með öðrum hætti í ársreikningi en á skattframtali, þá þarf að leiðrétta tekjurnar þannig að rekstrartekjur á skattframtali verði jafnar rekstrartekjum skv. ársreikningi félagsins. Rekstrartekjur félaga voru 3.190 milljarðar árið 2010, aðeins lægri en veltan, en 18.497 félög voru með rekstrartekjur. Skattalegar leiðréttingar valda því að rekstrartekjur eru lægri en velta.


### Hagnaður

Bróðurpartur rekstrartekna er nýttur til greiðslu kostnaðar sem fellur til við að afla þeirra og halda þeim við. Það sem stendur eftir þegar gjöld hafa verið greidd er ýmist hagnaður eða tap félagsins. Enn sem komið er er hagnaður um 82 milljörðum minni af rekstri fyrirtækja en í fyrra. Tap er einnig minna.

Hagnaður félaga jókst mjög mikið undir lok tíunda áratugarins. Samkvæmt framtali ársins 2002 var hagnaður skv. ársreikningum rúmir 64 milljarðar. Hagnaður jókst svo hröðum skrefum fram til framtalsársins 2008 en þá var hann orðinn 1.006 milljarður. Hann hrapaði svo niður í 348 milljarða árið 2008 en jókst árið eftir um rúman helming. Félög sem skilað höfðu framtali fyrir 15. nóvember sl. voru með 635 milljarða í hagnað skv. ársreikningum. Hér er um að ræða 11.762 félög eða 44,5% þeirra félaga sem búin voru að skila.



## Yfirfæranlegt tap



### Helstu atvinnugreinar 2011

	Fjöldi	Yfirf. tap
Önnur fjármálafyrirtæki	20	3.298 56,3%
Starfsemi eignarhaldsfélaga	1.728	1.209 20,6%
Leiga atvinnuhúsnæðis	1.678	179 3,1%
Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstraráðgjöf	409	157 2,7%
Heildverslun með lyf og lækningavörur	29	123 2,1%
Hitaveita	44	81 1,4%
Önnur ótalin starfsemi tengd fjármálaþjónustu	25	76 1,3%
Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	1.033	58 1,0%
Útgerð fiskiskipa	170	54 0,9%
Rannsóknir og þróunarstarf í líftækni	16	44 0,7%

### Öll félög

17.152 5.863

Svo virðist sem ýmis konar fjármálaumsýsla hafi rétt nokkuð úr kútnum árið 2010. Um 35,5% þeirra 635 milljarða sem félög töldu fram á framtali 2011 voru vegna 708 þeirra 2.298 eignarhaldsfélaga sem búin voru að skila framtali vegna rekstrarársins 2010. Þessi félög skiluðu 226 milljörðum í hagnað árið 2010. Þá skiluðu 16 af 28 félögum sem teljast til annarra fjármálafyrirtækja um 81 milljarði í hagnað. Bankastarfsemi og eignarhaldsfélög standa þannig samanlagt að baki 48,4% heildarhagnaðar félaga. Þá vekur athygli að 1.023 þeirra 2.437 félaga sem stunda leigu á atvinnuhúsnæði voru með samanlagt tæpa 34 milljarða í hagnað. Þá virðist einnig hafa rofað nokkuð til hjá bílasölum en 33 bílasölur skiluðu níu milljörðum í hagnað árið 2010.

Sem fyrr segir eru tekjur eignarhaldsfélaga, sem eru í eðli sínu líkari

verðbréfasjóðum en raunverulegum framleiðslufyrirtækjum, matskenndar. Tekjur myndast þegar verðbréfaferð hækkar eða eignir eru endurmetnar. Verðbreytingin er færð til tekna þó svo að tekjurnar hafi ekki verið innleystar. Hagnaðurinn þarf þannig ekki að vera í hendi til að skapa fyrirtækinu tekjur. Það er því ekki loku fyrir það skotið að stór hluti hagnaðar félaga nú, hvort sem litið er til skuldum vafinna fjárfestingarfélaga eða annarra félaga, sé að einhverju leyti til kominn vegna krafna sem lánardrottinnar hafa gefið eftir og því tekjufærðar hjá hlutaðeigandi félagi.

### Tap

Það er ekki síður áhugavert að skoða þau félög sem rekin voru með tapi árið 2010. Sem fyrr segir var samanlagt tap skv. ársreikningi þeirra félaga sem skilað hafa skattframtali vegna rekstrarársins 2010

1.200 milljarðar, 1.943 lægra en skv. framtölum ársins 2010. Tap hefur minnkað mikið frá framtali 2009 en þá færðu íslensk félög 11.666 milljarða tap til bókar. Nú hafa 12.693 félög skilað skattframtali sem sýndi tap vegna rekstrarársins 2010 og 14.817 félög hafa skilað framtali þar sem tap var af rekstri ársins 2009. Hér ber þó enn að hafa í huga að 36.837 félög eru á skattgrunnskrá og því eiga fjölmörg félög enn eftir að skila framtali.

Af þessu tapi voru 711 milljarðar vegna 1.380 eignarhaldsfélaga. Þetta eru 59,2% samanlagðs taps félaga. Þá töpuðu tíu önnur fjármálafyrirtæki 164 milljörðum. Tvennum sögum fer af félögum sem starfa við leigu á atvinnuhúsnæði en af þeim 2.437 félögum sem skráð eru í atvinnugreininni, og skilað hafa framtali vegna rekstrarársins 2010, voru 1.227 rekin með tapi. Þessi félög töpuðu rúmum 24 milljörðum. Loks vekur athygli tap 18 félaga sem starfa í atvinnugreininni starfsemi höfuðstöðva. Þessi félög töpuðu 24 milljörðum skv. ársreikningi 2010.

### Yfirfæranlegt tap

Félög sem eru rekin með tapi mega nýta tapið á móti hagnaði næstu ára. Þannig er tekjunum dreift yfir allt að átta tímabil. Félög sem rekin eru með hagnaði mega hins vegar ekki fresta skattgreiðslu og nýta tap næstu ára á móti skatti. Félög sem eru með sömu tekjur greiða því misháan skatt eftir því á hvaða tímabili tekjurnar urðu til. Tekjufærslutími skýrir þannig að nokkrum hluta mun hagnaðar skv. ársreikningi og skattstofns. Það er ólíklegt að mikið af því tapi sem varð til árið 2008 verði nýtt á móti tekjum í framtíðinni þar sem um fá fyrirtæki er að ræða og sum jafnvel í slitameðferð.

Síðastliðiðinn áratug jókst yfirfæranlegt tap fyrirtækja hröðum skrefum. Það var 169 milljarðar árið 2002, hækkaði í 407 milljarða árið 2007 og í 708 milljarða árið 2008. Við hrun bankakerfisins náði yfirfæranlegt tap áður óþekktum hæðum, en 6.383 milljarðar af þeim 11.666 milljörðum sem rekstraráðilar töpuðu árið 2008 voru fluttir yfir til næsta árs sem yfirfæranlegt tap. Bróðurpartur þessa taps er, eins og gefur að skilja, vegna föllnu bankanna sem eru enn framtalsskyldir hér á landi og því er tapið enn talið fram. Tap bankanna, sem voru alþjóðlegar fjármálastofnanir, var algerlega úr samhengi við það sem kalla mætti íslenskan veruleika. Önnur fjármálastarfsemi, eignarhaldsfélög og ýmis konar fjárfestingarfélög töpuðu einnig miklu þegar skuldir hækkuðu og eignaverð


## Helstu stærðir úr skattframtölum rekstraraðila sem voru búnir að skila framtali 15. nóvember 2011

Atvinnugrein Ísat-2008 Upphæðir í milljóðum króna	Fjöldi fyrirtækja			Velta			Rekstrartekjur samtals			Rekstrargjöld			Tap		
	2009	2010	2011	2009	2010	2011	2009	2010	2011	2009	2010	2011	2009	2010	2011
<b>BYGGINGARSTARFSEMI OG MANNVIRKJAGERÐ</b>	3.683	3.613	3.134	246	141	113	268	154	132	242	163	137	78	43	20
Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	1.729	1.691	1.432	124	70	57	143	80	71	130	91	75	59	28	14
Önnur ótalin sérhæfð byggingarstarfsemi	461	435	373	21	13	10	24	13	12	21	13	12	6	2	1
<b>FASTEIGNAVIÐSKIPTI</b>	3.728	3.727	3.343	62	63	63	95	72	71	54	49	47	456	84	34
Leiga atvinnuhúsnæðis	2.745	2.721	2.437	49	51	52	76	57	61	41	35	38	413	55	24
Kaup og sala á eigin fasteignum	216	237	215	3	1	1	4	2	2	3	6	2	7	14	3
<b>FÉLAGASAMTÖK OG ÖNNUR ÞJÓNUSTUSTARFSEMI</b>	606	614	526	9	9	9	10	10	10	9	9	9	2	0	0
<b>FJÁRMÁLA- OG VÁTRYGGINGASTARFSEMI</b>	2.998	3.104	2.645	1.032	751	580	685	647	584	7.100	1.817	643	10.359	2.874	945
Fjármögnunarleiga	10	9	8	13	13	10	9	7	5	43	10	23	37	5	26
Önnur fjármálafyrirtæki	38	29	28	856	582	461	462	301	456	6.476	1.227	370	7.247	856	164
Önnur lánaþjónusta	8	12	11	28	20	18	28	20	18	143	62	19	98	49	3
Önnur ótalin starfs.tengd fjármálaþj., þó ekki vátryggingaf. og lífeyrissj.	36	44	42	3	3	2	4	6	3	-6	37	46	3	29	39
Starfsemi eignarhaldsfélaga	2.596	2.710	2.298	82	94	38	90	206	50	383	425	133	2.865	1.880	711
Önnur ótalin fjármálaþjónusta, þó ekki vátryggingafélög og lífeyrissjóðir	119	117	94	3	1	1	43	68	1	2	2	1	36	9	1
<b>FLUTNINGAR OG GEYMSLA</b>	898	876	802	220	252	279	223	251	282	219	245	267	22	10	2
Farþegaflutningar með áætlunarflugi	10	9	7	96	105	110	97	103	110	99	105	104	3	7	1
Þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi	29	28	34	14	15	21	17	19	20	15	17	18	7	0	0
<b>FRAMLEIÐSLA</b>	1.846	1.865	1.699	574	589	689	561	569	670	490	522	580	126	38	10
Frýsting fiskafurða, krabbadýra og lindýra	100	116	109	115	131	151	109	120	138	88	96	112	67	9	2
Álframleiðsla	5	5	6	163	157	215	163	155	211	137	147	169	1	13	2
<b>FRÆDSLUSTARFSEMI</b>	336	375	334	7	7	8	7	8	8	9	11	11	4	4	3
<b>HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSPJÓNUSTA</b>	974	1.039	1.090	23	25	25	23	25	25	18	20	20	2	1	1
Sérfræðilækningar	427	459	494	9	10	9	9	10	10	6	7	7	1	0	0
<b>HEILD- OG SMÁSÖLUV., VIÐGERÐIR Á VÉLKÍNUNUM ÖKUTÆKJUM</b>	4.115	4.187	3.757	781	757	807	769	745	794	761	722	799	189	52	126
Bílasala	130	130	98	69	35	36	79	41	40	86	45	41	21	8	2
Heildverslun með fast, fljótandi og loftkennt eldsneyti og skyldar vörur	19	18	16	55	60	65	53	58	63	52	56	62	11	1	0
Umboðsverslun með fisk og fiskafurðir	108	102	93	64	67	90	58	66	90	69	65	89	24	2	1
Önnur blönduð smásala	71	83	88	54	51	58	52	48	55	50	45	63	6	2	12
Stórmarkaðir og matvöruverslanir	73	78	75	50	59	67	47	55	63	46	54	63	13	0	2
Heildverslun með lyf og lækningavörur	56	52	51	93	97	92	96	102	98	90	96	110	22	18	98
<b>LANDBÚNAÐUR, SKÓGRÆKT OG FISKVEIÐAR</b>	1.770	1.852	1.769	103	138	135	123	144	139	103	115	113	128	8	6
Útgerð smábáta	788	801	783	15	20	24	16	21	25	13	17	21	24	2	2
Útgerð fiskiskipa	245	256	241	72	102	94	88	105	95	74	82	75	95	4	2
<b>LEIGUSTARFSEMI OG ÝMIS SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA</b>	989	1.082	1.018	73	74	89	56	52	62	54	47	59	19	4	4
<b>MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARFSEMI</b>	595	618	568	11	10	10	12	10	11	11	9	9	4	1	1
<b>RAFMAGNIS-, GAS- OG HITAVEITUR</b>	99	108	100	141	131	136	95	99	111	63	74	75	136	3	1
Hitaveita	58	61	56	71	67	59	27	34	36	21	27	28	75	3	0
Framleiðsla rafmagns	28	33	30	37	34	44	37	34	43	19	26	25	26	0	0
<b>REKSTUR GISTISTADA OG VEITINGAREKSTUR</b>	1.016	1.042	934	51	55	55	52	56	57	51	53	54	19	5	2
Veitingastaðir	533	555	509	28	29	30	28	29	31	28	28	30	5	2	1
<b>SÉRFRÆÐILEG, VÍSINDALEG OG TÆKNILEG STARFSEMI</b>	2.890	3.056	2.813	99	92	145	111	103	92	93	85	82	82	34	30
Rannsóknir og þróunarstarf í líftækni	18	23	24	5	4	5	5	4	5	9	7	6	12	4	1
Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstrarráðgjöf	607	694	648	6	9	8	6	9	8	6	8	8	10	5	2
Lögfræðiþjónusta	275	300	312	9	13	14	9	13	14	7	9	10	1	1	1
Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	436	452	424	15	16	66	13	14	14	11	12	12	1	0	0
Starfsemi verkfræðinga	411	407	356	29	21	21	30	20	21	27	19	19	13	3	0
Starfsemi höfuðstöðva	32	33	32	5	5	5	17	19	6	5	8	4	37	18	24
<b>UPPLÝSINGAR OG FJARSKIPTI</b>	1.522	1.599	1.441	126	121	120	126	129	128	124	127	127	32	19	15
Þráðlaus fjarskipti	14	15	13	35	33	31	35	35	32	32	36	35	8	8	8
<b>VATNSVEITA, FRÁVEITA, MEDHÖNDLUN ÚRGANGS OG AFMENGUN</b>	64	64	62	10	9	10	11	9	11	10	9	10	6	2	1
<b>Samtals</b>	<b>28.788</b>	<b>29.370</b>	<b>26.457</b>	<b>3.572</b>	<b>3.228</b>	<b>3.276</b>	<b>3.233</b>	<b>3.086</b>	<b>3.189</b>	<b>9.416</b>	<b>4.080</b>	<b>3.048</b>	<b>11.666</b>	<b>3.182</b>	<b>1.200</b>



Hagnaður skv. ársreikn.			Tekjuskattstofn			Yfiræranlegt tap			Tryggingagjaldstofn			Eignir samtals			Skuldir samtals			Eigið fé		
2009	2010	2011	2009	2010	2011	2009	2010	2011	2009	2010	2011	2009	2010	2011	2009	2010	2011	2009	2010	2011
16	8	11	18	7	4	70	83	84	58	35	29	325	254	195	322	284	221	2	-29	-25
6	4	6	5	2	1	50	58	58	28	15	13	213	162	124	218	190	148	-5	-28	-23
1	1	1	1	1	0	5	5	4	5	3	2	20	17	13	22	18	13	-1	-1	-1
13	14	37	5	5	5	290	270	225	5	4	4	869	862	757	1.043	920	776	-174	-58	-19
11	10	34	4	4	4	241	209	179	3	3	3	695	694	625	860	723	619	-165	-29	6
0	1	1	0	0	0	8	13	11	0	0	0	41	29	26	40	43	37	1	-14	-11
0	1	1	0	0	0	3	2	2	3	3	3	7	6	5	7	6	5	-1	0	0
193	471	330	35	77	74	5.269	7.218	4.671	71	52	45	17.153	13.796	9.299	19.797	19.356	13.283	-2.645	-5.559	-3.984
0	5	0	0	0	0	11	1	10	1	1	1	106	93	69	126	70	43	-20	23	26
6	53	81	6	29	25	4.081	5.944	3.298	45	30	27	7.908	6.898	4.893	14.117	13.777	9.278	-6.209	-6.879	-4.385
3	1	1	1	1	2	104	49	43	5	3	3	762	93	85	662	111	109	99	-18	-24
38	22	5	1	1	0	1	81	76	1	1	1	756	668	447	226	455	437	530	213	9
77	302	226	22	43	45	1.008	1.078	1.209	12	11	6	5.743	4.417	3.372	4.392	4.726	3.266	1.350	-310	106
64	79	12	2	2	2	25	33	26	0	0	0	1.662	1.492	307	84	86	69	1.578	1.406	238
7	8	15	2	3	2	31	28	30	36	35	40	168	201	192	148	165	144	19	36	48
2	3	5	0	0	0	5	4	10	14	12	13	66	65	63	60	59	53	6	6	10
1	0	2	0	0	0	10	9	7	5	7	7	29	37	35	26	27	24	3	9	11
34	41	77	16	10	33	148	146	100	98	95	103	1.060	1.156	1.175	678	735	680	382	421	495
1	15	19	0	1	4	70	52	37	24	27	31	181	222	204	204	209	182	-23	12	23
19	3	27	9	2	23	6	22	3	11	11	12	406	440	459	169	233	254	237	207	205
1	1	1	0	0	0	1	2	1	6	7	7	6	6	5	5	5	4	1	1	1
4	5	4	4	5	4	3	3	3	8	8	8	16	17	20	12	12	13	4	5	7
2	3	2	2	3	3	0	1	0	2	3	3	5	5	6	3	3	3	2	2	3
19	49	52	12	17	13	145	192	206	77	70	72	1.422	1.231	1.014	1.185	974	874	236	257	141
0	0	9	0	0	1	8	22	16	7	5	5	40	30	22	49	46	31	-9	-16	-9
0	0	2	0	0	0	4	5	3	3	3	3	34	39	34	35	35	29	-1	4	4
4	6	5	2	5	1	4	3	2	1	1	2	119	129	69	51	40	35	68	89	34
0	1	0	0	0	0	5	5	4	4	4	4	32	30	22	26	25	29	6	6	-6
1	3	5	1	1	2	4	5	4	6	6	6	58	62	74	41	44	50	18	19	24
3	22	10	0	1	0	45	72	123	5	5	5	907	723	595	736	553	521	171	169	74
12	22	32	4	9	9	130	111	90	26	30	34	328	371	353	366	359	313	-38	12	40
1	2	4	1	1	1	26	26	24	3	4	5	39	42	42	57	61	57	-18	-18	-15
11	18	25	2	7	7	88	71	54	20	23	26	255	296	277	270	265	223	-15	31	54
5	7	10	7	3	3	14	14	11	15	14	15	51	64	64	53	60	49	-2	4	15
1	1	1	1	1	1	7	7	5	3	2	3	23	22	20	19	16	15	4	5	6
0	34	32	0	0	0	122	125	111	11	11	11	989	1.072	1.027	734	777	715	255	295	312
0	7	15	0	0	0	74	84	81	5	5	5	285	331	335	226	275	263	59	57	73
0	23	9	0	0	0	9	15	13	2	2	2	549	588	542	386	396	356	164	192	186
2	3	4	1	2	1	25	25	21	16	15	16	42	42	38	58	58	48	-16	-16	-10
1	1	1	1	1	1	8	7	6	9	8	9	13	13	12	17	16	14	-4	-3	-2
31	42	17	11	14	12	81	82	239	41	35	35	735	697	617	288	261	211	448	436	405
0	0	0	0	0	0	38	41	44	2	2	2	3	3	4	16	6	6	-13	-3	-2
1	2	2	1	1	1	8	6	157	3	2	2	21	16	18	20	17	14	1	-1	5
2	4	4	2	5	4	1	2	2	4	4	5	10	13	17	8	10	15	2	3	3
2	2	2	2	2	3	1	1	1	7	7	7	11	11	10	8	9	8	2	2	2
4	2	2	3	4	2	2	3	2	13	10	9	40	37	19	18	17	8	22	20	10
20	30	5	1	1	0	21	21	25	2	2	2	622	593	524	195	181	141	426	412	382
7	9	7	4	6	3	35	42	54	36	34	35	221	194	198	179	142	141	42	53	56
1	0	1	0	3	0	0	1	10	6	6	6	105	79	68	80	56	55	25	22	14
1	1	2	1	1	1	5	5	5	3	3	3	19	19	19	17	17	16	2	2	3
348	717	635	121	162	167	6.383	8.359	5.863	516	454	464	23.445	20.022	15.009	24.919	24.155	17.515	-1.474	-4.133	-2.506

## Tryggingagjaldstofn



### Helstu atvinnugreinar 2011

	Fjöldi	Tryggingagjalds- stofn	
Frysting fiskafurða, krabbadyra og lindýra	69	31	6,8%
Önnur fjármálafyrirtæki (bankar og sparisjóðir)	22	27	5,9%
Útgerð fiskiskipa	147	26	5,6%
Farþegaflutningar með áætlunarflugi	5	13	2,9%
Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	749	13	2,7%
Álframleiðsla	5	12	2,6%
Starfsemi verkfræðinga	208	9	2,0%
Veitingastaðir	346	9	1,9%
Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	300	7	1,6%
Þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi	20	7	1,6%

### Öll félög

12.723 464

lækkaði, sem og mörg rekstrarfélög sem fjármögnuð voru að stórum hluta með lánsfé. Það kemur sjálfsagt fáum á óvart að bróðurpartur yfirfærans taps félaga er bundinn við félög í fjármálastarfsemi. Það er alkunna að bankarnir Kaupþing, Landsbanki og Glitnir eiga hér stærstan hlut að máli, sem og nokkur eignarhaldsfélög, 20 bankar og sparisjóðir voru með 3.298 milljarða í yfirfæranslegt tap skv. skattframtali ársins 2011. Hér er um að ræða 56,3% yfirfæranslegs taps félaga sem skilað höfðu framtali um miðjan nóvember. Þó er rétt að geta þess að um miðjan nóvember sl. átti einn föllnu bankanna eftir að skila skattframtali fyrir árið 2010.

Eignarhaldsfélög eiga einnig mikið tap. Ef félög eru flokkuð eftir atvinnugreinum sést að 1.728 eignarhaldsfélög áttu 1.209 milljarða í yfirfæranslegt tap. Bankar og eignarhaldsfélög áttu 76,9% þeirra 5.863

milljarða sem voru samanlagt yfirfæranslegt tap félaga skv. skattframtali 2011. Leigufélög sem leigja út atvinnuhúsnæði áttu 179 milljarða tap en hér er um að ræða 1.678 félög. Það má leiða að því líkur að eðli þessara félaga sé í mörgum tilfellum ekki ósvipað starfsemi eignarhaldsfélaganna. Eignir hafi verið keyptar fyrir lánsfé og umskiptin sem urðu hér árið 2008 því komið illa við þessa starfsemi.

Þá er einnig athyglisvert, sérstaklega í ljósi góðrar stöðu margra bókhalds- og lögfræðistofa, að 409 félög sem störfuðu við viðskiptaráðgjöf og aðra rekstraráðgjöf voru með rúma 157 milljarða í yfirfæranslegt tap. Hér þarf enn að hafa í huga að atvinnugreinarmerking á skattframtali er fengin úr fyrirtækjaskrá og því kann starfsemi fyrirtækisins í sumum tilvikum að hafa breyst frá því sem var lagt upp með í byrjun. Það getur verið undir hælenn lagt

hvort að félag sem er í fjárfestingarstarfsemi er skilgreint og skráð sem leigufélag eða eignarhaldsfélag. Þá má geta sér þess til að félög sem stunda viðskipta- og rekstraráðgjöf hafi tapað á fjárfestingarstarfsemi en ekki vegna þess að laun eða leiga á skrifstofuhúsnæði, eða hvað annað sem annars til slíks rekstrar heyrir, vegi svo þungt í bókhaldi þessara félaga.

### Hreinar tekjur

Aðeins lítil hluti hagnaðar skv. ársreikningi er skattlagður hjá félögum. Af þeim 635 milljörðum sem voru hagnaður félaga sem skilað höfðu ársreikningi nú í nóvember vegna rekstrarársins 2010 mynduðu rétt tæpir 167 milljarðar tekjuskattstofn. Til viðbótar áætlaði ríkisskattstjóri félögum sem ekki skiluðu framtali fyrir skilafrest rúma 37 milljarða í tekjur og var tekjuskattur lagður á félögin samkvæmt því. Aðeins 26% af hagnaði var því skattlagður sem er þó nokkru hærra hlutfall en í fyrra. Við álagningu í október í fyrra var hreinn hagnaður fyrirtækja 120,4 milljarðar að viðbættum 72,7 milljörðum sem fyrirtækjum voru áætlaðir í vantaldar tekjur.

Mikil óvissa ríkir ávallt um hversu réttar áætlanir ríkisskattstjóra eru. Nú þegar eru hreinar tekjur skv. skattframtölum sem skilað hefur verið inn hærra en tekjuskattstofn skv. skattframtölum sem búið er að skila vegna framtalsársins 2010. Ef lítið er framhjá ákveðnum efasemdum um tekjur í vissum greinum sem ekki verða innleystar eru nokkuð góðar líkur á að tekjuskattstofn félaga muni hækka á milli ára.

Þegar skoðað er hvernig tekjuskattstofn, og þar af leiðandi tekjuskattur sem var í langflestum tilvikum 18%, skiptist eftir atvinnugreinum sést að 308 eignarhaldsfélög voru með tæpa 45 milljarða í tekjuskattstofn og nokkrir bankar voru með 25 milljarða. Samanlagt eru þetta 70 milljarðar, eða 41,8% tekjuskattstofns. Það kann að koma einhverjum á óvart að af þeim tíu atvinnugreinum sem mest er lagt á eru þrjár tengdar sérfræðiþjónustu. Tekjuskattstofn 175 félaga sem veita lögfræðiþjónustu voru tæpir 4,5 milljarðar, 201 félag sem starfar við reikningshald, bókhald og endurskoðun, eða skattaráðgjöf var með rúma 2,5 milljarða í skattskyldar tekjur, og þá voru 378 félög sem sérfræðilæknar starfa við með viðlíka hagnað. Til samanburðar var tekjuskattstofn 21 félags sem rak stórmarkaði og matvöruverslanir, og var með skattskyldan hagnað, rétt rúmri tveir milljarðar.



## Tekjuskattur

Nú í október voru lagðir 36,3 milljarðar á lögaðila í tekjuskatt en þar af voru 6,9 milljarðar byggðir á áætlunum ríkisskattstjóra. Áætlaður tekjuskattur var því 19% heildarálagningar. Í fyrra voru tæpir 30 milljarðar lagðir á lögaðila og voru rúmir 11 milljarðar byggðir á áætlun, eða 37,2%. Álagning árið 2009 sker sig nokkuð úr en þá voru 17,9 milljarðar áætlaðir félögum í tekjuskatt, sem voru þá 50,5% álagningarinnar. Áætlanir það árið voru þó sýnu minni en árið 2008. Það árið áætluðu skattstjórar félögum rúma 20,5 milljarða í tekjuskatt, sem voru þá 43% heildarálagningar.

Allt frá árinu 1999, en þá voru 15,6% tekjuskatts byggð á áætlun, hefur ekki verið áætlað jafn lítið. Að öllum líkindum mun álagning tekjuskatts því taka minni breytingum nú en undanfarin ár þegar frá líður frumálagningu. Í fyrra voru tæpir 29,8 milljarðar lagðir á félög. Þar af voru tæpir 18,7 milljarðar lagðir á skv. framtali. Nú stendur álagningin í rétt tæpum 28,5 milljörðum. Þegar litið er aftur til síðasta áratugar má ætla að álagning tekjuskatts verði um 15 til 20 prósentum hærra en lagt er á skv. skattframtölum sem borist hafa fyrir lok álagningar í október.

Álagður tekjuskattur skv. framtali var tæpir 29,4 milljarðar og hækkaði um 10,7 milljarða, eða 57,3%, á milli ára. Það er helst tvennt sem skýrir hækkingu tekjuskatts nú. Annars vegar hafa skil batnað og hins vegar var tekjuskattur á hagnað hlutafélaga hækkaður um 20% á milli ára, úr 15% í 18%, og um 39,1% hjá sameignarfélögum, samlagsfélögum, þrotabúum og dánarbúum, úr 23,5% í 32,7%. Þá var skattur á arðstekjur sameignarfélaga hækkaður um 80%, úr 10% í 18%. Hærra skattur á tekjur félaga skýrir ekki að fullu auknar tekjur ríkis af tekjuskatti. Þótt stutt sé frá framtalsskilum og að öllum líkindum eigi enn á bilinu sex til tíu þúsund framtöl eftir að berast þá lítur út fyrir að skattskyldar tekjur fyrirtækja hafi aukist nokkuð á milli ára.

## Tryggingagjald

Framan af síðasta áratugi hækkuðu laun í þjóðfélaginu frá ári til árs. Tryggingagjaldsstofn samanstendur af greiddum vinnulaunum, þóknunum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tegundum greiðslna og launa. Þar að auki er lagt tryggingagjald á greiðslur í lífeyrissjóði. Tryggingagjald hækkaði um 458 milljarða frá álagningu árána 2002 til 2008, úr 387 milljörðum í 845 milljarða, eða um 118,4% á sjö

árum. Árið eftir fall bankanna lækkuðu launagreiðslur í þjóðfélaginu um nær 100 milljarða, eða um 11,5%. Það hljóta að teljast mikil umskipti að launagreiðslur lækki um 100 milljarða á einu ári á sama tíma og verðmæti íslenskra peninga rýrnar verulega.

Þrátt fyrir að tryggingagjaldsstofn hafi lækkað eins og raun ber vitni hefur tryggingagjald sem lagt er á stofninn ekki lækkað að sama skapi, heldur hefur það þvert á móti hækkað. Eins og gefur að skilja hefur gjaldið verið hækkað svo um munar á undanfönum árum, en hér er um flatan skatt á öll laun að ræða. Þó svo að skatthlutfallið hafi í gegnum tíðina verið fremur lágt skilar tryggingagjald miklum tekjum til ríkisins þar sem skattstofninn er stór. Því getur til þess að gera lítil hækking á skatthlutfallinu þýtt mikla hlutfallshækkun á skattinum.

Tryggingagjald er samsett af tveimur gjöldum, almennu tryggingagjaldi og atvinnuþryggingagjaldi. Atvinnuþryggingagjald rennur í atvinnuleysistryggingasjóð en tekjur af almennu tryggingagjaldi renna til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almennatrygginga, fæðingarorlofsjóðs og til jöfnunar og lækunar örorkubyrði lífeyrissjóða. Þá fær Icepro 0,001% af gjaldstofni tryggingagjalds. Markaðsgjald er 0,05% af tryggingagjaldsstofni og lagt á með því.

Fyrir tíu árum var tryggingagjald 5,23% en hækkaði í 5,73% við álagningu 2004. Við álagningu 2007 var lagt 5,79% tryggingagjald á laun. Ári seinna var gjaldið lækkað niður í 5,34%. Um mitt ár 2009 var það hækkað verulega, eða í 7%. Tryggingagjald var svo hækkað í 8,65% árið 2010 og það er það sem var lagt á nú í október. Gjaldið hefur því hækkað um 66% á tíu árum. Atvinnuþryggingagjald hefur verið hækkað verulega, eða úr 0,8% árið 2002 í 3,81% árið 2011. Gjald í ábyrgðarsjóð launa hefur verið hækkað úr 0,04% í 0,25% á tíu árum. Almenn tryggingagjald var 4,34% árið 2002. Það var hækkað í 4,99% árið 2007. Nú er gjaldið 4,54% og hefur verið óbreytt frá álagningu 2008. Tryggingagjaldi er ætlað að standa straum af auknum útgjöldum ríkis vegna sérstakra aðstæðna í kjölfar hinna miklu umskipta sem urðu hér á haustdögum 2008.

Ríkisskattstjóri lagði nú rétt tæpa 65,4 milljarða á launagreiðslur, sem er tæpum 19,2 milljörðum meira en lagt var á tryggingagjaldsstofn fyrir ári. Þetta er hækking um 41,4% á milli ára. Öllum

lögaðilum er gert að skila tryggingagjaldi af launum starfsmanna. Þetta á jafnt við um félög sem eru rekin í ágóðaskyni sem um opinbera aðila, félagasamtök og aðra lögaðila sem greiða starfsfólki laun. Nú voru rúmir 43 milljarðar lagðir á laun starfsmanna félaga sem hafa það að meginmarkmiði að afla tekna og rúmur 22,1 milljarður á félög sem undanþegin eru tekjuskatti.

Í byrjun tíunda áratugarins voru 48% tryggingagjalds lögð á lögaðila sem undanþeginir eru tekjuskatti. Það má segja að hlutur undanþeginna lögaðila hafi farið stöðugt minnkandi síðan þá. Nú var þriðjungur tryggingagjalds lagður á lögaðila sem ekki reka starfsemi í ágóðaskyni.


Stærstu greiðendur tryggingagjalds eru lögaðilar sem sjá um opinbera stjórnsýslu, varnarmál og almennatryggingar. Þessir lögaðilar eru undanþeginir tekjuskatti og skila því ekki skattframtali til ríkisskattstjóra. Ef menn skoða hins vegar launagreiðslur fyrirtækja sem eru búin að skila skattframtali þá sést að launagreiðslur eru mestar í atvinnugreininni frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra. 69 fyrirtæki í þessari grein greiddu rúman 31 milljarð í laun, hlunnindi og aðrar greiðslur. Þessi grein greiðir 6,8% þeirra tæpu 464 milljarða sem félög greiddu í laun árið 2010. Þá greiddu 22 fjármála-fyrirtæki 27 milljarða í laun og hlunnindi, en þetta eru 5,9% launagreiðslna fyrirtækja í landinu. Þá greiddu 147 fyrirtæki í atvinnugreininni útgerð fiskiskipa rúma 26 milljarða í tryggingagjaldsskyldar greiðslur, en þetta eru 5,6% af heildarstofninum. Fimm fyrirtæki sem starfa við farþegaflutninga með áætlunarflugi greiddu samtals rúma 13,4 milljarða í laun og jafnmörg fyrirtæki í álframleiðslu greiddu 12 milljarða í laun. Það er athyglisvert að starfsemi verkfræðinga greiddi nær 9,5 milljarða í laun en 208 fyrirtæki í þessari grein greiddu tryggingagjald af launum árið 2010. Hér er um að ræða ívið hærra launagreiðslur en hjá öllum veitingageiranum en 346 félög í þeim geira hafa skilað skattframtali og greitt níu milljarða í laun árið 2010.

## Eignir


Síðasta áratug hafa eignir félaga aukist mjög mikið. Árið 2002 voru eignir skv. skattframtölum lögaðila 2.849 milljarðar. Þær jukust svo hröðum skrefum samfara vexti alþjóðlegrar fjármálastarfsemi hér á landi og voru orðnar 23.445 milljarðar í árslok árið 2008. Síðan þá hafa samlagðar eignir félaga rýrnað um 8.437 milljarða og stóðu í 15.009 milljörðum skv. framtölum 2011. Sennilega er hér að

## Eignir

Upphæðir í milljörðum króna



## Skuldir



einhverju leyti um tapaðar eignir og endurmat að ræða þó rétt sé að ítreka að enn eiga fleiri framtöl vegna álagningar í ár eftir að berast. Engu að síður ættu þessar tölur að gefa nokkuð góða mynd af þróun mála.

Nær þriðjung eigna fyrirtækja er að finna á skattframtölum 27 banka og sparisjóða. Þessi félög eiga eignir sem metnar eru 4.893 milljarða. Þá eiga 2.140 eignarhaldsfélög eignir sem metnar eru á 3.372 milljarða. Önnur ótalin fjármála-starfsemi sem tengist miðlun fjármagns með öðrum hætti en lánveitingum, s.s. áhættufjárfestingarfélög og fjárfestingarhópar, taldi fram eignir sem metnar voru á tæpa 307 milljarða. Hér er um að ræða

86 félög sem hvert um sig telja fram eignir. Þannig voru 57,1% eigna félaga í eigu fyrirtækja í þessum þremur greinum.

### Skuldir

Þar sem eignir voru í flestum tilvikum keyptar fyrir lánsfé jukust skuldir félaga samfara eignum. Skuldir félaga tóku að aukast mjög hratt fram til ársins 2008, en skv. framtali ársins 2009 voru skuldir orðnar 24.919 milljarðar eða 1.474 milljörðum hærra en eignir. Síðan þá hafa eignir og skuldir lækkað mikið, eignir þó sýnu meira en skuldir, og samanlagt eigið fé fyrirtækja því rýrnað ár frá ári. Skuldir félaga lækkuðu um 2.976 milljarða á milli

framtala árána 2010 og 2011. Á sama tíma rýrnuðu eignir um 3.818 milljarða. Mismunurinn, 842 milljarðar, er lækking á samanlögðu eigin fé íslenskra félaga. Sem fyrir segir voru samanlagðar eignir félaga 15.515 milljarðar. Skuldir voru 2.506 milljörðum hærra, eða 17.515 milljarðar. Eins og við er að búast eru skuldugustu félögin í fjármála-starfsemi. Hvort sem um er að ræða viðskiptabanka, fjárfestingarbanka eða fjárfestingarfélög má segja að þessi starfsemi þrífist, öðrum þræði, á lánsfé og fjárfestingum fyrir lánsfé. Samkvæmt þeim skattframtölum sem borist hafa skulduðu 26 bankar og sparisjóðir 9.278 milljarða. Þetta er rúmur helmingur skulda félaga, eða 53%. Þá skulduðu 1.886 eignarhaldsfélög 3.266 milljarða sem eru 18,6% af þeim 17.515 milljörðum sem félög skulduðu. Fyrirtæki sem stunda útleigu atvinnuhúsnæðis skulduðu 619 milljarða. Hér er um að ræða 2.140 félög.

Fyrirtæki í annarri ótalinni starfsemi tengdri fjármálaþjónustu, þó ekki váttryggingafélög og lífeyrissjóðir, skulduðu 437 milljarða. Hér er um að ræða 38 félög. Þá skulduðu 43 fyrirtæki sem eru skráð í atvinnugreinina heildverslun með lyf og lækningarvörur 521 milljarð. Fyrirtæki sem stunda framleiðslu á rafmagni skulduðu 356 milljarða, hitaveitur skulduðu 263 milljarða og álframleiðsla 254 milljarða. Á bak við þessar skuldir standa 24 rafmagnsveitur, 53 hitaveitur og sex félög sem framleiða ál. Fyrirtæki sem skráð eru í atvinnugreinina útgerð fiskiskipa skulduðu 223 milljarða, en 218 fyrirtæki standa á bak við þessar skuldir. Loks skulduðu 99 félög sem stunda frystingu fiskafurða, krabbadýra og lindýra 182 milljarða.

### Eigið fé

Samanlagðir ársreikningar félaga sem eru skattskyld hér á landi geta gefið villandi mynd. Hér er um óskylda aðila að ræða sem eru allt frá litlum fyrirtækjum með lítinn eða engan rekstur upp í alþjóðleg stórfyrirtæki með starfsstöðvar víðsvegar í heiminum. Meirihluti þeirra 26.457 félaga sem skilað höfðu skattframtali 15. nóvember sl. áttu bókfært eigið fé. Hér er um að ræða 15.593 félög sem áttu samtals 3.998 milljarða í eignir umfram skuldir. Nú hafa 29.369 félög skilað framtali vegna rekstrarársins 2009, álagningar 2010. Af þessum félögum áttu 16.776 félög meira en þau skulduðu. Skuldir 11.452 félaga voru meiri en eignir. Eigið fé félaga sem skilað hafa framtali vegna rekstrarársins 2010 var 5.423 milljarðar, 1.426 milljörðum hærra



en eigið fé þeirra félaga sem skilað hafa framtali vegna álagningar í ár. Þar sem mörg félög eiga eftir að skila framtali er ekki loku fyrir það skotið að eigið fé félaga eigi eftir að hækka eitthvað þegar frá líður álagningu.

### Eignir umfram skuldir

Sem fyrr segir er e.t.v. of snemmt að afskrifa alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi. Nú hafa 2.298 eignarhaldsfélög skilað skattframtali vegna rekstrarársins 2010 en þar af voru 1.376 með jákvætt eigið fé. Samanlagt eigið fé þessara eignarhaldsfélaga var 1.297 milljarðar sem er tæpur þriðjungur eiginfjár félaga. Þá voru 20 bankar, sparisjóðir og önnur fjármálafyrirtæki með 418 milljarða í jákvætt eigið fé. Hér er um að ræða 10,4% eiginfjár félaga. 25 félög sem starfa í atvinnugreininni *starfsemi höfuðstöðva* áttu 390 milljarða í eignir umfram skuldir. Eigið fé fimm fyrirtækja í álframleiðslu var 205 milljarðar og 21 félag sem hefur framleiðslu rafmagns að markmiði átti 186 milljarða í eignir umfram skuldir. Félög sem stunda útleigu atvinnuhúsnæðis voru með 112 milljarða í eigið fé, en hér er um að ræða 1.403 félög. Þá voru 123 félög með jákvætt eigið fé í undirstöðuatvinnuveginum *útgerð fiskiskipa*. Eignir umfram skuldir í greininni voru 85 milljarðar.


### Skuldir umfram eignir

Þegar þau félög sem skulda meira en þau eiga eru skoðuð sést að gríðarlegar skuldir umfram eignir má helst rekja til sjö bankastofnana sem voru samanlagt með 4.803 milljarða í skuldir umfram eignir. Þetta eru 73,8% af neikvæðu eigin fé. Þá voru 835 eignarhaldsfélög og 985 félög sem stunda leigu á atvinnuhúsnæði með 1.192 milljarða og 106 milljarða í skuldir umfram eignir. Samtals voru 10.050 félög með neikvæða eignastöðu og skulduðu þessi félög 6.504 milljarða umfram skuldir. Þar af skulduðu fyrirtæki innan þriggja atvinnugreina sem falla undir einhvers konar fjármála- eða leigustarfsemi 6.134 milljarða og fyrirtæki í sjávarútvegi 73 milljarða; 114 útgerðir 31 milljarð, 305 smábátaútgerðir tæpa 22, og 40 félög sem stunda frystingu fiskafurða skulduðu 20 milljarða umfram eignir.


### Önnur gjöld

Til viðbótar við tekjuskatt og tryggingagjald lagði ríkisskattstjóri nokkur smærri gjöld á lögaðila: búnaðargjald, jöfnunargjald alþjónustu, útvarpsgjald og skatt

## Eigið fé jákvætt



## Eigið fé neikvætt



á laun starfsmanna fjármálafyrirtækja. Búnaðargjald er 1,2% gjald sem lagt er á veltu búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum. Nú voru rúmar 175 milljónir lagðar á 574 fyrirtæki, sem er 14 milljónum meira en í fyrra, en þá var gjaldið lagt á 530 lögaðila. Jöfnunargjald alþjónustu er 0,1% gjald sem lagt er á veltu fjarskiptafyrirtækja. Gjaldið var lagt á 41 félag, jafnmörg og í fyrra. Nú voru 39 milljónir lagðar á félög sem er fimm milljónum minna en lagt var á í fyrra. Útvarpsgjald var lagt á 34.890 þeirra 36.837 félaga sem eru tekjuskattskyld. Lögaðilar greiða 625 milljónir í

útvarpsgjald. Skattur á fjármálafyrirtæki er 0,041% skattur sem lagður er á heildarskuldir fjármálafyrirtækja. Skatturinn var nú lagður á í fyrsta skipti en 978 milljónir voru lagðar á 19 fjármálafyrirtæki. Loks má geta þess að iðnaðarmálagjald, 0,08% gjald sem lagt var á veltu iðnfyrirtækja, var lagt á 9.198 fyrirtæki í fyrra. Þessi fyrirtæki greiddu þá 431 milljón í iðnaðarmálagjald. Iðnaðarmálagjald var fyrst lagt á 1994 (lög nr. 134/1993). Nú hefur gjaldið verið aflagt og var það ekki lagt á við álagningu 2011.

# DÓMAR



Dómur Hæstaréttar dags. 13. október 2011 í máli nr. 241/2010  
Þórður Már Jóhannesson gegn íslenska ríkinu

## Kaup- og söluréttur hlutabréfa fjármagnstekjur eða laun



**Guðrún Jenný Jónsdóttir** er lögfræðingur að mennt og hefur unnið við skattfrankvæmd í 12 ár. Hún hefur starfað hjá ríkisskattstjóra síðastliðinn áratug en starfaði áður á skattstofu Reykjanesumdæmis. Hún er nú sviðsstjóri alþjóðasamskipta hjá ríkisskattstjóra.

Í Tíund sem kom út í maí 2010 var að finna umfjöllun um dóm sem kveðinn var upp í héraðsdómi Reykjavíkur þann 22. mars 2010 og er vísað til þeirrar umfjöllunar hvað varðar frekari útlistun á málsástæðum aðila málsins. Í málinu var tekist á um hvernig skattleggja bæri kaup- og söluréttarsamninga sem stefnandi gerði um hlutabréf í vinnuveitanda sínum.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að Þórður gerði kaup- og söluréttarsamninga um hlutabréf í Straumi hf. Á skattframtali 2005 vegna tekjuársins 2004 gerði hann grein fyrir sölu hlutabréfa í framangreindu félagi að nafnverði kr. 14.000.000 og nam söluverðið kr. 91.700.000. Þá var tilgreint í framtalinu að hlutabréfin hefðu verið keypt á árinu 2003 og að kaupverð hafi numið kr. 44.100.000. Söluhagnaður næmi skv. þessu kr. 47.600.000 og var sú fjárhæð færð Þórði til tekna sem söluhagnaður hlutabréfa og sætti skattlagningu í 10% skattþrepi við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2005.

Til grundvallar framangreindum hlutabréfaviðskiptum lágu kaupsamningar og söluréttarsamningar í nafni Þórðar og einkahlutafélags í hans eigu. Hlutabréfa-kaup Þórðar voru fjármöggnuð með láni frá Íslandsbanka hf. og þegar Þórður lét af störfum hjá Straumi voru hlutabréfin seld.

Í úrskurði yfirséttarnefndar í máli Þórðar kemur fram að í samkomulagi hans og Straums hafi í skattalegu tilliti í raun falist nýting á kauprétti og telja hefði átt

fram til skattskyldra launa í skattframtali 2005 mismun á kaupverði hlutabréfanna og söluverði þeirra.

Í dómi héraðsdóms í máli sem Þórður höfðaði til ógildingar á úrskurði ríkisskattstjóra og úrskurði yfirséttarnefndar er vísað til þess að þeir samningar sem um er deilt í málinu hafi verið gerðir í ljósi þess sambands sem var á milli Þórðar og Straums, þ.e. vinnuveitanda og launþega. Af þeim sökum sé um að ræða skattskyld hlunnindi í skilningi 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga. Dómurinn taldi að ekki væri unnt að líta framhjá því að aðeins rúmu ári eftir að upphaflegir samningar voru gerðir gat Þórður selt hlutabréfin á ríflega tvöföldu verði. Áhættan af hlutabréfaeigninni samkvæmt söluréttarsamningnum hefði þannig fyrst og fremst verið táknræn. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu, með vísan til framangreinds og forsendna í úrskurðum ríkisskattstjóra og yfirséttarnefndar, að fjárhagsleg ábyrgð og áhætta Þórðar af viðskiptunum hafi verið hverfandi. Þá tók dómurinn undir það með ríkisskattstjóra og yfirséttarnefnd að líta yrði svo á að söluréttarsamningurinn og tengdir samningar hafi í skattalegu tilliti falið í sér nýtingu Þórðar á kauprétti á umræddum hlutabréfum í Straumi. Söluhagnað af bréfunum bar þannig að telja fram sem skattskyld laun en ekki sem fjármagnstekjur.

Þórður áfrýjaði niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar sem kvað upp dóm



sinn þann 13. október 2011. Hæstiréttur rakti í dómi sínum að í samningi Þórðar og Straums hefðu falist þrjú atriði og að áhrif þeirra gátu ráðist af nánari atvikum á næstu þremur árum eftir gerð samninganna;

1. Þórði hefði verið heimilt að þremur árum liðnum að selja Straumi hlutabréfin aftur fyrir upphaflegt kaupverð ásamt fjármögnunarkostnaði af láni sem hann tók vegna kaupanna að frádregnum útgreiddum arði;
2. Straumi hefði verið heimilt að kaupa aftur hlutabréfin hvenær sem er á tímabilinu fyrir upphaflegt kaupverð auk áður nefnds fjármagnskostnaðar og að frádregnum arðinum;

3. Þórður gekkst undir þá kvöð að selja ekki hlutabréfin á þessu þriggja ára tímabili.

Þá vísaði Hæstiréttur til þess fordæmis sem fælist í dómi réttarins í máli nr. 626/2010 sem kveðinn var upp þann 31. mars sl. (Bjarki H. Diego gegn íslenska ríkinu). Þá kemur fram að enginn vafi geti leikið á því að með samningi Þórðar og Straums voru honum veitt hlunnindi sem skattskyld væru samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga. Orðrétt segir svo í dóminum: „Með gerð samkomulagsins við Straum Fjárfestingabanka hf. 18. júní 2004 um niðurfellingu söluréttar og kvaðar um lágmarkseignarhaldstíma losnaði áfrýjandi

undan viðjum kaupréttar vinnuveitanda síns og naut þannig til viðbótar almennum launatekjum ávinnings af störfum sínum í hans þágu sem svaraði til hækkunar á verði hlutabréfanna frá upphaflegu kaupverði þeirra, sbr. 9. gr. laga nr. 90/2003.“

Hæstiréttur vísaði að síðustu til þess að sú meginforsenda í úrskurði ríkisskattstjóra og úrskurði yfirskattanefndar að tilvist söluréttarins hafi valdið því að kaup Þórðar á hlutabréfunum hafi ekki orðið endanleg fyrir en við niðurfellingu söluréttarins í júní 2004 fái ekki staðist og því verði að fella úrskurð ríkisskattstjóra úr gildi.

## Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 282/2011 Íslandsbanki hf. gegn þrotabúi AB 258 ehf.

# Fjármögnunarleiga eða lán?

Málsatvik eru þau að AB 258 ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta í janúar 2010. Íslandsbanki hf. lýsti kröfum í þrotabúið sem byggðu á samningi um fjármögnunarleigu. Skiptastjóri þrotabúsins hafnaði kröfunni vegna óvissu um lögmæti gengistryggingar í umræddum samningi og vegna þess að ekki lægi fyrir mat á eignum. Bankinn og þrotabúið urðu ásátt um að vísa ágreiningi um kröfuna til héraðsdóms.

Íslandsbanki, sóknaraðili, krafðist þess aðallega að krafa að fjárhæð kr. 14.311.954, sem lýst var í þrotabú AB 258 hf., nyti réttarstöðu samkvæmt 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Þrotabúið, varnaraðili, krafðist þess að krafa bankans yrði lækkuð í kr. 7.330.789 og að hún yrði viðurkennd sem almenn krafa.

Sóknaraðili byggði kröfur sínar á því að umræddur fjármögnunarleigusamningur falli utan við gildissvið laga um vexti og verðtryggingu þar sem um sé að ræða leigu en ekki lán. Af þeim sökum hafi verið heimilt að semja um gengistryggingu og dómar Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010 væru þannig ekki fordæmisgefandi. Sóknaraðili vísaði til þess að í samningnum væri kveðið á um leigugreiðslur, eignaréttur að hinu leigða

héldist hjá leigusala til samningsloka og að í lok samningstíma skuli greiða upp leigugjald. Eðlismunur sé á fjármögnunarleigu og kaupleigu og ekki skipti máli þó samið sé um í fjármögnunarleigusamningi að leigutaki geti samið um kaup á hinu leigða í lok samningstímans. Sóknaraðili benti á að skattyfirvöld hafi talið að innheimta bæri virðisaukaskatt af heildarfjárhæð reikninga í fjármögnunarleigusamningum en að greiðslur samkvæmt kaupleigusamningum bæri að meðhöndla sem afborganir í almennum afborgunarviðskiptum og því væri ekki lagður virðisaukaskattur á þær greiðslur.

Varnaraðili byggði kröfur sínar m.a. á því að umræddur samningur aðila sé í raun og veru lánasamningur. Fordæmi Hæstaréttar sbr. dóma í málum nr. 92/2010 og 153/2010 hafi því fullt gildi í málinu. Samkvæmt samningnum eigi varnaraðili réttindi og hafi skyldur gagnvart seljanda tækisins. Vanefndir seljanda hafi þannig verið sóknaraðila óviðkomandi. Þá hafi leiguverðið verið ákvarðað út frá kostnaði sóknaraðila við fjármögnun kaupanna en ekki raunverulegu verðmæti samningsandlagsins. Greiðslur varnaraðila hafi þannig miðast við endurgreiðslu á kaupverði tækisins að

viðbættum vöxtum og vaxtaálagi. Varnaraðili vísaði og til þess að sömu skilmálar hafi gilt að stofni til um kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga og því séu ekki forsendur fyrir hendi til að skilja á milli þessara tegunda. Ennfremur vísaði hann til þess að samkvæmt samningnum hafi átt að greiða vexti af greiðslum hans en almennt beri leigugreiðslur ekki vexti. Varnaraðili benti á að greiðsluskylda hans hafi verið óháð afnotum af því tæki sem samningurinn tók til. Það styðji ennfremur að greiðslur hafi ekki verið fyrir afnot eða leigu á tækinu heldur væri um að ræða endurgreiðslur á því fé sem bankinn hefði lánað til kaupa á tækinu.

Í úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur er komist að þeirri niðurstöðu að Íslandsbanki hf. hafi í raun og veru veitt AB 258 ehf. lán til kaupa á þeirri vél sem samningurinn tók til. Samningurinn hafi þannig ekki verið raunverulegur leigusamningur heldur lánssamningur sem bankinn kaus að klæða í búning leigusamnings. Forsendurnar fyrir þessari niðurstöðu eru eftirfarandi:

- Það var varnaraðili sem hafði frumkvæði að kaupum á vélinni og kom fram sem kaupandi gagnvart seljanda hennar.

- Vanefndir seljanda voru sóknaraðila óviðkomandi.
- Umsamið leiguverð var ákvarðað út frá kostnaði sóknaraðila við fjármögnun kaupanna en ekki raunverulegu verðmæti vélarinnar.
- Meðferð kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga sem sóknaraðili gerði voru eins.
- Sóknaraðili færði vélinu ekki sem eign í bókhaldi sínu heldur færði hann kröfuna samkvæmt samningi aðila til eignar og tekjur af samningnum voru færðar sem vaxtatekjur en ekki leigutekjur.
- Greiðslur samkvæmt samningnum báru vexti.
- Ekki verður séð að samhengi hafi verið milli greiðslna varnaraðila og afnota af tækinu og var greiðsluskylda óháð afnotum.
- Sóknaraðila var heimilt að innheimta

fullar leigugreiðslur þó svo að samningi aðila væri rift á grundvelli vanskila.

Að fenginni þessari niðurstöðu komst héraðsdómur Reykjavíkur að því í úrskurði sínum að fordæmi þau sem fram koma í dómum Hæstaréttar í málum 92/2010 og 153/2010 ættu við. Var því fallist á kröfu varnaraðila.

Sóknaraðili kærði úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar og krafðist þess aðallega að viðurkennd yrði krafa á hendur varnaraðila að fjárhæð kr. 22.049.044. Varnaraðili krafðist staðfestingar á hinum kærða úrskurði.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að ákvæði hinna sérstöku skilmála í samningi aðila séu ákaflega ruglingsleg og óskýr og að í skilmálunum séu mörg atriði sem að illa samrýmast leigusamningum. Þá vísar Hæstiréttur til sömu forsendna og gert var í hinum kærða úrskurði. Síðan

segir í dómi Hæstaréttar að þegar litið er til þessara forsendna „verður að telja að þótt umræddur samningur 16. ágúst 2007 sé nefndur fjármögnunarleigusamningur sé það heiti nafnið tómt.“ Því verði að líta svo á að í raun hafi verið veitt lán til kaupa á vinnuvél sem bankinn kaus að klæða í búning leigusamnings. Hæstiréttur lagði því til grundvallar að um væri að ræða lánsamning í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001. Ákvæði um gengistryggingu í samningnum voru því í andstöðu við fyrirmæli framangreindra laga sbr. áður nefnda dóma Hæstaréttar. Hinn kærði úrskurður var því staðfestur.

Eins og fram kom hér að framan höguðu aðilar virðisaukaskattsskilum sínum og tekjuskattsskilum í samræmi við leiðbeiningar skattfyrivalda um fjármögnunarleigusamninga. Ríkisskattstjóri hefur til athugunar hvernig brugðist verði við dómi Hæstaréttar.

## Dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-751/2011 Grund, elli- og hjúkrunarheimili gegn ríkisskattstjóra

# Getur dvalar- og hjúkrunarheimili talist vera íbúðarhúsnæði?

Málsatvik eru þau að stefnandi, sem rekur dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Reykjavík, fór fram á það við skattstjóra að fá endurgreiddan virðisaukaskatt vegna aðkeyptar vinnu verktaka við endurbætur og breytingar á húsnæðinu. Skattstjóri hafnaði beiðni stefnanda og vísaði til þess að ekki væru fyrir hendi lagaskilyrði til endurgreiðslu. Húsnæði stefnanda væri hvorki frístundahús né húsnæði í eigu sveitarfélags þar sem stefnandi væri sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá. Stefnandi fór þá fram á að skattstjóri endurskoðaði afstöðu sína og að við endurskoðunina yrði tekið tillit til úrskurðar yfirskattanefndar nr. 319/1997, en í þeim úrskurði hefði verið litið svo á að sjálfseignarstofnun sem hefði með höndum rekstur hjúkrunarheimilis fyrir aldraða ætti rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts til opinberra aðila. Skattstjóri hafnaði þessari beiðni stefnanda á þeim

forsendum að sá kostnaður sem stefnandi óskaði eftir að fá endurgreiddan félli ekki undir ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 12. gr reglugerðar nr. 24/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

Stefnandi kærði framangreindar ákvarðanir skattstjóra til stefnda og krafðist þess að þær yrðu felldar niður og að fallist yrði á endurgreiðslu virðisaukaskattsins. Fram kom í kæru stefnanda að kröfur hans styddust við ákvæði reglugerðar nr. 440/2009, um tímabundna aukna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði auk annars húsnæðis sem væri alfarið í eigu sveitarfélaga. Stefnandi taldi að húsnæði hans hlyti að teljast íbúðarhúsnæði í skilningi reglugerðarinnar og samkvæmt skilgreiningu lögfraeðiorðabókar.

Stefndi synjaði stefnanda um endurgreiðslu og kom fram í úrskurðinum að

eins og skráningu stefnanda væri háttað í Fasteignaskrá Íslands yrði að líta svo á að hann félli hvorki undir reglugerð nr. 440/2009 né undir reglugerð nr. 449/2009, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði. Ekki væri unnt að skilgreina stefnanda sem stofnun eða félag sem væri alfarið í eigu sveitarfélags enda væri stefnandi sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá. Þessari niðurstöðu vildi stefnandi ekki una og höfðaði mál og krafðist þess aðallega að úrskurður stefnda yrði felldur úr gildi og að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.676.105 með vöxtum. Kröfur sínar studdi stefnandi þeim rökum að húsnæði hans teldist íbúðarhúsnæði í skilningi laga um virðisaukaskatt og reglugerðar um tímabundna aukna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði o.fl. Í húsnæði stefnanda væri rekið





hjúkrunar- og dvalarheimili þar sem fjöldi fólks (heimilismanna) byggi og væri með skráð lögheimili. Þá vísaði stefnandi til skilgreiningar í lögfræðiorðabók Codex þar sem íbúðarhúsnæði væri skilgreint sem „Húsnæði þar sem einhver hefur fasta búsetu og hefur sjálfstætt skráningarauðkenni í.“

Stefndi krafðist sýknu og byggði kröfu sína á því að úrskurður hans væri í samræmi við lög. Ágreiningur væri á milli aðila um það hvort að húsnæði það sem um ræðir væri íbúðarhúsnæði í skilningi ákvæðis til bráðabirgða XV við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Stefndi vísaði til þess að ákvæðið væri undantekningar-ákvæði og að slík ákvæði sæti almennt þröngri lögskýringu. Þá vísaði stefndi til þess að vistmenn stefnanda ættu ekki heimili hjá stefnanda skv. almennri málvenju heldur væru þar vistaðir samkvæmt eigin beiðni eða fyrir tilstuðlan ættingja. Stefndi vísaði til þess að þar sem ekki sé að finna í lögum um virðisaukaskatt eða í reglugerð nr. 449/1990 skilgreiningu á hugtakinu íbúðarhúsnæði hafi í skattfrámskýringu verið við það miðað að íbúðarhúsnæði sé „Húsnæði sem sé byggt samkvæmt skipulagi sem íbúðarhúsnæði, þ.e.

við byggingu ætlaða til samfelldrar notkunar á öllum tímum árs og geti gengið kaupum og sölum sem íbúðarhúsnæði og þá sé almenna reglan sú að það sé skráð sem íbúðarhúsnæði í Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.“

Í forsendum héraðsdóms Reykjavíkur er rakið að þrátt fyrir að hugtökin „íbúðarhúsnæði“, „íbúðarhús“ eða „íbúð“ komi fyrir í íslenskum lögum þá sé fátítt að hugtökin séu beinlínis skilgreind. Í lögum um húsaleigubætur segi þó að með íbúðarhúsnæði sé átt við „venjulega og fullnægjandi heimilisaðstöðu“. Þá komi fram í lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar að dvalarheimili aldraðra teljist íbúðarhúsnæði skv. lögnum. Augljóst sé aftur á móti að lögum um húsnæðismál sé ekki ætlað að taka til húsnæðis fyrir dvalar- og hjúkrunarheimili. Dómurinn taldi ekki unnt að draga einhlíta ályktun af framan- greindum lögum um það hvernig túlka bæri þau ákvæði virðisaukaskattsлага sem um væri deilt hér „enda verður að ætla að nákvæm afmörkun á því hvers konar húsnæði eigi að telja til íbúðarhúsnæðis ráðist að miklu leyti af því samhengi sem hugtakið er notað í og tilgangi viðkomandi löggjafar.“ Dómurinn taldi að við mat á því hvort

að húsnæði stefnanda gæti talist íbúðarhúsnæði í skilningi virðisaukaskattsлага og þeim reglugerðum sem um er deilt í málinu yrði að líta til notkunar húsnæðisins. Fyrir lægi að í húsnæði stefnanda væri rekið dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða sbr. 14. gr. laga um málefni aldraðra. Til að fá vistun hjá stefnanda þurfi að liggja fyrir vistunarmat og að þeir sem dvelja í húsnæði hans séu vistmenn í skilningi áðurgreindra laga um málefni aldraðra. Þá sé húsnæði stefnanda ekki skráð sem íbúðarhúsnæði hjá fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Aðstaðan sem einstakir vistmenn hafa til afnota sé þannig ekki sérgreind í fasteignaskrá. Ennfremur vísaði dómurinn til þess að ætla yrði að umrætt húsnæði stefnanda teldist ekki íbúðarhúsnæði skv. byggingareglugerð nr. 441/1998.

Að öllu framangreindu virtu komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að húsnæði stefnanda sé húsnæði fyrir þjónustustarfsemi en ekki íbúðarhúsnæði í skilningi 2. mgr. 42. gr. og ákvæðis til bráðabirgða XV með lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, þrátt fyrir að vistmenn eigi þar fasta búsetu. Stefndi var því sýknaður af kröfu stefnanda.



# Úrskurðir



## Jónína B. Jónasdóttir

er lögfræðingur að mennt. Hún hefur starfað við skattframkvæmd í aldarfjórðung. Hún sat í yfirsattanefnd í átta ár og var skrifstofustjóri hjá skattstjóranum í Reykjavík. Jónína starfar nú sem sviðsstjóri lögfræðisviðs hjá ríkisskattstjóra.

### YSKN 195/2011

#### Tap af hlutabréfum – ekki byggt á ráðstöfun í skattalegu tilliti

Í máli þessu er deilt um frádrátt sölutaps að fjárhæð 29.215.217 kr., vegna sölu kæranda á hlutabréfum í A hf. á 1 kr. á árinu 2008, frá söluhagnaði af öðrum seldum hlutabréfum, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Kom fram að kærandi hefði keypt hlutabréfin fyrir 29.215.218 kr. á árinu 2008 og að kaupverð bréffanna hefði verið að fullu greitt með láni frá Banka hf. Hinn 28. október 2008 hefði kærandi síðan gert samning við Banka hf. um sölu hlutabréffanna fyrir 1 kr., sbr. uppgjör skiptasamnings, dags. 28. október 2008, sem fylgdi bréfinu, þar sem tilgreint var tap af viðskiptunum að fjárhæð 29.215.217 kr.

Í úrskurði yfirsattanefndar segir: „Samkvæmt framansögðu og gögnum málsins að öðru leyti verður að telja hafið yfir allan vafa að hlutabréf kæranda í [A]hf. hafi verið verðlaus, eða því sem næst verðlaus, í hendi hans við umrædda ráðstöfun þeirra til [Banka] hf. í kjölfar bankahruns í október 2008, svo sem hin umdeildu einnar krónu viðskipti eru órækastur vottur um. Verður ekki annað séð en að verðlagning hlutabréffanna upp á eina krónu í viðskiptum þessum hafi einvörðungu verið ákveðin að nafninu til, enda

hafa engar haldbærar skýringar komið fram af hálfu kæranda á ákvörðun söluverðs hlutabréffanna. Samkvæmt þessu og eins og málið liggur fyrir að öðru leyti verður að fallast á með ríkisskattstjóra að hin umdeilda ráðstöfun hafi verið þess eðlis að ekki verði byggt á henni í skattalegu tilliti. Verður því að leggja til grundvallar að hinn umkrafði frádráttur feli í raun í sér afskrift hlutabréffanna þar sem hlutafé í [A] hf. taldist tapað á árinu 2008. Voru því ekki uppfyllt skilyrði til frádráttar umræddrar fjárhæðar sem sölutaps á grundvelli 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2003 í skattskilum kæranda gjaldárið 2009. Að því athuguðu og þar sem frádráttur kemur ekki til álit á öðrum grundvelli verður að hafna aðalkröfu kæranda í máli þessu“.

*Ráðstöfun hlutabréfa ekki þess eðlis að á henni verði byggt í skattalegu tilliti.*

### YSKN 266/2011

#### Lán vegna endurbóta færtil Íbúðalánasjóðs

Samkvæmt 1. mgr. B-liðar 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, á maður sem skattskyldur er samkvæmt 1. gr. laganna og ber vaxtagjöld af lánnum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánnum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Samkvæmt 2. mgr. B-liðar sömu lagagreinar eru vaxtagjöld sem mynda rétt til vaxtabóta vaxtagjöld vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára, eða vegna lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til

a.m.k. tveggja ára, enda séu lánin sannanlega til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Sama á við þegar um er að ræða lán frá Íbúðalánasjóði sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Ágreiningsefni málsins lýtur að því hvort vaxtagjöld af láni sem tekið hafði verið hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. á árinu 2005, upphaflega að fjárhæð 2.730.000 kr., og nýtt til að fjármagna endurbætur á íbúðarhúsnæði kæranda, myndaði rétt til vaxtabóta hjá honum. Fram kom að kærandi hafði keypt íbúðarhúsnæði sitt á árinu 1976. Samkvæmt fyrrgreindu ákvæði 2. másl. 2. mgr. B-liðar 68. gr. laga nr. 90/2003 mynda vaxtagjöld af lánnum vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði því aðeins rétt til vaxtabóta að um lán frá Íbúðalánasjóði hafi verið að ræða. Skilyrðum lagaákvæðisins um lánveitanda var því ekki fullnægt að því er tók til láns frá Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. Af hálfu kæranda kom fram að umrætt lán hafi færst til Íbúðalánasjóðs um áramótin 2009/2010. Af því tilefni tók yfirsattanefnd fram að ekki gæti skipt neinu máli í þessu sambandi þótt umræddu láni hafi nú verið ráðstafað til Íbúðalánasjóðs á grundvelli heimildar í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, sbr. 11. gr. laga nr. 125/2008, sbr. og reglugerð nr. 1081/2008, um heimild Íbúðalánasjóðs til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð væru með veði í íbúðarhúsnæði. Kröfu kæranda um vaxtabætur vegna vaxtagjalda af láninu var því hafnað.

*Lán vegna endurbóta þarf að hafa verið tekið hjá Íbúðalánasjóði.*

## YSKN 281/2011

### Sekt skv. lögum um olíugjald

Í máli þessu er til umfjöllunar sú ákvörðun ríkisskattstjóra að gera kæranda sekt að fjárhæð 1.250.000 kr. eftir ákvæðum 5. mgr., sbr. 6. og 8. mgr. 19. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með áorðnum breytingum, fyrir að hafa notað litaða olíu á ökutæki, sbr. skýrslu eftirlitsmanna Vegagerðarinnar um brot á reglum um olíugjald. Umrætt ökutæki er vörubifreið samkvæmt skilgreiningu reglugerðar um gerð og búnað ökutækja, sbr. reglugerð nr. 822/2004 um það efni. Ríkisskattstjóri taldi að skilyrði fyrir undanþágu frá olíugjaldi samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004, sbr. 1. gr. laga nr. 136/2005 og 1. gr. laga nr. 169/2006, um breyting á hinum fyrstnefndu lögum, væru ekki uppfyllt í tilviki kæranda þar sem umrætt ökutæki hefði ekki verið skráð hjá Umferðarstofu sem ökutæki til sérstakra nota, sbr. áskilnað þar að lútandi í 4. mgr. 4. gr. greindra laga. Óumdeilt er í málinu að slíkrar skráningar hafði ekki verið aflað vegna ökutækisins þegar eftirlitsmenn Vegagerðarinnar tóku sýni úr eldsneytisgeymum þess, en í kjölfar þess hlutaðist kærandi til um slíka skráningu. Af hálfu kæranda er byggt á því að skilyrði séu til að lækka eða fella niður hina umdeildu sekt á grundvelli lokamálsliðar 5. mgr. 19. gr. laga nr. 87/2004.

Í úrskurði yfirsattanefndar segir að ófrávikjanlegt skilyrði fyrir undanþágu frá gjaldskyldu til olíugjalds vegna ökutækja af þeim toga sem greinir í 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004 sé að umrædd ökutæki hafi verið skráð hjá Umferðarstofu sem ökutæki til sérstakra nota, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar og 3. tölul. B-liðar 1. gr. reglugerðar nr. 274/2006. Voru því lagaskilyrði til beitingar sektar samkvæmt 5. mgr. 19. gr. laga nr. 87/2004, með áorðnum breytingum, sbr. 6. og 8. mgr. sömu lagagreinar, í tilviki kæranda. Yfirsattanefnd staðfesti því ákvörðun ríkisskattstjóra.

*Niðurstaða í samræmi við framkvæmd ríkisskattstjóra á sektarákvæðum laga nr. 87/2004.*

## YSKN 287/2011

### Óheimil arðsúthlutun færð sem laun hjá eiganda

Ágreiningur máls þessa stendur um þá ákvörðun ríkisskattstjóra að færa kæranda til skattskyldra launatekna í skattframtölum árin 2007 og 2008 greiðslur frá A



ehf. að fjárhæð 9.500.000 kr. fyrra árið og að fjárhæð 10.500.000 kr. það síðara, en kærandi er eigandi alls hlutfjár í umræddu einkahlutafélagi. Byggði ríkisskattstjóri á því að um væri að ræða óheimilar úthlutanir af fjármunum einkahlutafélagsins á árunum 2006 og 2007 sem féllu undir 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og bæri því að skattleggja sem launatekjur kæranda samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. sömu laga. Af hálfu kæranda kom fram að umræddar arðsúthlutanir byggðust á ársreikningum sem gerðir hefðu verið samkvæmt fráviksaðferð þar sem fært væri endurmat veiðiheimilda félagsins.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að fjallað er um úthlutanir af fjármunum einkahlutafélaga, þ.m.t. arðsúthlutanir, í XII. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Í 73. gr. laganna segir að óheimilt sé að úthluta af fjármunum félags til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um úthlutun arðs, sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutfjár eða varasjóðs eða vegna félagslita. Í 1. mgr. 74. gr. laganna er m.a. mælt svo fyrir að einungis sé heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félags-samþykktum skuli lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Má ekki ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir, sbr. þó 2. mgr. sömu greinar.

Í málinu lá fyrir að engin arðsúthlutun hafði verið heimil í tilviki A ehf. á árunum 2006 og 2007 og var það raunar óumdeilt í málinu, enda bar kærandi fyrir sig að arðgreiðslur á þessum árum hafi byggst á öðrum reikningsskilum en þeim sem lágu til grundvallar skattframtölum félagsins.

Fram kom hjá yfirsattanefnd að svo fremi sem umræddir ársreikningar teldust bera með sér endurmat fastafjármuna í skilningi 1. mgr. 31. gr. laga nr. 3/2006, svo sem byggt var á af hálfu kæranda, yrði ekki fallist á að endurmat á þeim grundvelli gæti breytt neinu um mögulega arðgreiðslu, enda ber að færa matsbreytingar samkvæmt greindu lagaákvæði á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár, sbr. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 3/2006, sem því telst ekki til óráðstafaðs eigin fjár. Samkvæmt því og að virtum lagaskilyrðum fyrir úthlutun arðs samkvæmt XII. kafla laga nr. 138/1994 þótti ljóst að umræddar úttektir kæranda á árunum 2006 og 2007 að fjárhæð 9.500.000 kr. fyrra árið og 10.500.000 kr. síðara árið gætu ekki að neinu leyti talist lögmæt úthlutun af fjármunum félagsins, sbr. 73. gr. laga nr. 138/1994. Var því talið að um hafi verið að ræða slíka afhendingu verðmæta sem um ræðir í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, og sem telja bar kæranda til tekna sem laun samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna. Með vísan til þessa var kröfu kæranda hafnað.

*Arðsúthlutun varð ekki byggð á endurmetnum veiðiheimildum.*



Lokaorðið

## Gerður Ólafsdóttir

skráasviði ríkisskattstjóra

# Að borga skatta

eða borga ekki

# skatta

Ég hef oft hugsað um það af hverju þessi neikvæðni sé í þjóðfélaginu okkar þegar talið berst að því að borga skatta.

Ríkið er eins og stór fjölskylda þar sem þarf að huga að ungum sem öldnum. Fæða, klæða, mennta, sinna afa og ömmu, veika frænda og koma mömmu og pabba á milli heimilis og vinnu. Heimili þarf að afla tekna, sem er nú eins gott því allt kostar sitt. Það væri nú ljótt ef vinnuveitandinn myndi svindla á fyrirvinnunum og „taka bara smá af.“ Það myndi þýða að þau þyrftu að vinna meira og meira til að ná endum saman. Ekki satt?

En hvað með ríki og sveitarfélög? Hvaða þjónustu viljum við fá frá þeim? Öll viljum við njóta þeirrar þjónustu sem hvert þjóðfélag þarf, það er að segja góðrar heilbrigðisþjónustu, menntunar, löggæslu

og samgangna, en allt kostar þetta. Eins og allir ættu að vita, það er, þeir sem eru komnir til vits og ára (en stundum er eins og að margir viti það ekki) þá afla ríki og sveitarfélög tekna í gegnum skatta. Og þar sem við sem borgarar erum launagreiðendur ríkisins þá má segja að það sé heldur ekki sanngjarnt að „taka bara smá af.“

Ég hef alltaf sagt við fólk að ég borga mína skatta með glöðu geði því ég vil að börnin mín og önnur börn geti menntað sig án þess að foreldrarnir fari á hausinn, eða ég tala nú ekki um það ef einhver veikist. Eins vil ég hafa leikhús, söfn og óperu því að þó ég sé ekki mjög menningarleg þá vil ég samt geta farið t.d. í leikhús, detti mér það í hug.

Auðvitað má alltaf rífast um hvort peningunum sé skipt í réttu hlutfalli á milli



málefna, hvort ekki mætti setja meira í löggæslu eða heilbrigðiskerfi eða hvort hluta af þeim sé eytt í einhverja vitleysu. Hvernig getur maður fengið fólk (þjóðfélagið) til að hugsa jákvætt um skattgreiðslur? Þurfum við ekki að byrja á unga fólkinu? Það vita allir að það er erfitt að kenna gömlum hundi að sitja. Þarf ekki að kenna þetta í skólum með markvissum hætti? Byrja bara nógu snemma? Ég spyr mig. Er kennt í skólum hvað opinbert kerfi er og hvað það gerir? Ef það er gert þá er kennslan kannski ekki nógu markviss. Kenna þarf ungdomnum hvað gerir okkur að þjóðfélagi, hvað



opinber þjónusta/kerfi snúist um og í hvað skattarnir sem við borgum séu notaðir.

Hvernig yrði nú þjóðfélagið ef engir skattar væru? Jú, ég fengi meira í budduna en í staðinn yrði ég að greiða fyrir allt sem ég geri. Í landinu yrðum við samt sem áður að reka skóla, sjúkrahús, leggja vegi og reka einhverskonar löggæslu.

Ég tek nokkur dæmi:

Byrjum á skólanum sem er mér mjög hugleikinn. Ég vil að allir hafi sama aðgang að menntun fyrir börnin sín, sama hver staða viðkomandi er í þjóðfélaginu. Ef ekki væru skattar myndi það þýða að allir skóla væru

einkareknir og hver einstaklingur borgaði fyrir menntun barna sinna. Þannig myndu börn efnaminni foreldra hafa minni tækifæri til menntunar en hinna efnameiri. Heilbrigðisstofnanirnar. Þær yrðu einkareknar. Sjálfsagt yrðu heilsugæsla og sjúkrahúsin flott en hvað myndi það kosta að fara til læknis? Það yrði dýrt og þar af leiðandi ekki á allra færi.

Til að halda vegum landsins í lagi þá yrðu vegatollar út um allt og á endanum yrði það bara mest eknu vegirnir sem myndu standa undir sér. Löggæslan yrði bara fyrir þá sem hefðu efni á að borga, hinir yrðu að verja sig sjálfir.

En hvað yrði þá um atvinnulausa, veika, barnmargar fjölskyldur og þá sem ekki geta séð um sig sjálfir? Humm...

Ég veit það ekki.

Nú má ekki halda að ég sé á móti einkavæðingu því það er ég alls ekki. Ég held að það sé best að hafa bæði einkarekið og ríkisrekið í bland, það styrki hvort annað.

Þess vegna finnst mér gott að búa í landi þar sem við erum sem ein stór fjölskylda. Leggjum okkar af mörkum og greiðum það sem þarf til að allir geti lifað sómasamlegu lífi.



# Upplýsingatafla RSK

## Staðgreiðsla opinberra gjalda 2011

### Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er nú reiknuð í þremur þrepum.

Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 209.400 kr. .... 37,31%
- Af næstu 471.150 kr. .... 40,21%
- Af fjárhæð umfram 680.550 kr. .... 46,21%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 44.205 kr.

### Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir.

- 37,31% ..... af fyrstu 48.190\* kr.
- 40,21% ..... af 48.191-156.619\*\* kr.
- 46,21% ..... af launum umfram 156.619 kr.

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

\* 2.512.800/365 \* 7 = 48.190. \*\* 8.166.600/365 \* 7 = 156.619.

### Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2011 ..... 20%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 100.745 kr. .... 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2011 ..... 1.421.780 kr.

## Persónuafsláttur 2011

- Einn mánuður ..... 44.205 kr.
- Hálfur mánuður ..... 22.102 kr.
- 14 dagar ..... 20.346 kr.
- Ein vika ..... 10.173 kr.
- Sjómannaafsláttur á dag ..... 740 kr.

## Tryggingagjald

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald ..... 8,65%
- Sérstakt viðbótargjald v/sjómanna ..... 0,65%

## Virðisaukaskattur

- Almenn skattþrep ..... 25,5%
- Sérstakt skattþrep ..... 7,0%

## Hámark barnabóta 2011

- Hjón/sambúðarfólk
  - með fyrsta barni ..... 152.331 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 181.323 kr.
  - ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 61.191 kr.
- Einstæðir foreldrar
  - með fyrsta barni ..... 253.716 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 260.262 kr.
  - ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára ..... 61.191 kr.

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

## Vaxtabætur 2011

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Bæturnar eru bæði tekjutengdar og eignatengdar. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi ..... 400.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri ..... 500.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki ..... 600.000 kr.

Reglur varðandi útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

## Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2011

Gildir frá 1. 10. 2011

- Almenn gjald, af fyrstu 10 þ. km, pr. km: ..... 111,00 kr.

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag skal reikna 15% álag á almennt gjald.

Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

## Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 4/2011

Gildir frá 1. 10. 2011

- Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring ..... 20.800 kr.
- Fyrir gistingu í eina nótt ..... 11.100 kr.
- Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag ..... 9.700 kr.
- Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag ..... 4.850 kr.

## Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009

Gildir frá 1. 3. 2009

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	187	125	120	80
■ Flokkur 2	SDR	159	106	102	67
■ Flokkur 3	SDR	141	94	90	60
■ Flokkur 4	SDR	125	83	80	54

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI